



AÐALSKIPULAG BORGARBYGGÐAR 2025-2037

Forsendur og umhverfismatsskýrsla



BORGARBYGGÐ



Skipulagsráðgjöf: EFLA ehf.

Verkefnisstjóri: Hrafnhildur Brynjólfsson

Aðrir ráðgjafar hjá EFLU: Ingibjörg Björt Sól Sveinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Ásgeir Jónsson

Kortagerð: Ingibjörg Björt Sól Sveinsdóttir, Sigmar Metúsalemsson, Guðrún Anna Lúðvíksdóttir

Ljósmyndir: Borgarbyggð

Skjalnúmer Efla: 102399-01-GRG-002-V05

Dags: 06.06.2025

Breytt eftir auglýsingu: 08.12.2025



BORGARBYGGÐ

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	TILEFNI ENDURSKOÐUNAR	5
1.2	HLUTVERK AÐALSKIPULAGS.....	6
2	UPPBYGGING SKIPULAGSGAGNA	6
3	HELSTU BREYTINGAR FRÁ ELÐRA SKIPULAGI	7
4	BYGGÐ OG SAMFÉLAG	8
4.1	BREYTINGAR Á ÍBÚAFJÖLDA OG MANNFJÖLDASPÁ.....	8
4.2	FRÍSTUNDAÞYGGÐ	11
4.3	SAMFÉLAG	12
4.4	LÝÐHEILSA, ÍÞRÓTTIR OG ÚTIVIST	13
5	ATVINNULÍF	13
5.1	IÐNAÐUR, ATHAFNASTARFSEMI OG ORKUVINNSLA	13
5.2	VERSLUN OG ÞJÓNUSTA	16
5.3	LANDBÚNAÐARSVÆÐI.....	17
5.4	SKÓGRÆKTAR OG LANDGRÆDSLUSVÆÐI	18
5.5	SÉRSTÖK NOT HAF OG VATNSSVÆÐA	18
6	GRUNNKERFI	18
6.1	VEGIR	18
6.2	HAFNIR	20
6.3	FLUGVELLIR	20
6.4	VEITUR.....	20
7	UMHVERFI	21
7.1	LANDSLAGSEINKENNI.....	21
7.2	LÍFRÍKI	21
7.3	JARÐMYNDANIR	22
7.4	NÁTTÚRUVERNÐ	23
7.5	HVERFISVERNÐ	25
7.6	MINJAVERNÐ OG MINJASKRÁNING	25
7.7	VATN, ÁR OG SJÓR	25
7.8	JARÐEFNI	25
7.9	ÚRGANGUR.....	26
7.10	ÓBYGGÐ SVÆÐI.....	26
7.11	LOFTSLAG	27
7.12	NÁTTÚRUVÁ.....	28
8	MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGSINS	34
8.1	NÁLGUN VIÐ UMHVERFISMAT	34
8.2	TENGLI VIÐ ÁÆTLANIR.....	34
8.3	UMHVERFISÞÆTTIR OG MATSSPURNINGAR.....	37
8.4	VIÐFANGSEFNI UMHVERFISMATS	40
9	SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR	68
9.1	FORSENDUR	68



9.2	NÁLGUN OG TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	69
9.3	NIÐURSTAÐA MATSVINNU	69

MYNDIR

MYND 1.	FJÖLDI ÍBÚA Á ÁRUNUM 2010-2024 OG SPÁ UM FJÖLGUN ÍBÚA Á SKIPULAGSTÍMANUM.....	8
MYND 2.	FJÖLDI ÍBÚA Í ÞÉTTBÝLI OG DREIFBÝLI ÁRIN 2010-2024.ÍBÚÐAÞÖRF OG FRAMBOÐ	9
MYND 3.	HUGMYNDAFRÆÐI UM 20 MÍNÚTNA BÆINN.....	11
MYND 4.	FJÖLDI ÍBÚA Á HVERJU ALDURSBILI Í ÖLLU SVEITARFÉLAGINU 1. JANÚAR 2023.	12
MYND 5.	ÁHRIFAPÆTTIR HEILBRIGÐIS OG VELLÍÐUNAR.....	13
MYND 6.	TAKMARKANIR Á NÝTINGU LANDS FYRIR RAFORKUFRAMLEIÐSLU MEÐ VINDMYLLUM.	15
MYND 7.	GRÆN SVÆÐI ERU MEÐ TAKMÖRKUNUM Á RAFORKUFRAMLEIÐSLU MEÐ VINDMYLLUM.....	16
MYND 8.	FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS Í FJÓRA FLOKKA. STÆRRI MYND ER Í SKÝRSLU UM FLOKKUN LANDBÚNAÐARLANDS.	17
MYND 9.	HELSTU VEGIR Í BORGARBYGGÐ OG VEGFLOKKAR SKV. VEGAGERÐINNI.....	19
MYND 10.	VISTGERÐIR	22
MYND 11.	JARÐMYNDANIR.....	23
MYND 12.	NÁTTÚRUVERNÐARSVÆÐI Í BORGARBYGGÐ.....	24
MYND 13.	AFMÖRKUN VÍÐERNA.....	27
MYND 14.	RÍKJANDI VINDÁTTIR Í BORGARBYGGÐ	28
MYND 15.	MISGENGI OG SPRUNGUR Í BORGARBYGGÐ	29
MYND 16.	DÆMI UM HÆTTUMAT VEGNA VATNSFLÓÐA Í HVÍTÁ Í BORGARFIRÐI.....	30
MYND 17.	BORGARBYGGÐ, NIÐURSTÖÐUR MATS Á ENDURKOMUHÆÐ HUNDRAD ÁRA SJÁVARFLÓÐS	31
MYND 18.	BORGARFJÖRÐUR, NIÐURSTÖÐUR MATS Á ENDURKOMUHÆÐ HUNDRAD ÁRA SJÁVARFLÓÐS.....	32
MYND 19.	HVANNEYRI OG BORGARNES, NIÐURSTÖÐUR MATS Á ENDURKOMUHÆÐ HUNDRAD ÁRA SJÁVARFLÓÐS.	32
MYND 20.	VIÐMIÐUNARREGLUR VEGAGERÐARINNAR FYRIR LÁGMARKS LAND- OG GÓLFHÆÐ Á LÁGSVÆÐUM, DAGS 2025-02-10.....	33
MYND 21.	RAUÐ LÍNA ER AFMÖRKUN ÍBÚÐARBYGGÐAR VESTAN BORGARVOGAR	46
MYND 22.	GUL LÍNA SÝNIR ÞANN KAFLA Á UXAHRYGGJAVEGI SEM VERÐUR ENDURBÆTTUR OG BREYTT	53
MYND 23.	ÍB15 ÁNASTAÐIR.....	60

TÖFLUR

TAFLA 1.	FJÖLDI ÍBÚA 1. JANÚAR 2024. ÁÆTLUÐ FJÖLGUN ÍBÚA M.V. DRÖG AÐ HÚSNÆÐISÁÆTLUN 2024 OG ÞÖRF FYRIR NÝJAR ÍBÚÐIR.....	9
TAFLA 2.	ÁÆTLAÐUR FJÖLDI NÝRRA ÍBÚÐA SEM VERÐUR TILBÚINN TIL ÚTHLUTUNAR Á HVERJU ÁRI.....	9
TAFLA 3.	ÁÆTLANIR SEM EINKUM ER TEKID MIÐ AF	35
TAFLA 4.	UMHVERFISÞÆTTIR, HELSTU MATSSPURNINGAR OG VIÐMIÐ.	38
TAFLA 5.	MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGS UM LOFTSLAGSMÁL.	41
TAFLA 6.	NIÐURSTAÐA MATS Á UMHVERFISÁHRIFUM FYRIR ÍBÚÐARBYGGÐ VESTAN BORGARVOGAR.....	47
TAFLA 7.	MAT Á HEILDARÁHRIFUM STEFNU AÐALSKIPULAGSINS Á UMHVERFISÞÆTTI.	69
TAFLA 8.	SAMANTEKT Á UMHVERFISÁHRIFUM ÞEIRRAR STEFNU AÐALSKIPULAGS SEM ER TEKIN TIL MATS.	70



1 INNGANGUR

Aðalskipulag Borgarbyggðar 2010-2022 tók gildi með staðfestingu umhverfisráðherra í júní 2011, eftir að hafa verið samþykkt í sveitarstjórn Borgarbyggðar þann 9. desember 2010. Frá því að aðalskipulagið var staðfest hafa ýmsar forsendur breyst og nýjar áskoranir komið fram. Gerðar hafa verið þó nokkrar breytingar á aðalskipulaginu sem þarf að fella inn í nýtt heildstætt aðalskipulag. Það var því kominn tími á endurskoðun aðalskipulagsins í heild sinni og er nú komið að kynningu vinnslutillögu. Í þessu fylgiriti tillögunnar er að finna helstu forsendur fyrir stefnumörkun endurskoðunar aðalskipulagsins og mat á líklegum umhverfisáhrifum stefnunnar skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Endurskoðun aðalskipulags er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010 og skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Aðalskipulagið nær til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Skipulagsmörk miða við sveitarfélagamörk á landi og 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð á sjó í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum og jarðalögum. Skipulagssvæði á landi er tæplega 5.000 km².

1.1 Tilefni endurskoðunar

Nokkrar breytingar hafa orðið á forsendum aðalskipulagsins, bæði innan sveitarfélagsins og í ytra umhverfi. Breytingar hafa verið gerðar á lögum og reglugerðum frá því gildandi skipulag var samþykkt og til hafa komið ný stefnumið og áætlanir, bæði á landsvísu og svæðisvísu. Þá hefur framtíðarsýn sveitarfélagsins breyst í takt við nýja tíma og þróun samfélagsins, ásamt breytingum á þörfum íbúa og hagsmunnaaðila sem speglast m.a. í þeim fjölda breytinga sem hafa verið gerðar á gildandi aðalskipulagi. Þá blasa við áskoranir í orkumálum og vegna [loftslagsbreytinga](#).

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru nokkrar breytingar á efnistöku og framsetningu til samræmis við nýja laga-umgjörð og reglugerð. Um það leyti sem eldra skipulag tók gildi voru samþykkt ný skipulagslög nr.123/2010 og í kjölfarið gefin út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Einnig eru komin ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Frá því að eldra aðalskipulag tók gildi hafa verið gerðar á því þó nokkrar breytingar. Efni breytinganna er fjölbreytt og snúa þær að verslunar- og þjónustusvæðum, íbúðar- og frístundabygð, þjónustustofnunum, nýju sorpförgunar-svæði, stefnu fyrir landbúnaðarland og breytingu á legu Vesturlandsvegur um Borgarnes.

Endurskoðað aðalskipulag lítur til nýrra stefnuskjala og áætlana stjórnvalda, bæði á landsvísu og svæðisvísu og má þar m.a. nefna [Landsskipulagsstefnu 2024-2038](#), [heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#) um sjálfbæra þróun, [Sóknar-áætlun Vesturlands](#) og þátttöku Borgarbyggðar í verkefninu heilsueflandi samfélag.

Tilgangurinn með endurskoðun aðalskipulagsins er að laga skipulagið að breyttum forsendum, lögum, reglugerðum, áætlunum og stefnumörkun stjórnvalda svo hægt verði að takast á við þær áskoranir sem fyrir liggja. Með því að marka skýra og raunhæfa stefnu sveitarstjórnar skapast vettvangur samvinnu og sáttar við íbúa og hagsmunaaðila gagnvart:

- Samfélagi
- Umhverfi, náttúru og landslagi
- Atvinnuþróun og þjónustu
- Félags- og velferðarmálum
- Menningu
- Útivist



1.2 Hlutverk aðalskipulags

Aðalskipulag er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu og skal stefnan unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

Aðalskipulagi er skv. skipulagsreglugerð ætlað að stuðla að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna, miðla málum milli ólíkra hagsmuna íbúa og stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum. Aðalskipulag skal marka stefnu til a.m.k. 12 ára.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar en skipulagið skal unnið í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Skipulagsnefnd vinnur að endurskoðun aðalskipulagsins í samvinnu við Drífu Gústafsdóttur skipulagsfulltrúa. EFLA er ráðgjafi við endurskoðunina.

2 UPPBYGGING SKIPULAGSGAGNA

Í köflunum hér á eftir er farið yfir áherslur sveitarfélagsins fyrir viðfangsefnin byggð, samfélag, atvinnulíf, grunnkerfi og umhverfi. Í töflunni má sjá tengsl milli viðfangsefna í skipulagi og landnotkunarflokka í skipulagsreglugerð.

VIÐFANGSEFNI	LANDNOTKUNARFLOKKAR SKIPULAGSREGLUGERÐAR
Byggð og samfélag <ul style="list-style-type: none">• Byggð• Samfélagsþjónusta• Íþróttir, útivist og lýðheilsa.• Sumarhús	Íbúðarbyggð ÍB Samfélagsþjónusta S Kirkjugarðar og grafreitir K Opin svæði OP Íþróttasvæði ÍP Frístundabyggð F
Atvinnulíf <ul style="list-style-type: none">• Iðnaður• Verslun og þjónusta• Landbúnaður	Iðnaðarsvæði I Athafnasvæði AT Verslunar- og þjónustusvæði VP Afþreyingar- og ferðamannasvæði AF Landbúnaðarsvæði L Skógræktar- og landgræðslusvæði SL Sérstök not haf- og vatnssvæða SN
Grunnkerfi samgöngur <ul style="list-style-type: none">• Gatnakerfi• Vegir í náttúru Íslands• Gönguleiðir, reiðleiðir, hjólastígar• Flugvellir• Almenningsamgöngur• Hafnir• Vítar Grunnkerfi veitur <ul style="list-style-type: none">• Vatnsveita, hitaveita, fráveita• Fjarskipti	Vegir, götur og stígar VE Hafnarsvæði H Flugvöllur FV Veitur VH Vatnsvernd VB, VG, VF
Umhverfi <ul style="list-style-type: none">• Loftslag• Náttúruvá• Landslag og náttúrufar• Vernd• Strönd, vötn, ár og sjór• Jarðefni• Úrgangur• Óbyggð svæði	Náttúruvá NV Friðlýst svæði FS Önnur náttúruvernd ÖN Hverfisvernd HV Minjavernd MV Vötn, ár og sjór V Strandsvæði ST Efnistöku- og efnislosunarsvæði E Óbyggð svæði ÓB

3 HELSTU BREYTINGAR FRÁ ELÐRA SKIPULAGI

Hér er gefið yfirlit yfir helstu breytingar sem gerðar eru í endurskoðuðu aðalskipulagi, frá stefnu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022.

- Mörkuð er stefna um loftslagsmál, bæði að dregið verði úr losun kolefnis og binding eflað, auk þess sem stuðlað er að orkuskiptum í samgöngum.
- Landbúnaðarland er flokkað og sett ákvæði til að besta ræktunarlandið verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu.
- Svæði á hálendinu, þar sem tekið hefur verið efni til viðhalds vega, eru skilgreind sem efnistökusvæði.
- Hverfisverndarsvæðum er fækkað og þau minnkuð, einkum þau svæði sem njóta annarrar verndar skv. lögum.
- Skógræktarsvæði eru afmörkuð ásamt svæðum sem eru samningsbundin til skógræktar og landgræðslu.
- Nýtt svæði fyrir íbúðarbyggð vestan Borgarvogar í Borgarnesi og golfvöllurinn stækkaður. Þéttbýlismörkum er breytt til samræmis.
- Legu austasta hluta Uxahryggjavegar er breytt til samræmis við hannaða veglínu frá Vegagerðinni og sett inn ný efnistökusvæði.
- Ný verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.
- Stefna um íbúðabyggð í dreifbýli.
- Fjölgun svæða fyrir frístundabyggð.
- Afréttir og land ofan heimalanda er skilgreint sem óbyggð svæði en var landbúnaðarsvæði.
- Gerð var tillaga að nýrri virkjun í Geitá og annarri í Hvítá í vinnslutillögu en eftir kynningu hennar var ákveðið að fella þær út úr tillögunni, þar sem fyrirkomulag virkjanamannvirkja hefur aðeins verið skoðað lauslega. Farið er yfir þetta í viðeigandi kafla um viðfangsefni umhverfismats.

Í einhverjum tilfellum eru breytingar á efnistöku og framsetningu stefnu og landnotkunar til samræmis við ný skipulagslög og skipulagsreglugerð sem hefur tekið breytingum frá fyrra aðalskipulagi. Þannig hefur t.a.m. landnotkun breyst vegna nýrra landnotkunarflokka í skipulagsreglugerð þó ekki sé um að ræða stefnubreytingu.

Eftirfarandi eru dæmi um breytingar sem hafa verið gerðar á landnotkun í samræmi við ný lög og reglugerðir og/eða fela í sér óverulega breytingu á stefnu um þessi svæði. Að hluta til er verið að færa svæði á milli landnotkunarflokka m.v. ný lög og reglugerðir en stefna um svæðin er áfram sambærileg.

Afbreytingar- og ferðamannasvæði eru afmörkuð á uppdrætti og ná einkum yfir fjallaskála, áningarstaði ferðamanna og tjaldsvæði. Í gildandi skipulagi voru þessir staðir ýmist opin svæði eða á landbúnaðarsvæði.

Íþróttasvæði. Þarna undir falla golfvellir, íþróttasvæði og hesthúsasvæði sem áður voru í landnotkunarflokknum opin svæði.

Strandsvæði eru svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum.

Sérstök not haf- og vatnasvæða eru svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum. Undir þessa landnotkun fellur siglingaleiðin að höfninni í Borgarnesi.

Blönduð landnotkun. Svæði sem voru með blandaðri landnotkun í eldra aðalskipulagi eru nú skilgreind með ríkjandi landnotkun svæðisins og greint frá skilmálum vegna annarrar landnotkunar ef við á.

Kirkjugarðar og grafreitir, voru áður opið svæði en eru nú ýmist sér landnotkunarflokkur eða með kirkjum sem hluti af samfélagsþjónustu.



4 BYGGÐ OG SAMFÉLAG

Við endurskoðun aðalskipulagsins er við stefnumótun fyrir íbúðarbyggð tekið mið af íbúaspá og áherslum sem settar eru fram í drögum að Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2024¹.

Íbúum hefur fjölgað mest í Borgarnesi og lögð er áhersla á að Borgarnes er og verður áfram aðal þéttbýliskjarni sveitarfélagsins. Nýir byggðakjarnar hafa orðið til eða stækkað á gildistíma eldra skipulags. Þetta á t.d. við um Varmaland og Húsafell. Haft er í huga hvernig þéttbýlisstaðir geta þróast m.t.t. sjálfbærni byggðar og aðgengi að opnum svæðum. Horft er til þess hvernig má fella nýja byggð að þeirri sem fyrir er m.t.t. þess að styrkja bæjarbrag og þá starfsemi og samfélag sem fyrir er. Í Húsnæðisáætlun 2024 er áhersla á minni og meðalstórar íbúðir, m.a. vegna uppbyggingar í ferðapjónustu og þörf fyrir starfsmannaíbúðir. Einnig að í dreifbýli sé á hverjum tíma nægt framboð af áhugaverðum búsetukostum þar sem reynt verður að koma til móts við óskir samfélagsins á hverjum tíma.


4.1 Breytingar á íbúafjölda og mannfjöldaspá

Íbúar í Borgarbyggð voru 4.090 í ársbyrjun 2023 og hafði íbúum fjölgað um rúmlega 500 frá árinu 2010 þegar þeir voru 3542. Í ársbyrjun 2024 voru íbúar 4100. Íbúum í sveitarfélaginu fækkaði lítillega eftir 2010 en fór að fjölga aftur árið 2013.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur sett fram drög að Húsnæðisáætlun 2024 sem Húsnæðis og mannvirkjastofnun vann. Í henni eru settar fram forsendur fyrir mannfjöldaspá, áætlun um íbúðapörf og markmið sveitarfélagsins um byggingu íbúða og fleiri upplýsingar um þjónustu, innviði, lóðir og skipulag. Sett er fram spá til ársins 2033 og í aðalskipulaginu er spáin framreiknuð til loka skipulagstímans árið 2037.

Við gerð aðalskipulags er tekið mið af íbúaspá þegar sett eru ákvæði fyrir íbúðabyggð og metin þörf fyrir uppbyggingu grunnþjónustu á skipulagstímanum. Fjölgun íbúa síðustu ár og spá um íbúafjölgun er sett fram á mynd 1. Íbúar 1. janúar 2024 voru færri heldur en gert er ráð fyrir í húsnæðisáætlun 2024. Eftir árið 2033 er íbúaspá á mynd 1 framreiknuð miðað við að fjölgun íbúa á hverju ári verði sú sama og milli árana 2032-33.

Nái áætlun um fjölgun íbúa fram að ganga verður íbúafjöldi árið 2037, við lok skipulagstímans, 4715 m.v. lágspá, 5145 m.v. miðspá og 6095 m.v. háspá.




MYND 1. Fjöldi íbúa á árunum 2010-2024² og spá um fjölgun íbúa á skipulagstímanum m.v. drög að Húsnæðisáætlun 2024.

¹ Borgarbyggð hefur sett fram drög að Húsnæðisáætlun 2024, sem horft er til í endurskoðuðu aðalskipulagi.

² Hagstofa Íslands, mannfjöldi í Borgarbyggð.

Á mynd 2 má sjá hvernig íbúapróun hefur verið undanfarin ár í þéttbýli og dreifbýli. Fjölgun íbúa hefur verið nokkuð stöðug í Borgarnesi frá árinu 2013, en fjöldi íbúa í dreifbýli hefur rokkað upp og niður.



MYND 2. Fjöldi íbúa í þéttbýli og dreifbýli árin 2010-2024. Íbúðapörf og framboð

Við endurskoðun aðalskipulagsins er tekið mið af íbúaspá til að meta þörf fyrir íbúðarhúsnæði og uppbyggingu grunnþjónustu á skipulagstímanum. Sama og ekkert íbúðarhúsnæði er laust í dag. Gangi spá Húsnæðisáætlunar 2024 eftir er þörf á 197-847 nýjum íbúðum á skipulagstímanum (tafla 1). Uppsöfnuð þörf fyrir íbúðir er heldur meiri, eða 232 skv. lágspá, 506 skv. miðspá og 1094 skv. háspá.

TAFLA 1. Fjöldi íbúa 1. janúar 2024. Áætluð fjölgun íbúa m.v. drög að Húsnæðisáætlun 2024 og þörf fyrir nýjar íbúðir til ársins 2037, m.v. 2,1 íbúa í hverri íbúð.

ÁR	Lágspá		Miðspá		Háspá	
	Íbúðir	Íbúðir	Íbúðir	Íbúðir	Íbúðir	Íbúðir
2024	4100		4100		4100	
2037	4715	+197	5144	+338	6095	+847

TAFLA 2. Áætlaður fjöldi nýrra íbúða sem verður tilbúinn til úthlutunar á hverju ári m.v. drög að Húsnæðisáætlun 2024.

STAÐA	2024	2025	2026	2027	2028	2029	2030	2031	2032	2033	ALLS
Íbúðir til úthlutunar	8	23	51	60	85	282	300	278	270	252	1609

Ef skoðuð er þörf fyrir nýjar íbúðir í töflu 1 og áætlaður fjöldi nýrra íbúða sem verður tilbúinn til úthlutunar í töflu 2 þá sést að tæplega tvöfalt fleiri íbúðir verða til úthlutunar en þörf er fyrir m.v. háspá í drögum að Húsnæðisáætlun 2024.

Í gildandi skipulagi er gert ráð fyrir nokkrum svæðum fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli. Í Reykholti er svæði fyrir um 100 íbúðir. Á Hvanneyri er tekið frá svæði fyrir framtíðar byggingarland, þar má koma fyrir ríflega 200 íbúðum. Á Bifröst er afmörkuð íbúðarbyggð fyrir um 200 íbúðir. Í Borgarnesi er svæði fyrir um 550 íbúðir. Auk þess er íbúðarbyggð í byggðakjörnum á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Í dreifbýli eru nokkur minni svæði fyrir íbúðarbyggð og má reikna með að á þeim sé rými fyrir um 150 íbúðir. Alls má reikna með að gildandi skipulag heimili um 1300 nýjar



íbúðir. Þannig að svæði fyrir íbúðarbyggð skv. aðalskipulagi 2010-2022 gera meira en að anna áætlaðri þörf fyrir nýjar íbúðir á gildistíma endurskoðaðs aðalskipulags, eða til ársins 2037. Miðað við þetta er ekki þörf fyrir ný svæði fyrir íbúðarbyggð á skipulagstíma endurskoðaðs aðalskipulags.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er leitast við að tryggja að nægt framboð sé af svæðum til uppbyggingar fyrir fjölbreyttar gerðir íbúðarhúsnæðis og íbúða í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins og í dreifbýli. Aðalskipulagstíllagan gerir ráð fyrir að mesta fjölgun íbúa verði í Borgarnesi en hægari fjölgun verði í öðrum þéttbýliskjörnum og í dreifbýli. Í dreifbýli er gert ráð fyrir nýjum íbúðum í þegar skilgreindri íbúðarbyggð ásamt möguleika á stökum íbúðarhúsum á bújörðum, með eða án tengsla við búskap.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er þéttbýlið í Borgarnesi stækkað vestur fyrir Borgarvog. Þar er tekið frá 79 ha svæði fyrir íbúðarbyggð, skóla- og íþróttamannvirki og hverfisverslun. Reikna má með 2765-3160 íbúðum miðað við að fjöldi íbúða á ha sé á bilinu 35-40. Auk þess er heimiluð þétting íbúðarbyggðar í Borgarnesi og að byggt verði á auðum lóðum/svæðum. Má með því koma fyrir 5-7 íbúðum. Stefna í endurskoðuðu aðalskipulagi heimilar að vera með íbúðir á efri hæð bygginga á miðsvæði. Miðsvæði er stækkað og má ætla að þar geti verið á bilinu 2-300 íbúðir.

Helstu ástæður þess að sveitarfélagið velur að þróa íbúðarbyggð í Borgarnesi vestur fyrir Borgarvog:

- Þetta er land sem er vel tengt samgöngulega.
- Er við ströndina eins og Borgarnes er í dag.
- Til norðurs er verið að þróa atvinnusvæði og íþróttasvæði, auk þess sem hringvegur og Snæfellsnesvegur liggur þar um.
- Færa á Snæfellsnesveg frá svæðinu við Borgarvog sem gefur tækifæri til þess að á þessu svæði séu innanbæjar-götur.
- Landssvæðið er um margt líkt þeim íbúðarsvæðum sem eru fyrir í Borgarnesi, klapparholt með lægðum á milli.
- Góð tenging fyrirhuguð með göngubrú yfir voginn að núverandi byggð.
- Tilraun til að halda íbúðabyggðinni í hnapp með göngutengingu um voginn frekar en að lengja hana til norðurs.
- Borgarnes er langur bær og fjarlægðir miklar. Ekki er talinn góður kostur að lengja bæinn með íbúðabyggð enn meira til norðurs.
- Þarna eru góðir möguleikar á stækkun seinna meir.
- Landið er í eigu sveitarfélagsins.

Endurskoðað aðalskipulag heimilar samtals á bilinu 4070-4770 nýjar íbúðir í íbúðarbyggð og á miðsvæðum. Auk þess er heimilt að byggja upp á landbúnaðarsvæðum í dreifbýli. Þessi fjöldi nýrra íbúða er talsvert mikið umfram áætlaða þörf á skipulagstímanum m.v. drög að Húsnæðisáætlun 2024 (tafla 1). Því er sett stefna um forgangsröðun á uppbyggingu íbúðarbyggðar í endurskoðuðu aðalskipulagi.



Fyrir íbúðarbyggð í þéttbýli er eftir því sem hægt er horft til hugmyndafræði um 20 mínútna bæinn. Þ.e. að á 20 mínútum sé hægt að ganga frá heimili til vinnu, í skóla, sækja þjónustu eða stunda útivist og vera á grænu svæði eða leiksvæði.



MYND 3. Hugmyndafræði um 20 mínútna bæinn.

4.2 Frístundabyggð

Við gildistöku eldra aðalskipulags árið 2010 voru sumarhús 1394. Árið 2024 eru þau 1514³. Stefna um frístundabyggð er yfirfarin, bæði hvað varðar heimildir og afmörkun stærri frístundabyggðar í ljósi þróunar, eftirspurnar og mögulegra áhrifa á landslag og verðmæta náttúru.

Þegar aðalskipulag Borgarbyggðar tók gildi árið 2011 voru 146 frístundasvæði í sveitarfélaginu og mörg þeirra óbyggð. Miðað var við að á nýjum svæðum ættu lóðir ekki að vera minni en 3.300 m² en enginn hámarksfjöldi skilgreindur fyrir fjölda húsa eða lóða á hverju svæði. Frá því að aðalskipulagið tók gildi hafa verið gerðar nokkrar breytingar á aðalskipulaginu sem sneru flestar að því að afmarka frístundabyggð nánar, breyta frístundabyggð í svæði fyrir verslun og þjónustu til að styðja við uppbyggingu ferðaþjónustu og uppbyggingu gistimöguleika og skilgreiningu nýrra svæða fyrir frístundabyggð. Fjöldmörg þessara 146 svæða fyrir frístundahús eru óbyggð.

Við endurskoðun aðalskipulagsins hafa frístundasvæði verið yfirfarin og eru þau 138 (F1-126 og F201-212). Í aðalskipulagstillögu er gefið yfirlit yfir stöðu deiliskipulags á svæðunum, hvort einhver byggð er á svæðunum og fjöldi frístundahúsa sem eru heimiluð á svæðinu. Samtals eru heimildir fyrir ríflega 6200 frístundahúsum og miða þær annars vegar við samþykkt deiliskipulag, áform landeigenda eða áætlun á því hversu mörg hús landsvæðið ber út frá viðmiðum um að stærðir lóða skulu vera að hámarki 3 á ha og að 25% lands skuli vera fyrir vegi, veitur og opin svæði með stígum, leik- og útivistarsvæðum.

Heimildir í gildandi aðalskipulagi um uppbyggingu á frístundasvæðum hefur sýnt sig að vera langt umfram eftirspurn, en frístundahúsum fjölgaði um 120 á skipulagstímabilinu. Frístundasvæði eru áfram líkleg til að vera langt umfram eftirspurn.

Í tillögunni eru nokkur frístundasvæði felld út þar sem stærð þeirra og fjöldi frístundahúsa gaf ekki tilefni til þess að þau væru afmörkuð sérstaklega. Eftir breytingu falla þau undir landbúnaðarland og heimildir þar um frístundahús.

³ Upplýsingar um fjölda sumarhúsa í Borgarbyggð eru fengnar af vef HMS.



Ný svæði fyrir frístundabyggð í tillögu eru F125 Reyðarfellsskógur og F126 Seleyrarland, F127 Kaldármelar, auk þess sem svæði F41 Árdalur og F12 Grímsstaðir eru stækkuð.

4.3 Samfélag


Í Borgarnesi er hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð. Heilbrigðisstofnun Vesturlands er með heilsugæslustöð í Borgarnesi. Fimm leikskólar eru starfandi: Andabær á Hvanneyri, Klettaborg og Ugluklettur í Borgarnesi, Hnoðraból á Kleppjárnsreykjum og Hraunborg á Bifröst. Í Borgarbyggð eru starfræktir tveir grunnskólar, Grunnskólinn í Borgarnesi og Grunnskóli Borgarfjarðar sem er starfræktur á þremur starfsstöðvum; Hvanneyri, Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Tónlistarskóli Borgarbyggðar er með fjórar starfsstöðvar: Borgarnes, Hvanneyri, Kleppjárnsreykir og Varmaland. Menntaskóli Borgarfjarðar er í Borgarnesi. Á Bifröst er Háskólinn á Bifröst og á Hvanneyri er Landbúnaðarháskóli Íslands. Þá er Símenntun á Vesturlandi með starfsemi í Borgarnesi.

Í Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2024 er samanburður á áætlaðri þörf á þjónustu og framboði fyrir leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og hjúkrunarrými. Áætlunin nær til ársins 2033. Miðað við hana verður nægt framboð á leikskólaplássi og hjúkrunarrýmum. Verði fjölgun íbúa skv. háspá verður þörf á stækkun grunnskóla eftir nokkur ár. Gangi íbúaspá eftir er nú þegar þörf á stækkun framhaldsskóla. Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir svæðum fyrir íbúðabyggð sem rúma fjölda íbúða sem er talsvert umfram húsnæðisáætlunina og uppbygging á þeim svæðum getur haft áhrif á þörf fyrir þjónustu.

Reikna má með að eldri borgurum haldi áfram að fjölga og þarf að huga að því að það fólk komist í hentugt húsnæði sem uppfyllir þeirra þarfir m.t.t. þjónustu, félagslífs og heilsueflingar. Í sveitarfélaginu eru um 570 íbúar komnir á eftirlaunaaldur og á skipulagstímanum eru um 770 íbúar til viðbótar sem ná þeim aldri. Sveitarfélagið leggur áherslu á að samhliða vexti þéttbýlisstaðanna Borgarness og Hvanneyrar byggist upp viðeigandi þjónusta fyrir íbúa alls sveitarfélagsins.

Aldursdreifing íbúa

Á mynd 4 má sjá fjölda barna á leikskólaaldri (0-5 ára), grunnskólaaldri (6-15 ára), framhaldsskólaaldri (16-20 ára), fjölda þeirra sem eru á vinnumarkaði (21-67 ára), fjölda þeirra sem fara á eftirlaun á skipulagstímanum (51-67 ára) eða eru komnir á eftirlaun (68+).



MYND 4. Fjöldi íbúa á hverju aldersbili í öllu sveitarfélaginu 1. janúar 2023⁴.

⁴ Hagstofa Íslands, mannfjöldi í Borgarbyggð.

4.4 Lýðheilsa, íþróttir og útivist

Borgarbyggð er aðili að Heilsuefandi samfélagi, sem er verkefni á vegum Embættis landlæknis.

Áhersla er lögð á að heilsa og vellíðan allra íbúa sé höfð í fyrirrúmi í allri stefnumótun og á öllum sviðum. Í þéttbýli er miðað við „græn“ svæði innan byggðar og atvinnustarfsemi. Íbúðarbyggð sé í góðum tengslum við útivistarsvæði og náttúru. Áhersla heilsuefandi samfélags er á næringu, hreyfingu, líðan og lífsgæði.

Við endurskoðun aðalskipulagsins er hugað að skipulagi og hönnun sem stuðlar að hreyfingu, s.s. göngu- og hjólastígum, leikvöllum og grænum svæðum og leitast við að tryggja gott framboð og aðgengi að svæðum fyrir skipulagða hreyfingu fyrir allan aldur. Einnig er hugað að ýmis konar íþróttasvæðum.



MYND 5. Áhrifaþættir heilbrigðis og vellíðunar, Dahlgren og Whitel (1991), aðlöguð útgáfa [Embættis landlæknis](#) 2019.

5 ATVINNULÍF

Í drögum að Húsnæðisáætlun 2024 er stefnt er að öflugum og fjölbreyttu atvinnulífi sem m.a. byggist á mennta- og rannsóknarstarfsemi, ferðaþjónustu, landbúnaði og matvælavinnslu, léttum iðnaði, nýsköpun og nýtingu auðlinda, eins og laxveiði og jarðvarma. Væntingar eru um fjölgun starfa sem byggja á sérstöðu svæðisins.

5.1 Iðnaður, athafnastarfsemi og orkuvinnsla

Þörf fyrir atvinnusvæði, iðnaðarsvæði, og athafnasvæði er yfirfarin út frá þróun síðustu ára og væntingum um komandi ár. Öflug athafna- og iðnaðarstarfsemi er í Borgarnesi og nokkrar miðlungs stórar og litlar virkjanir eru í sveitarfélaginu s.s. Andakílsárvirkjun, Litluárvirkjun, Urðarfellsvirkjun og virkjanir í Húsafelli.

Engir virkjanakostir eru í Borgarbyggð í gildandi [rammaáætlun](#).

Unnin var stefnumótun fyrir vindorku í sveitarfélaginu og er megin niðurstaða hennar að í aðalskipulagi skuli engin svæði afmörkuð fyrir vindorkuver. Sveitarfélagið mun taka ákvarðanir um vindorkuver þegar þau hafa verið sett í nýtingarflokk rammaáætlunar.

Kortlagðar voru takmarkanir fyrir svæði sem eru óhentug fyrir virkjun vindorku og/eða útiloka slíka landnotkun. Takmarkanir voru valdar í samráði við vinnuhóp Borgarbyggðar um endurskoðun aðalskipulagsins auk þess sem



horft var til ábendinga við vinnslutillögu aðalskipulagsins. Takmarkanir vegna nýtingar vindorku eru sýndar á skýringaruppdráttum aftast í forsenduhefti og á myndum 6 og 7. Kortlagningin takmarkana byggir á áþekkri aðferðarfræði og kortlagninga takmarkana í vindorkugreiningu sem unnin var fyrir Múlaþing⁵ árið 2022.

Þær takmarkanir sem miðað er við í kortlagningu fyrir Borgarbyggð eru friðlýst svæði, valin hverfisvernduð svæði, óbyggð víðerni, jöklar, brunn- og grannsvæði vatnsverndar, svæði með landhalla yfir 30%, nærsvæði umhverfis byggð (1 km), vegi (0,1 km) og flutningsmannvirki raforkukerfisins (0,1 km), friðlýstar menningarminjar og 100 m friðhelgað svæði utan þeirra og hindranafletir flugvalla. Eftir kynningu vinnslutillögu voru takmarkanir við þjóðvegi í umsjón Vegagerðarinnar færðar úr 100m í 250m, og bætt við svæðum innan netlaga við strandlínuna og Mýrar-Löngufjörur, sem Náttúrufræðistofnun hefur lagt til á B-hluta náttúruminjaskrár.


Sjónræn áhrif vindorkugarða eru talinn ein af helstu umhverfis- og samfélagsáhrifum þeirra en mat á sjónrænu áhrifunum veltur á ýmsum breytum svo sem staðsetningu vindorkugarðsins og hæð vindmyllanna. Áhrif sýnileika þarf að skoða fyrir hvern kost fyrir sig og erfitt að meta þau heildrænt fyrir stórt landsvæði eins og hér er til skoðunar. Áhrif á sýnileika í þessari greiningu fylgja öðrum viðmiðum í kring um byggð, þar sem 1 km fjarlægð er takmarkandi.

Niðurstaða kortlagningar á takmörkunum er ekki stefna sveitarfélagsins heldur er henni ætlað að vera þekkingargrunnur til að nýta við ákvarðanir og umsagnir um nýtingu vindorku í sveitarfélaginu. Við túlkun á niðurstöðu kortlagningarinnar þarf að hafa í huga að hún byggir á upplýsingum sem teknar hafa verið saman fyrir sveitarfélagið allt og miðast við þá þekkingu, gögn og lagaumhverfi sem liggur fyrir í dag (árið 2024/5). Greiningin byggir á ýmsum gögnum sem geta breyst, t.d. staðsetning vega og flutningslína og afmörkun verndarsvæða. Breytingar á þessum gögnum geta haft áhrif á takmarkanir og ráðlagt er að uppfæra kortlagninguna ef verulegar breytingar eiga sér stað á þeim.

Allar ákvarðanir um framtíðarsvæði fyrir vindorkuver í Borgarbyggð, verða teknar út frá skoðun á hverjum kosti fyrir sig, og engin stefna liggur fyrir um að heimila eigi vindorkuver, hvorki innan eða utan þeirra svæða sem takmarkanir ná yfir. Kortlagning takmarkana er unnin til þess að leiða í ljós hvaða svæði eru óhentug fyrir virkjun vindorku og/eða útiloka slíka landnotkun út frá fyrirbyggjandi upplýsingum. Bent er á að aðrir þættir en þar eru taldir til, geta haft áhrif á hvort þau svæði sem eru án kortlagðra takmarkana eru hentug eða óhentug fyrir nýtingu vindorku, eins og getur komið í ljós þegar einstakir kostir eru skoðaðir nánar.


⁵ Sjá umfjöllun [hér](#) um vindorkugreiningu í Múlaþingi á vef sveitarfélagsins 19.09.2022.





MYND 6. Takmarkanir á nýtingu lands fyrir raforkuframleiðslu með vindmyllum.

Takmarkanir eru t.d. hæð yfir sjó, fjarlægð frá mannvirkjum, landhalli, vernd og víðerni. Stærri mynd í viðauka.



MYND 7. Græn svæði eru með takmörkunum á raforkuframleiðslu með vindmyllum. Stærri mynd í viðauka.

5.2 Verslun og þjónusta

Mikilvægt er að þróa ferðþjónustu, hafa framtíðarsýn samhliða svæðisbundinni ferðþjónustu í samhengi við Áfangastaðaáætlun Vesturlands.

Við endurskoðun aðalskipulags er sett stefna um verslunar- og þjónustusvæði innan og utan þéttbýlis, sem og afþreyingar- og ferðamannasvæði. Stefna um áningarstaði ferðamanna og uppbyggingu þeirra og ferðþjónustu er yfirfarin og metið hvort gera þurfi ráð fyrir nýjum áningar- eða þjónustustöðum. Þar er bæði litið til áfangastaðaáætlunar og hvar eru áningarstaðir í dag.

Ferðþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein innan Borgarbyggðar, samhliða aukinni ásókn í margs konar afþreyingarstarfsemi s.s. veiðar og útivist. Ferðþjónusta er veigamikil þáttur í atvinnulífnum. Árið 2021 voru rúmlega 40 aðilar sem buðu upp á gistingu, þar af voru 10 hótél. Árið 2024 eru 94 gististaðir með rekstrarleyfi fyrir gistingu, þar af eru 15 hótél⁶. Í Borgarbyggð eru fjölmargir veitingastaðir og mörg fyrirtæki sem bjóða upp á afþreyingu⁷.

Skv. 3. gr. [laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald](#), með síðari breytingum, þá er heimilt að vera með heimagistingu á lögheimili einstaklings eða í einni annarri fasteign sem hann hefur til persónulegra nota

⁶ Upplýsingar fengnar af vefsíðunni [Útgefin rekstrarleyfi | Sýslumenn \(island.is\)](#).

⁷ Kristján Guðmundsson, 2021. Ferðþjónusta í Borgarbyggð. Unnið fyrir Borgarbyggð.

eða er í hans eigu. Fjöldi útleigðra daga í báðum eignum skal ekki fara yfir 90 daga á ári. Rekstrarleyfisskyld gististarfsemi innan þéttbýlis skal vera í samþykktu atvinnuhúsnæði.


5.3 Landbúnaðarsvæði

Landbúnaður er stundaður víða í Borgarbyggð, oft ásamt annarri atvinnustarfsemi sem fellur vel að landbúnaði. Ásókn hefur verið í að byggja upp og búa í dreifbýli með eða án tengsla við búskap, en þá jafnvel með annars konar starfsemi í huga. Öflugar nettengingar og bættar samgöngur auðvelda búsetu fjær starfsstöðvum fyrirtækja og þjónustu. Byggingarheimildir og atvinnustarfsemi á landbúnaðarsvæði er yfirfarin í endurskoðuð aðalskipulagi.

Um land bújarða á landbúnaðarsvæðum gilda ákvæði jarðalaga nr. 81/2004 og ábúðarlaga nr. 80/2004, og eftir atvikum ákvæði annarra laga. Á hluta landbúnaðarlands eru kvaðir sem taka þarf tillit til við nýtingu lands s.s. vegna vatnsverndar, svæða á náttúruminjaskrá og hverfisverndar vegna náttúru- og söguminja.

Flokkun landbúnaðarlands

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags var allt land í Borgarbyggð flokkað í fjóra flokka, eftir hentugleika þess til ræktunar. Niðurstaða flokkunarinnar er sett fram í skýrslunni „*Borgarbyggð. Flokkun landbúnaðarlands 2024*“. Land í flokki I er mjög gott ræktunarland meðan land í flokki IV er lélegt ræktunarland. Um 70 þúsund hektarar eru land í flokki I og II og teljast mjög gott eða gott ræktunarland. Lélegt ræktunarland er um 374.000 ha, enda fellur stærsti hluti hálendisins og jöklar í þann flokk. Flokkunin var kynnt með vinnslutillögu og auglýstri tillögu og var þannig í mótun samhliða endurskoðun aðalskipulagsins.



MYND 8. Flokkun landbúnaðarlands í fjóra flokka. Stærri mynd er í skýrslu um flokkun landbúnaðarlands.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er mörkuð stefna um nýtingu landbúnaðarlands út frá niðurstöðunni, t.a.m. um hvaða land er æskilegt að taka frá til matvælaframleiðslu til framtíðar og hvaða land hentar síður til ræktunar og er þá jafnvel heppilegt til annarrar notkunar eins og skógræktar.

Land og skógur, hefur ásamt Skipulagsstofnun birt tilgátuvefsjá fyrir kortlagningu á landbúnaðarlandi fyrir allt Ísland. Gögnin voru kynnt í vefsjá í júní 2025, og óskað eftir athugasemdum, en munu að loknu kynningarferli fara inn í landupplýsingagrunn Lands og skóga. Sveitarfélög munu, svo hvert fyrir sig, bera ábyrgð á því að vinna gögnin áfram og nánar sem forsendugagn fyrir stefnumótun um landbúnaðarland í aðalskipulagi. Borgarbyggð mun fylgjast með því hvernig þessi vinna mun þróast.

5.4 Skógræktar og landgræðslusvæði

Samningsbundin skógræktarsvæði eru víða í sveitarfélaginu og er gerð grein fyrir þeim á skipulagsupprætti. Upplýsingar um samningsbundin skógræktarsvæði voru fengin frá Landi og skógi. Birkikjarr vex víða og hefur dreift úr sér samhliða minni sauðfjárbætur. Nokkur landgræðslusvæði eru í Borgarbyggð og unnið er að uppgræðslu vegna gæðastýringar í sauðfjárrækt samhliða sumarþáttum sauðfjár á afréttum. Landgræðslusvæði eru afmörkuð á upprætti skv. upplýsingum frá Landi og skógi.

Hugmyndir eru uppi hjá landeiganda jarðanna Gestsstaða, Háreksstaða og Sanddalstungu um að breyta jörðunum að hluta til eða öllu leyti í skógræktarsvæði. Á jörðunum er bæði að finna mólendi, votlendi og að hluta til ná þær upp fyrir 300 m hæð yfir sjó. Útfærsla á skógrækt á jörðunum er í skoðun en er ekki sett inn á skipulag.

5.5 Sérstök not haf og vatnssvæða


Mörkuð er stefna um landnýtingu innan netlaga en það er svæði á sjó að 115 metrum utan við stórstraumsfjöruborð. Veiðar eru heimilar og gerð er grein fyrir siglingaleið að höfninni í Borgarnesi.

6 GRUNNKERFI

6.1 Vegir

Hringvegurinn (þjóðvegur nr. 1) liggur um Borgarnes og norður Borgarbyggð, um Norðurárdal og Holtavörðuheiði. Þá eru fjölfarnir vegir vestur Mýrar og upp Borgarfjörð, auk vinsælla ferðaleiða um Uxahryggi og Kaldadal, yfir Dragann og um Arnarvatnsheiði. Samkvæmt [Samgönguáætlun 2020-2034](#) eru þónokkrar framkvæmdir fyrirhugaðar á skipulagstímanum, en misjafnt á hvað tímabili. Framkvæmdir við Uxahryggjaveg frá Brautartungu að Kaldaldalsvegi er á áætlun á öðru tímabili (2025-2029), gert er ráð fyrir endurbótum á veginum og að lega austasta hluta hans verði færð norðar þar sem vegstæði er betra. Helstu vegir í Borgarbyggð eru sýndir á mynd 9. Unnið er að undirbúningi að færslu hringvegarins austur fyrir þéttbýlið í Borgarnesi og færslu á Snæfellsnesvegi til norðurs innan marka þéttbýlis í Borgarnesi. Vegur F508 gegnir m.a. hlutverki flóttaleiðar úr Skorradal.





MYND 9. Helstu vegir í Borgarbyggð og vegflokkar skv. Vegagerðinni.

6.1.1 Vegir í náttúru Íslands

Í 32. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, segir að sveitarfélög skuli gera í aðalskipulagi skrá yfir vegi þar sem umferð vélknúinna ökutækja er heimil og hlýtur hún samþykkt samhliða afgreiðslu aðalskipulags eða breytinga á aðalskipulagi.

Við mat á því hvort tilteknir vegir skuli tilgreindir í vegaskrá skal sérstaklega líta til þess hvort akstur á þeim sé líklegur til að raska viðkvæmum gróðri, valda jarðvegsrofi, hafa neikvæð áhrif á landslag, víðerni og ásýnd lands eða hafa að öðru leyti í för með sér náttúruspjöll. Einnig má líta til þess hvort um greinilegan og varanlegan veg sé að ræða, hvort löng hefð sé fyrir akstri á honum og hvort umferð á tilteknum vegi skuli takmarka við ákveðnar gerðir ökutækja, viss tímabil, náttúrufarslegar aðstæður eða við akstur vegna ákveðinna starfa. Vegirnir eru flokkaðir skv. reglugerð um vegi í náttúru Íslands nr. 260/2018. Skrá þarf vegi/vegslóða sem eru utan heimalands bújarða þar sem heimilt er að aka vélknúnum ökutækjum. Slóðar eru utan hefðbundins vegakerfis.

Vegir í náttúru Íslands voru kortlagðir í tengslum við endurskoðun aðalskipulagsins. Niðurstaðan er sett fram í greinargerð og á uppdrætti „*Flokkun vega í náttúru Íslands*“ sem er fylgiskjal með aðalskipulaginu. Samhliða kynningu á aðalskipulagi var leitað umsagna um flokkun veganna.

6.1.2 Göngu-, hjóla og reiðleiðir

Eftirspurn er eftir innviðum fyrir gangandi og hjólandi til að nýta aðra samgöngumáta en einkabílinn. Öruggar, þægilegar og vistvænar samgöngur fyrir alla með góðum innviðum fyrir gangandi og hjólandi er ein af forsendum búsetu og atvinnulífs. Undanfarin ár hefur verið unnið að gerð útivistarleiða víðs vegar um sveitarfélagið og stefnt að því að svo verði áfram í samræmi við Áfangastaðaáætlun Vesturlands.

6.2 Hafnir

Höfnin í Borgarnesi er hluti Faxaflóahafna og var haft samráð við Faxaflóahafnir við vinnslu skipulagstillögu og gerð skilmála fyrir hafnarsvæðið. Höfnin er lítið notuð af sjófarendum. Í drögum að stefnumörkun fyrir Brákarey er gert ráð fyrir áframhaldandi hafnaraðstöðu með aðstöðu fyrir t.d. kajaka, iðkun sjósunds og bryggju fyrir minni báta. Auk þess er Borgarnesviti innan hafnarsvæðisins.

6.3 Flugvellir

Fjórir lendingarstaðir eru í sveitarfélaginu og er gerð grein fyrir þeim og stefnu fyrir þá í greinargerð aðalskipulags.

6.4 Veitur

Áætlanir um megin veitukerfi eru yfirfarnar í samræmi við áætlaða fjölgun íbúa og uppbyggingu innan sveitarfélagsins samkvæmt drögum að húsnæðisáætlun 2024 og samráði við veitufyrirtæki.

Rafveita

Um sveitarfélagið liggja háspennulínur á vegum Landnets sem sér um uppbyggingu meginflutningskerfisins. Í aðalskipulagi er gerð grein fyrir háspennulínunum 66kV eða stærri, en Rarik sér um uppbyggingu dreifikerfisins. Stefna RARIK er að leitast við að línur verði lagðar í jörð þegar kemur að endurnýjun þeirra, í samráði við landeigendur. [Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032](#) gerir ráð fyrir framkvæmdum við Holtavörðuheiðarlínu 1 á árunum 2025-2027. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um legu Holtavörðuheiðarlínu 1 og línun ekki sýnd á skipulagsuppdraetti. Valkostir fyrir legu línunnar eru í umhverfis-matsferli.

Á vef Skipulagsstofnunar hefur verið sagt frá nýlegri breytingu á skipulagsreglugerð í samræmi við breytingu á skipulagslögum nr. 35/2023 þar sem fjallað er um undirbúning og gerð raflínuskipulags og störf raflínunefndar. Í skipulagslögum er það nýmæli að gerð verður sérstök skipulagsáætlun, þ.e. tekin ein sameiginleg skipulagsákvörðun, fyrir raflínur sem tilheyra flutningskerfi raforku. Þá verður aðeins veitt eitt framkvæmdaleyfi fyrir línu í stað framkvæmdaleyfis frá hverju sveitarfélagi sem lína liggur um. Raflínuskipulag mun ná til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og mun marka stefnu fyrir tiltekna framkvæmd í flutningskerfi raforku sem byggist á samþykktu kerfisáætlun. Ábyrgð á gerð og afgreiðslu raflínuskipulags er í höndum raflínunefndar.

Raflínuskipulag er rétt hærra en svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag fyrir þá framkvæmd sem það tekur til. Eftir að búið er að samþykkja raflínuskipulag ber hverri sveitarstjórn að sjá til þess að framkvæmdin sé tekin upp í aðalskipulagi sveitarfélags við næstu endurskoðun þess, þó eigi síðar en fjórum árum frá samþykkt raflínuskipulagsins. Aðlögun skipulagsáætlana sveitarfélaga að ákvæðum raflínuskipulags þarf ekki að vera lokið áður en raflínunefnd gefur út framkvæmdaleyfi. Breytingar á lögum sem kveða á um þetta tóku gildi 1. september 2023 og breyting á skipulagsreglugerð tók gildi í júní 2024. Sveitarfélög veita umsagnir um tillögur að raflínuskipulagi.

Vatnsveita

Mikið grunnvatn streymir frá Langjökli og um hraun vestan hans. Grunnvatnið kemur upp sem lindir við hraunjaðra og er hluti þeirra nýtt sem neysluvatn. Vatnsból eru víðs vegar í sveitarfélaginu, bæði á vegum Veitna og einka- aðila/landeigenda. Veitukerfi byggjast á staðbundum vatnsveitum eða vatnsbólum og stærri sameiginlegum veitum. Við endurskoðun aðalskipulagsins var haft samráð við Veitur. Veitur hafa sett fram framkvæmdaáætlun sem miðar að því að tryggja nægt neysluvatn út skipulagstímann m.v. íbúaspár. Við vatnsból eru afmörkuð grunn- og fjarsvæði til að stuðla að verndun neysluvatns. Einnig eru víðfeðm vatnsverndarsvæði vestan Langjökuls til að stuðla að vernd grunnvatns sem neysluvatns.



Fráveita

Fráveita er víðast hvar í góðu lagi. Í Brákarey er hreinsistöð fyrir Borgarnes. Á Hvanneyri, Reykholti, Bifröst og Varmalandi eru lífrænar hreinsistöðvar í samræmi við kröfur og fjölda íbúa. Rotþrær eru við íbúðarhús í dreifbýli og við frístundahús. Eins eru rotþrær við þá skála á hálendinu þar sem eru vatnssalerni.

Hitaveita

Nóg er til af heitu vatni í Borgarbyggð og er byggð að stórum hluta tengd hitaveitu á vegum Veitna. Ekki er hitaveita á Mýrum og Borgarhreppi né með Þjóðvegi 1 að Svignaskarði. Þörf er á meira af heitu vatni fyrir Borgarnes og vinna Veitur að öflun þess. Ekki er möguleiki á sverun hitaveitulagnar sem liggur um Borgarfjarðarbrú því brúin er ekki talin bera það.

Ljósleiðari

Ljósleiðari er á öllum bæjum og möguleiki fyrir eigendur frístundahúsa að tengjast honum líka.

7 UMHVERFI

7.1 Landslagseinkenni

Borgarbyggð liggur að sjó að vestanverðu og er láglent upp frá ströndinni. Að öðru leyti má segja að sveitarfélagið sé umlukid fjöllum og jöklum. Að sunnanverðu eru Skarðsheiði og Botnsheiði. Að suðaustanverðu er Ok og svo taka við jöklarnir; Þórisjökull, Geitlandsjökull, Langjökull og Eiríksjökull í austri. Að norðanverðu er Holtavörðuheidi og fjallgarður Snæfellsness þar fyrir vestan, með Baulu og Tröllakirkju.

Næst sjó eru stór láglendissvæði með blómlegri byggð, einkum á Mýrum, Stafholtstungum og Andakíl. Láglendi einkennist víða af stökum klapparásum sem standa upp úr vel grónu landi. Upp af láglendi ganga dalir inn til hálendisins. Helstu dalir eru frá suðri til norðurs og vesturs; Lundarreykjadalur, Flókadalur, Reykholtisdalur, Norðurárdalur og Hítardalur. Dalirnir eru um 15-30 km og háir ávalir ásar á milli þeirra.

Ár falla af hálendinu og frá jöklum, stærst þeirra er Hvítá en auk hennar þekktar bergvatnsár, s.s. Haffjarðarár, Hítará, Langá og Norðurá sem einnig eru vinsælar laxveiðiár.


7.2 Lífríki

Á Arnarvatnsheiði eru mýrar, flóar og fjöldi vatna og tjarna. Þar er mikið fuglalíf og svæðið alþjóðlega mikilvægt varpsvæði himbrima og álftar. Sjófuglabyggð, nær yfir grunnsævi og fjörur frá utanverðum Borgarfirði, um Mýrar og Löngufjörur. Þar er einnig að finna selalátur. Í Borgarbyggð eru 12 laxveiðiár.

Í Borgarbyggð er að finna vistgerðir⁹ sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 (mynd 10). Með ströndinni er að finna leirur og votlendi er víða, einkum á Mýrum. Báðar vistgerðir eru mikilvægar fyrir fugla og eru skilgreindar með hátt eða mjög hátt verndargildi. Birkiskógar og birkikjarr eru víða og einnig er að finna skógræktarsvæði.

⁹ Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi.






MYND 10. Vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd, ásamt náttúrulegu birki.

7.3 Jarðmyndanir

Þau náttúrufríbærir⁹ sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 eru t.d. eldvörp, eldhraun, gervíggar, hraunhellar, fossar, hverir og heitar uppsprettur ásamt lífríki sem þeim tengist (mynd 11).

⁹ Kortasjá Náttúrufræðistofnunar fyrir [sérstaka vernd náttúrufríbæra](#).



MYND 11. Jarðmyndanir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

7.4 Náttúruvernd

Samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 þá teljast náttúruverndarsvæði annars vegar vera friðlýst svæði, þ.e. náttúruvætti, friðlönd, þjóðgarðar og fólkvangar, og hins vegar svæði á náttúruminjaskrá. Friðun svæða og stjórnþæki náttúruverndar eru á forræði ríkisins og fara að náttúruverndarlögum. Undantekningar frá þessu eru fólkvangar, sem eru verndarsvæði að frumkvæði sveitarstjórna, og hverfisverndarsvæði sem eru skipulagsákvörðun sveitarstjórnar. Afmörkun verndarsvæða, annarra en hverfisverndar, getur breyst þó aðalskipulag breytist ekki og því þarf alltaf að leita nýjustu upplýsinga um stöðu verndarsvæða við ákvarðanir um landnotkun.


Gerð er grein fyrir friðlýstum svæðum í aðalskipulagi og þau sýnd á skipulagsupprætti. Í Borgarbyggð er að finna eftirtalin friðlýst svæði: Andakíll, Einkunnir, Eldborg í Hnappadal, Grábrókargígar, Hraunfossar og Barnafoss, Húsa-fellsskógur, Geitland og Kalmannshellir.

Horft er til friðlýsingarskilmála svæðanna við endurskoðun aðalskipulagsins. Auk þess nær vatnsverndarsvæði Þingvallavats inn í sveitarfélagið. Um það gilda lög nr. 85/2005.

Friðlýst svæði og svæði á náttúruminjaskrá eru sýnd á mynd 12.

Undanfarin ár hafa svæði verið friðlýst gegn orkuvinnslu í samræmi við verndarflokk verndar- og orkunýtingar-áætlunar (rammaáætlunar). Friðlýsing vatnasviðs Hvítár í Bláskógabyggð nær inn á Langjökul og teygir sig inn í Borgarbyggð. Vatnasvið Þingvallavats er friðlýst vatnsverndarsvæði og nær aðeins inn í Borgarbyggð.

Unnið hefur verið að friðlýsingu Borgarvogs. Friðlýsingarferlið hefur verið í bið á meðan sveitarfélagið mótastefnu um íbúðarbyggð norðan Borgarvogs. Stefna um íbúðarbyggðina er mótuð í endurskoðuðu aðalskipulagi og er vilji sveitarfélagsins að halda áfram með friðlýsingarferlið.



MYND 12. Náttúruverndarsvæði í Borgarbyggð.

B hluti náttúruminjasrá

Náttúrufræðistofnun hefur gert tillögu til umhverfis- og auðlindaráðuneytis um svæði á B-hluta náttúruminjasrá, en það eru svæði sem áformað er að friðlýsa. Nokkur svæði í Borgarbyggð eru hluti af þessari tillögu; Oddauppsprettur, Lambeyrarkvísl, Mýrar-Löngufjörur, Arnarvatnsheiði, Ferjubakkafloí-Sólheimatunga og Litla-Skarð.

C hluti náttúruminjasrá

Svæði á C-hluta náttúruminjasrá eru sýnd á mynd 12. Skráin var unnin árið 1986 á grunni þágildandi náttúruverndarlaga nr. 47/1971. Náttúrufræðistofnun vinnur að endurskoðun á verndargildi svæða á náttúruminjasrá og má finna upplýsingar um svæðin á vefsíðu [stofnunarinnar](#).

Sérstök vernd vistkerfa og jarðminja

Í 61. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja. Skv. lögnum skal forðast að raska þessum vistkerfum og jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til og eru frekari ákvæði um leyfisveitingar í lögnum. Náttúrufræðistofnun Íslands heldur skrá yfir þau náttúruyfyrirbæri sem þar eru talin upp, að birkiskógum undanskildum sem eru á höndum Lands og skógar. Svæðin eru sýnd á mynd 10 og mynd 11 en kortlagninguna á hverjum tíma má sjá í [kortasjá](#) Náttúrufræðistofnunar. Í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði, óbyggð svæði, opin svæði, strandsvæði, vötn, ár og sjó, og frístundasvæði er vísað til verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Önnur friðlýst svæði

Undanfarin ár hafa svæði verið friðlýst gegn orkuvinnslu í samræmi við verndarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar (rammaáætlunar). Friðlýsing vatnasviðs Hvítár í Bláskógabyggð nær inn á Langjökul og teygir sig inn í Borgarbyggð. Vatnasvið Þingvallavatns er friðlýst vatnsverndarsvæði en nær aðeins inn í Borgarbyggð.

7.5 Hverfisvernd

Hverfisvernd er endurskoðuð, m.a. út frá áherslum sveitarfélags og stefnu um friðun náttúru- og menningarminja. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er hverfisvernd sett á þau svæði þar sem sveitarfélagið vill tryggja vernd umfram þá vernd sem er skv. lögum. Til dæmis er í flestum tilfellum felld niður hverfisvernd á svæðum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Hverfisverndarsvæði minnka því umtalsvert í endurskoðuðu aðalskipulagi.

7.6 Minjavernd og minjaskráning

Um minjar og tengsl við skipulag og undirbúning framkvæmda er fjallað í lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að fara fram áður en leyfi er gefið fyrir hinum ýmsu framkvæmdum s.s. skógrækt, efnistöku, endurheimt votlendis, veitulögnum eða áður en byggingarleyfi er gefið út, auk deiliskipulagsgerðar. Minjastofnun hefur gefið út [Stefnu 2022-2027 um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingaarfi](#) sem litið er til, og hefur auk þess gefið út tillögu að menningarstefnu sem er nefnd Menningararfurinn – stefna um varðveislu og aðgengi.

Fornleifaskráning hefur verið gerð í Reykholtssdal og um neðanverða Hálsasveit, í Hvítársíðuhreppi. Í Borgarbyggð er að finna friðlýstar fornminjar og mannvirki sem njóta verndar vegna aldurs. Með lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eru gerðar ríkari kröfur um skrásetningu minja en áður var gert. Friðlýstar fornminjar eru sýndar á aðalskipulagsupprætti en skráning minja verður gerð í tengslum við deiliskipulag og leyfisveitingar til framkvæmda.

Sumar fornleifar hafa verið sérstaklega friðlýstar og njóta því frekari verndar. Friðaðar fornleifar njóta 15 m friðhelgunarsvæðis en friðlýstar fornleifar njóta 100 m friðhelgunarsvæðis frá ystu mörkum sínum. Öll hús og mannvirki sem reist eru 1923 eða fyrr eru friðuð og eigendur húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en eru byggð 1940 eða fyrr er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta, flytja eða rífa þau. Húsaskrá skal vinna í tengslum við deiliskipulagsgerð en upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá.

Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands og allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast Minjastofnun sérstaklega.

7.7 Vatn, ár og sjór

Við stefnumörkun um vatnamál er litið til laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og fyrstu Vatnaáætlunar Íslands 2022-2027 sem felur í sér stefnumörkun um vatnsvernd. Vatn er auðlind sem mikilvægt er að umgangast á ábyrgan hátt, ekki síst fyrir komandi kynslóðir. Viðhalda þarf líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegu ástandi vistkerfa ferskvatns og strandsjávar og tryggja gæði grunnvatns. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar. Opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, skulu vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og þá stefnumörkun um vatnsvernd sem kemur fram í vatnaáætlun.

Samkvæmt vatnaáætlun er ekki að finna í Borgarbyggð vatn sem er í hættu eða óvissu vegna ástands þess.

7.8 Jarðefni

Stefna um efnistöku- og efnislosunarsvæði var yfirfarin. Haft var samráð við Vegagerðina um hvaða svæði verði mögulega nýtt á skipulagstímanum og hversu mikið efnismagn væri mögulegt að nýta. Horft var til fyrirhugaðrar uppbyggingar mannvirkja á skipulagstímanum til að meta efnisþörf.



7.9 Úrgangur

Miklar breytingar hafa orðið á meðhöndlun úrgangs á síðustu árum. Á árinu 2023 var fyrirkomulag í flokkun úrgangs stórbætt og einfaldað um allt land. Skylda er að flokka heimilisúrgang á heimilum og vinnustöðum í sjö flokka; pappír, plast, matarleifar, málma, gler, textíl og spilliefni. Bannað er að urða eða brenna úrgang sem búið er að flokka.

Árið 2021 kom út ný heildarstefna í úrgangsmálum á Íslandi sem ber heitið [Í átt að hringrásarhagkerfi](#). Stefnan spannar allan úrgangspríyrninginn og miðar að því að styðja við myndun hringrásarhagkerfis á Íslandi. Stefnan skiptist í tvo meginhluta, stefnu um úrgangsförvarnir, saman gegn sóun, og stefnu um meðhöndlun úrgangs.

Stefna aðalskipulags um meðhöndlun úrgangs er endurskoðuð í samræmi við ofangreindar áherslur.

7.10 Óbyggð svæði

Víðfeðm hálendissvæði liggja ofan byggðar, annars vegar að miðhálandi en einnig vestur Holtavörðuheidi og á Snæfellsnes. Skálar og þjónustusvæði eru skilgreind sem afþreyingar- og ferðamannasvæði og heimildir til uppbyggingar og atvinnustarfsemi eru yfirfarnar.

Landeigendum er áfram tryggður hefðbundinn beitar- og nýtingarréttur á afrétti. Stefnt er að áframhaldandi landbótaágerðum á afréttum.

Hluti afrétta er óbyggð víðerni. Við mótun stefnu fyrir afrétti er leitast við að útfæra stefnu um uppbyggingu þannig að mannvirki og umferð um hálendið hafi sem minnst áhrif á víðerni og önnur náttúrugæði.

7.10.1 Þjóðlenda

Hluti Borgarbyggðar er innan þjóðlendu. Þjóðlendur eru landsvæði þar sem íslenska ríkið er eigandi lands og hvers konar landsréttinda og hlunninda sem ekki eru háð einkaeignarrétti. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998 um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta¹⁰. Forsætisráðherra fer með málefni þjóðlendna. Stefna í aðalskipulagi tekur mið af [stefnu forsætisráðuneytisins um samþykki fyrir nýtingu lands og landsréttinda í þjóðlendum](#).

Samkvæmt 3. gr. laganna má enginn hafa afnot af þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi, sbr. þó 5. gr. án leyfis. Þá þarf leyfi ráðherra fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs.

Einstaklingar, sveitarfélög eða aðrir lögaðilar geta átt svokölluð takmörkuð eignarréttindi innan þjóðlendna. Þjóðlendlög raska ekki slíkum réttindum. Samkvæmt 5. gr. laganna skulu þeir sem hafa nýtt land innan þjóðlendna sem afrétt fyrir búfénað, eðahaft þar önnur hefðbundin not sem afréttareign fylgja, halda þeim rétti í samræmi við ákvæði laga þar um. Afréttur er skv. 1. gr. landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarþeir fyrir búfé. Hið sama gildir um önnur réttindi sem menn færa sönnur á að þeir eigi.

¹⁰ [Lög um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta nr. 58/1998.](#)




7.10.2 Víðerni

Í 5. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 er skilgreining á óbyggðu víðerni:

„Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og [að jafnaði] í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum“.

Opinber kortlagning víðerna liggur ekki fyrir en í lögum um náttúruvernd segir að slík kortlagning eigi að liggja fyrir 1. júní 2023. Dæmi um kortlagningu víðerna er kortlagning sem unnin var af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði frá 2021. Hún var unnin fyrir Rammaáætlun og gefur hún vísbendingu um að innan Borgarbyggðar séu stór svæði sem eru víðerni. Afmörkun víðerna er sýnd á mynd 13.



MYND 13. Afmörkun víðerna eins og hún er sett fram af Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Höfn 2021¹¹.

7.11 Loftslag

Sveitarfélög gegna lykilhlutverki þegar kemur að því að mæta áskorunum samtímans á sviði loftslagsmála. Ísland hefur sett sér skýr markmið í loftslagsmálum með Parísarsamningnum, stefnu um kolefnishlutleysi 2040 og í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum þar sem sett er fram safn aðgerða sem ráðist hefur verið í til að ná settum markmiðum. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er fjallað um möguleg áhrif loftslagsbreytinga og aðgerðir til að draga úr losun, auka bindingu og aðlögun að loftslagsbreytingum.

Ýmsar breytingar vegna hlýnunar eru vel merkjanlegar í íslenskri náttúru og gefa tilefni til þess að til þeirra sé litið við endurskoðun aðalskipulagsins. Má þar nefna breytingar á rennsli jökuláa, sjávarstöðubreytingar og aukin

¹¹ Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu, 2021.


úrkomuákefð sem geta haft áhrif á innviði, atvinnuvegi og samfélag. Með aukinni hlýnun jarðar má leiða líkur að því að tíðni gróðurelda komi til með að aukast enn frekar á komandi árum.

Loftslagsbreytingar hafa áhrif á afrennsli jökla og má búast við aukinni úrkomu og bráðnun jökla. Mælingar sýna breytingar á vatnafari þannig að afrennsli að vetri eykst en á móti dregur úr vorflóðum. Sjávarstaða hækkar og taka þarf tillit til þess í skipulagi. Loftslagsbreytingar hafa áhrif á veður með aukinni ákefð úrkomu, þurrkum, flóðum og skriðuföllum, og aukinni tíðni stórviðra. Gróður- og skógareldar geta orðið tíðari og mannvirki geta þess vegna verið í hættu, ekki síst í frístundabyggð.

Loftslagsbreytingar geta haft áhrif á byggð og má nýta græna innviði til að milda og takast á við þau áhrif, t.a.m. með kolefnisbindingu, viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni, heilnæmara og grænna umhverfi og bættu yfirbragði borga og bæja.

7.11.1 Veðurfar

Veðurathuganir eru gerðar á Hvanneyri, Fíflholti á Mýrum og Húsafelli. Mynd 14 sýnir ríkjandi vindátt á þessum þremur stöðum í sveitarfélaginu. Í Borgarnesi er norðaustan átt ríkjandi, í Fíflholti er ríkjandi vindur úr austsuðaustri og í Húsafelli er suðsuðaustanátt ríkjandi. Töluleg stærð ríkjandi vindáttar er birt í miðju vindrósarinnar. Hver geiri vindrósar sýnir tíðni vindáttar úr þeirri átt, inn að miðju rósarinnar og byggir á lofthjúpsreikningum en ekki staðbundnum mælingum. Myndirnar miðast við vindhraða í 10 m hæð og hrýfi 0,03.



MYND 14. Ríkjandi vindáttir í Borgarbyggð. Frá vinstri: Borgarnes, Fíflholt og Húsafell¹².

7.12 Náttúruvá

Við endurskoðun aðalskipulagsins var leitað eftir nýjustu upplýsingum um náttúruvá í Borgarbyggð með það að markmiði að fá upplýsingar um náttúruvá sem gæti takmarkað landnotkun eða gefið tilefni til að gæta varúðar.

¹² [Vindatlas Veðurstofu Íslands](#).


Yfirlit yfir náttúruvá

Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra hefur gert áhættuskoðun (2011) fyrir Borgarbyggð, Dalabyggð, Hvalfjarðarsveit og Skorradalshrepp¹³ og fyrir liggja drög að áhættuskoðun fyrir Vesturland 2020. Hér er tekið mið af upplýsingum úr henni með viðbótum úr öðrum heimildum. M.a. var leitað til Veðurstofunnar um upplýsingar um náttúruvá og bárust upplýsingar um hættumat vegna vatnsflóða í Hvítá í Borgarfirði og [skýrslu um mat á endurkomutíma óveðursflóða frá 2022](#) með fylgiriti með kortum. Þá ákvarðar Vegagerðin um lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur vegna jarðskorpuhreyfinga og sjávarstöðuhækkana næstu 100 árin.

Vont veður getur einkum orðið á Mýrunum, við Hítará, við Vatnshamra, um skarðið við Kvígsstaði, við Skeljabrekku, Kolbeinsstaðafjall og frá Hraunsási inn að Húsafelli.

Jarðskjálftar. Upptök jarðskjálfta hafa verið í sveitarfélaginu en afleiðingar þeirra hafa ekki verið alvarlegar. Helst er hætta af grjóthruni í fjallendi í umdæminu en sú hætta er lítil. Á meðfylgjandi korti er sýnt skjáskot úr kortasjá Landmælinga Íslands og þar er sýnd gróf kortlagning sprungna úr þessum gagnagrunnum:

- NI J600v Berg Jarðfræðikort; Misgengi og sprungur
- NI J600v höggun Jarðfræðikort: Misgengi og sprungur.



MYND 15. Misgengi og sprungur í Borgarbyggð úr kortasjá Landmælinga Íslands, sem sýnir upplýsingar af kortum Náttúrufræðistofnunar Íslands í mælikvarðanum 1:600.000.

Eldgos. Nokkur eldstöðvakerfi eru í Borgarbyggð en gosminjar komnar til ára sinna og ekki taldar miklar líkur á gosvirkni.

Flóð / Jökulhlaup. Veðurstofan fylgist með vatnshæð í Grímsá við Reyðarvatnsós, Hvítá við Ferjubakka og Kljáfoss og í Norðurá. Mælir ofarlega á vatnasviði Hvítár sendir viðvörðun ef vatnshæð fer yfir ákveðin mörk¹⁴.


¹³ [Áhættuskoðun almannavarna 2011.](#)

¹⁴ [Heimasíða Veðurstofunnar](#) um flóðakortlagningu.



Nokkrar ár geta skapað hættu vegna flóða. eru það helst Hvítá við Ferjukot, Flóðatangi, Árbakki, Þingnes, Norðurá frá Hlíðútúni og niður úr og Þverá við Neðra-Nes. Flóð í desember 2009 komu mönnum að óvörum, en þá flæddi víða og þar á meðal á vatnasviði Hvítár í Borgarfirði.

Unnið hefur verið hættumat vegna vatnsflóða í Hvítá í Borgarfirði¹⁵ og var miðað við tjónmætti flóðs með 25, 100 og 200 ára endurkomutíma. Tjónmættið er metið á skalanum lítið – hóflegt – mikið – geysimikið. Niðurstöðurnar eru eingöngu líkanreiknuð vatnsflóð. Kortlagning fyrir 25 ára endurkomutíma sýnir að fáir bæir í neðanverðri Hvítá eru staðsettir í eða við svæði þar sem tjónmættið er lítið og enginn á svæði sem þar sem tjónmættið er hóflegt eða meira. Þeir bæir sem standa næst mögulegu flóðasvæði eru Ferjukot, Melkot, Stafholtsey, Hvítárbakki 3 og 4, og Flóðatangi og gætu þeir tveir síðastnefndu orðið umflotnir í flóðaatburði. Kortlagning fyrir 200 ára endurkomutíma sýnir að fleiri bæir gætu orðið umflotnir í flóðaatburði en eru engu að síður á svæði þar sem tjónmættið er lítið. Vert er að gæta að því að um niðurstöðu líkanreikninga er að ræða þar sem náttúrulegar aðstæður geta haft áhrif til mögnunar eða til að draga úr atburði.



MYND 16. Dæmi um hættumat vegna vatnsflóða í Hvítá í Borgarfirði, tjónmætti með 200 ára endurkomutíma.


Hlauphætta frá Hafrafellslóni við Langjökul er vöktuð. Hlaup kom úr lóninu í ágúst 2020 og barst það niður Svartá og síðan Hvítá. Veðurstofan hefur notað straumfræðilíkan til að herma 50% stærra hlaup úr Hafrafellslóni heldur en það sem varð 2020. Niðurstaðan er að búast má við tjóni, m.a. á vegum við brúna yfir Hvítá ofan Húsafells. Álag á brúna yrði mjög mikið. Ekki er búist við að hlaupvatn flæði upp úr farvegi Hvítár norðan Húsafellsskógar. Kanna

¹⁵ Tinna Þórarinsdóttir, Matthew J. Roberts, Jóna Elvar Wallevik, Bogi Brynjar Björnsson, Andréa-Giorgio R. Maddad, 2021. [Hættumat vatnasviða: Eyjafjarðará, Héraðsvötn, Hvítá í Borgarfirði, Lagarfljót og Skjálafandfljót](#). Veðurstofan.

þarf mögulega hættu á svæðinu frá Barnafossi niður að Kljáfossi. Í líkaninu flæðir hlaupvatn yfir Hálsasveitarveg á nokkrum stöðum og gætu orðið skemmdir á honum. Við Brúarás og á Laxeyri gæti hlaupvatn náð upp undir íbúðar- og útihús¹⁶. Hlaup frá Langjökli hafa ekki verið kortlögð.

Sjávarflóð geta orðið við sérstakar aðstæður. Í yfirlitsskýrslu Siglingastofnunar um sjóvarnir frá 2011¹⁷ er sagt frá því að lítið ölduálag sé við þéttbýli í Borgarbyggðar og ekki flóðahætta svo vitað sé. Ölduálag við stönd á Mýrum er talsvert og á einhverjum bæjum þar gæti verið flóðahætta. Engar sjóvarnir höfðu verið gerðar í Borgarbyggð á vegum Siglingastofnunar, þegar skýrslan var gefin út árið 2011. Talin er þörf á sjövörn við bæinn Knarrarnes á Innnesi sem er eyja um 1,7 km vestur af Mýrunum. Þar sé talsvert sjávarrof og bæjarhús 10-20 m frá bakkabrún. Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort farið hafi verið í þessar sjóvarnir en um það sjást ekki merki á loftmyndum frá árinu 2022.¹⁸

Veðurstofan hefur gefið út mat á endurkomutíma óveðursflóða¹⁹ en þar eru gefnar upplýsingar um endurkomuhæð hundrað ára sjávarflóða við Íslands stendur. Teiknuð eru kort sem sýna ekki útbreiðslu einstakra flóða heldur eru þau hugsuð til að finna lágsvæði þar sem sjávarflóðahætta kann að vera fyrir hendi. Næsta skref yrði mat á sjávarflóðahættu fyrir framtíðarsviðsmýndir. Á meðfylgjandi kortum má sjá niðurstöðu kortlagningarinnar fyrir strandsvæði Borgarbyggðar og þéttbýli við ströndina.




MYND 17. Borgarbyggð, niðurstöður mats á endurkomuhæð hundrað ára sjávarflóðs við Íslands stendur.

¹⁶ [Straumfræðilegir líkanreikningar á jökulhlaupum úr Hafrafellslóni við Langjökul.](#)


¹⁷ [Yfirlitsskýrsla um sjóvarnir frá 2011](#)

¹⁸ [Loftmynd frá 2022 á vef map.is/borgarbyggd.](#)

¹⁹ [Mat á endurkomutíma óveðursflóða reiknað með Delft3D-FM, Veðurstofa Íslands VÍ 2022-009.](#)



MYND 18. Borgarfjörður, niðurstöður mats á endurkomuhæð hundrað ára sjávarflóðs.



MYND 19. Hvanneyri og Borgarnes, niðurstöður mats á endurkomuhæð hundrað ára sjávarflóðs.

Vegagerðin ákvarðar um lágmarks land- og gólfhæð fyrir 100 ára líftíma mannvirkja. Í febrúar 2025 var kallað eftir þessum viðmiðunum í tengslum við skoðun á uppbyggingu á landfyllingu við íþróttahúsið hjá Þorsteinsgötu. Við ákvörðun sína horfði Vegagerðin til skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi og landhæðabreytinga mældum með Sentinel gervitunglum. Vegna grynninga við Borgarnes eru áhrif vindhlaðanda á sjávarstöðu

meiri en á svæðum þar sem er aðdjúpt. Áhrif vindhlaðanda á lágmarkslandhæð á svæðinu þarf að athuga frekar, en það er frummat Vegagerðarinnar að áhrif hans stuðli að 30 cm hærri landhæð en ella.

Fyrir almennt skipulag miða viðmiðunarreglurnar við 100 ára líftíma mannvirkja og skipulags. Þá er tekið mið af áætlaðri afstöðubreytingu lands og sjávar næstu 100 árin.

Meðfylgjandi mynd sýnir ákvörðun lágmarks land- og gólfhæð fyrir 100 ára líftíma mannvirkja í Borgarnesi í febrúar 2025. Nýjar upplýsingar geta orðið til þess að þessar viðmiðanir breytast. Því er mikilvægt að kalla reglulega eftir þessum upplýsingum frá Vegagerðinni.

 Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum við strendur vegna jarðskorpu-hreyfinga og sjávarstöðu hækkana næstu 100 árin Vegagerðin 2025-02-10			
Borgarnes	Hafnarkerfi	Hæðarkerfi Borgarness	Landmælingar meðalsjávarhæð
	HK (m)	BK (m)	ISH2004 (m)
Hæðarmismunur við Hafnarkerfi	0.00	-3.30	-2.27
Flóðhæð með 100 ára endurkomutíma	5.25	1.95	2.98
Sviðsm. SSP5-8.5, 83% óvissumörk-vísindanefnd 2023	1.02	1.02	1.02
Breytingar á landhæð umfram vísindanefnd	0.16	0.16	0.16
Aukinn vindáhlaðandi vegna grynninga	0.30	0.30	0.30
Lágmarks landhæð á lágsvæðum við strönd	6.73	3.43	4.46
Gólfhæð yfir lágmarks landhæð	0.30	0.30	0.30
Lágmarks gólfhæð án ölduáhrifa	7.03	3.73	4.76

MYND 20. Viðmiðunarreglur Vegagerðarinnar fyrir lágmarks land- og gólfhæð á lágsvæðum, dags 2025-02-10.

Í aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 var uppbygging mannvirkja neðan 5 m h.y.s. óheimil vegna mögulegrar flóðahættu. Stefnunni er nú breytt og miðað við að taka skuli tillit til jarðskorpuhreyfinga og sjávarstöðu hækkana næstu 100 árin og sagt frá því að Vegagerðin hafi það hlutverk að ákvarða lágmarks land- og gólfhæð fyrir 100 ára líftíma mannvirkja.

Ofanflóð. Í skýrslu Almannavarnardeildar er ekki minnst á snjóflóðahættu í Borgarbyggð.

Ekki liggja margar rannsóknir fyrir um skriðuhættu á Vesturlandi. Svæði í Lundarreykjadal og Saurdal við Hreðavatn kunna að vera möguleg hættusvæði vegna aurskriða. Þá varð stórt framhlaup úr Fagraskógarfjalli í Hítardal árið 2018, og er það ein stærsta skriða sem fallið hefur á sögulegum tímum á Íslandi.

Jarðhitasvæði eru víða í sveitarfélaginu og hefur ferðaþjónusta þróast á einverjum þeirra, s.s. við Deildartunguhver.

Gróðureldar. Hætta getur skapast af völdum gróðurelda/sinubruna. Mýrareldar eru dæmi um sinubruna sem breiddist hratt út og fór yfir stórt svæði á skömmum tíma. Aðgengi að slökkvivatni er misjafnt eftir svæðum. Vegir þola ekki allir þunga slökkvibíla, t.d. í frístundabyggð. Með hlýnandi tíðarfari tengt hlýnun jarðar má leiða að því líkum að tíðni gróðurelda aukist á komandi árum. Á [heimasíðu Húsnæðis og mannvirkjastofnunar](#) eru upplýsingar um hættu vegna gróðurelda og hvernig er hægt að bregðast við þeim. Þar eru ábendingar sem nýta má til að draga úr hættu vegna gróðurelda. Þar eru ýmsar ábendingar sem gott er að hafa til hliðsjónar við undirbúning mannvirkjagerðar og á svæðum þar sem mannvirki eru innan um mikinn gróður. Bent er á að mikilvægt sé að þekkja flóttaleiðir og örugg svæði og skilgreina þau, þar sem læki, vötn og aðra gróðursnauda staði er að finna.



8 MAT Á STEFNU AÐALSKIPULAGSINS

8.1 Nálgun við umhverfismat

Stefna í aðalskipulaginu fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Mat á áhrifum af stefnu aðalskipulagsins er unnið samhliða skipulagsgerð, með þátttöku vinnuhóps um endurskoðun aðalskipulags. Matið er nýtt til að taka tillit til umhverfissjónarmiða og stuðla að sambærilegum eða betri umhverfisgæðum til handa íbúum. Búast má við frekari útfærslu stefnunnar í deiliskipulagi og að áhrif stefnu og landnotkunar verði metin nákvæmar og skoðuð út frá þeim framkvæmdum sem gert verður ráð fyrir.

Mat á áhrifum af stefnu aðalskipulags er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif af stefnu aðalskipulagsins.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerðinni.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Jafnframt er umhverfismatið nýtt til að móta vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um möguleg umhverfisáhrif af stefnu skipulagstillögunnar.

Mat á umhverfisáhrifum skipulagstillögunnar byggist á matsspurningum fyrir þá umhverfisþætti sem eru til skoðunar (tafla 4).

Eftirfarandi einkenni áhrifa eru skoðuð:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af stefnunni og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum? Er líklegt að áhrifa stefnunnar gæti yfir sveitarfélagamörk?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg eru þau? eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tíma-bundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að ákveðnir þættir stefnunnar geti valdið uppsöfnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann stefnan að auka á hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið?

Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnu sveitarfélagsins, markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, annarri opinberri stefnu, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt er byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á gerð skipulagsins stendur.

8.2 Tengsl við áætlanir

Frá því eldra aðalskipulag tók gildi hafa verið sett fram ýmis stefnuskjöl og áætlanir sem þarf að taka tillit til við endurskoðun aðalskipulagsins. Hér er gerð grein fyrir helstu stefnum og áætlunum sem horft er til við mótun stefnu aðalskipulagsins og við mat á áhrifum hennar. Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

TAFLA 3. Áætlanir sem einkum er tekið mið af við endurskoðun aðalskipulagsins og við mat á umhverfisáhrifum stefnunnar.

ÁÆTLUN	STEFNA SEM VARÐAR ENDURSKOÐUN AÐALSKIPULAGS	STEFNA Í AÐALSKIPULAGI
Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	2 Ekkert hungur. 3 Heilsa og vellíðan. 6 Hreint vatn og hreinlætisaðstaða. 7 Sjálfbær orka. 9 Nýsköpun og uppbygging. 11 Sjálfbærar borgir og samfélög. 12 Ábyrg neysla og framleiðsla 13 Aðgerðir í loftslagsmálum 14 Líf í vatni 15 Líf á landi	Aðalskipulagið tekur mið af heimsmarkmiðunum og nýtir þau m.a. til að undirbyggja stefnu fyrir tiltekna málaflokka skipulagsins og við umhverfis- mat áætlunarinnar.
Landsskipulagsstefna 2024-2038	<ul style="list-style-type: none"> • Viðbrögð við loftslagsbreytingum. • Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi. • Uppbygging þjóðhagslega mikilvægra innviða. • Landnotkun í dreifbýli. • Landnotkun á miðhálandi Íslands. • Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttur ferðamáti. • Skipulag haf- og strandsvæða. • Skipulag vindorku. • Vernd líffræðilegrar fjölbreytni. 	Í aðalskipulaginu er mörkuð stefna um þau atriði sem fjallað er um í lands- skipulagsstefnu. Landsskipulagsstefna er nýtt sem viðmið í umhverfismati áætlunarinnar.
Byggðaáætlun fyrir 2022-2036	<ul style="list-style-type: none"> • Innviðir mæti þörfum samfélagsins. • Byggðir og sveitarfélög um allt land verði sjálfbær. 	Aðalskipulagið tekur mið af byggðaáætlun.
Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032	Holtavörðuheiðarlína 1 (220 kV) frá Hvalfirði í Hrutafjörð er á framkvæmdaáætlun 2025-2027. Línan tryggir örugga orkuafhendingu á Byggðalínunni. Opnar möguleika á að tengja nýja orkuvinnslu við meginflutningskerfið, m.a vindorku.	Ekki hefur verið tekin ákvörðun um legu Holtavörðuheiðarlínu 1 og línan ekki sýnd á skipu- lagsuppdrætti. Valkostir fyrir legu línunnar eru í umhverfis- matsferli.
Samgönguáætlun 2020-2034	Uxahryggjavegur frá Brautartungu að Kaldaldalsvegi er á áætlun á öðru tímabili 2025-2029.	Aðalskipulagið heimilar endurbætur á veginum og breytingar á legu hans.
Umferðaröryggisáætlun 2024-2038	Stefna um umferðaröryggi. Markmið og áherslur sem miða að því að ná árangri og bæta umferðaröryggi. Öruggeri vegfarendur, öruggari vegir, öruggari ökutæki.	Aðalskipulagið leggur áherslu á að tryggja öryggi, gott viðhald vega og jákvæða upplifun vegfarenda.
Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030	Orkuskipti í samgöngum, átak í kolefnisbindingu, bætt landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.	Mörkuð er stefna um orku- skipti í samgöngum, fjölbreyttan ferðamáta, að draga úr losun kolefnis og auka bindingu ásamt verndun og endurheimt votlendis.
Rammasamningur ríkis og sveitarfélaga um aukio framboð íbúða 2023-2032 og sameiginlega stefnu í húsnæðismálum	Hlutfall hagkvæmra íbúða á viðráðanlegu verði, verði að jafnaði um 30% nýrra íbúða. Félagsleg húsnæðisúrræði verði að jafnaði sem næst 5% af öllu nýju húsnæði. Ráðist verði í sérstakt átak til að eyða biðlistum eftir sértækum húsnæðisúrræðum fyrir fatlað fólk.	Sett er stefna um fjölbreyttar stærðir og gerðir húsnæðis og íbúðir fyrir alla. Svæði fyrir íbúðarbyggð anna eftirspurn á skipulagstímanum m.v. áætl- aða þörf skv. húsnæðisáætlun.



Sjálfbær orkuframtíð. Orkustefna til ársins 2050.	<p>Aðgengi að orku, jafnt varma, rafmagni og eldsneyti, er hluti af almennum lífsgæðum almennings og jafnframt forsenda þess að hana megi nýta sem aflgjafa til að styðja við atvinnulíf.</p>	<p>Sett er stefna um virkjanir og veitur. Nokkrar virkjanir eru í Borgarbyggð, heimilt er að stækka hluta þeirra og einnig heimild til minniháttar orkuöflunar með virkjun vatnsafls, vinds eða með sólarcellum.</p>
Stefnumarkandi landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum 2018-2029	<ul style="list-style-type: none"> • Skilgreindir verði ákveðnir staðir í öllum landshlutum þar sem faglega verði staðið að uppbyggingu innviða til verndar náttúru og minjum. • Áhersla verði lögð á að beina meginþorra ferðamanna á þá áfangastaði í viðkomandi landshluta þar sem unnið er að uppbyggingu innviða og aðstaða og þjónusta er fullnægjandi. 	<p>Sett er stefna um uppbyggingu innviða, áfangastaði ferðamanna og vernd menningarminja.</p>
Land og líf. Landgræðsluáætlun og landsáætlun í skógrækt. Aðgerðaáætlun 2022-2026	<ul style="list-style-type: none"> • Efla verndun heilla vistkerfa og gróðurleifa. • Efla náttúrulega útbreiðslu skóga, einkum á rofnu og rýru landi. • Vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. • Endurheimt votlendis. • Endurheimt náttúruskóga. • Sjálfbær landnýting. 	<p>Sett er stefna um landgræðslu- og skógrækt og hvar skógrækt komi til greina. Einnig stefna um vernd og endurheimt votlendis, sjálfbæra landnýtingu, líffræðilega fjölbreytni vernd jarðvegs og endurheimt vistkerfa.</p>
Vatnaáætlun Íslands 2022-2027	<ul style="list-style-type: none"> • Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. • Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. 	<p>Sett er stefna um vatn og vatnavistkerfi sem stuðla að hreinleika og gæðum vatns til framtíðar.</p>
Áfangastaðaáætlun Vesturlands 2021-2023	<ul style="list-style-type: none"> • Vesturland til að dvelja og njóta. • Sterk og jákvæð ímynd sem eftirsóknarverður áfangastaður með fjölbreytta náttúru, sögu, menningu, mannlíf og matarupplifun. • Útivistarleiðir og áningarstaðir eru faglega uppbyggðir með góðu aðgengi, upplýsingum og merkingum. Áhersla er á öryggi fólks, verndun náttúru og jákvæða upplifun. 	<p>Tekið er mið af Áfangastaðaáætlun við mótun stefnu um ferðabjónustu og áningarstaði ferðamanna ásamt stefnu um uppbyggingu staða og verndun náttúru.</p>
Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024	<ul style="list-style-type: none"> • Atvinna og nýsköpun: Efla atvinnulíf, auka nýsköpun, hækka menntunarstig, störf án staðsetningar. • Menning: Auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu, efla menningarstarfsemi. • Velferð: Auka hamingju, félagslega virkni og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar. • Umhverfi: Auka umhverfisvitund íbúa, stuðla að því að kolefnisspor dragist saman og neikvæð áhrif íbúa á umhverfið verði sem minnst. • Samgöngur: Auka umferðaröryggi með fleiri vegum með bundnu slitlagi. Fjölga hleðslustöðvum og auka hlutdeild almennings-samgangna. 	<p>Tekið er mið af Sóknaráætlun við mótun stefnu um atvinnu, menningu, velferð, umhverfi og samgöngur. Framtíðarsýn sveitarfélagsins byggir á þessum þáttum.</p>
Loftslagsstefna Borgarbyggðar	<ul style="list-style-type: none"> • Stefna á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun 	<p>Loftslagsstefnan er höfð til hliðsjónar við mótun stefnu í</p>

	<p>gróðurhúsalofttegunda frá rekstrinum og þeim áhrifum sem losunin hefur í för með sér. Stefnt er að kolefnishlutleysi árið 2040.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Í aðalskipulagi verði mörkuð stefna um aðgerðir til að draga úr losun og efla bindingu kolefnis, s.s. um skógrækt og endurheimt votlendis, orkuskipti í samgöngum, efnistöku, nýtingu auðlinda, draga úr myndun úrgangs og endurvinnslu. • Áhersla á net göngu- og hjólastíga í aðalskipulagi. 	<p>aðalskipulaginu, s.s. varðandi orkuskipti í samgöngum, bindingu og losun kolefnis, stefnu um hringrásarhagkerfið og um fjölbreytta ferðamáta. Áhersla er á heildstætt stíga-kerfi.</p>
<p>Losun gróðurhúsalofttegunda frá landi í Borgarbyggð</p>	<ul style="list-style-type: none"> • Mikilvægt að vernda óraskað votlendi til að binda kolefni og að endurheimta votlendi til að draga úr losun. Endurheimt er líkleg til að auka líffræðilega fjölbreytni, draga úr sveiflum á vatnsrennsli og styðja við aðra vistkerfaþjónustu sem tengist votlendum svæðum. • Með skógrækt- og landgræðslu eru tækifæri til bindingar kolefnis. 	<p>Stefnan er höfð til hliðsjónar við mótun stefnu um lífríki, votlendi, skógrækt, losun og bindingu kolefnis.</p>
Húsnæðisáætlun 2024	Spá um fjölgun íbúa, þörf fyrir íbúðir og uppbyggingu samfélagsþjónustu.	Stefnan tekur mið af áætlaðri þörf skv. húsnæðisáætlun.
Aðalskipulag aðliggjandi sveitarfélaga	Landnotkun og sveitarfélagamörk.	Samræmi er í landnotkun milli sveitarfélaga. Í einhverjum tilfellum getur verið skörun á sveitarfélagamörkum. Legu Uxahryggjavegar er breytt við sveitarfélagamörk við Bláskógabyggð, til samræmis við breytta veglínu Vegagerðarinnar. Ósamræmi er í veglínunni milli sveitarfélaga.

8.3 Umhverfispættir og matsspurningar

Í umhverfismati stefnunnar eru settir fram umhverfisvísar fyrir hvern umhverfispátt. Vísarnir byggjast meðal annars á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, viðmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum, reglugerðum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla er lögð á að undirbyggja matið með mælanlegum umhverfisvísam þar sem kostur er. Í töflu 4 er að finna helstu matsspurningar sem lagðar eru til grundvallar ásamt þeim viðmiðum sem notuð eru við að meta áhrifin. Lög og reglugerðir eru almennt ekki talin upp sem viðmið þar sem stefnan skal taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem eru í gildi á hverjum tíma.



TAFLA 4. Umhverfispættir, helstu matsspurningar og viðmið.

UMHVERFIS PÆTTIR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Samfélag	<p>Mætir stefnan áætluðum húsnæðisþörfum m.t.t blöndunar húsagerða, og staðsetningu íbúðasvæða?</p> <p>Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi?</p> <p>Styður stefnan við gott framboð þjónustu?</p> <p>Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu?</p> <p>Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?</p> <p>Styður stefnan við skilvirkar samgöngur og jafnvægi milli ferðamáta?</p> <p>Stuðlar stefnan að góðum grunnkerfum, s.s. samgöngum og veitum ásamt öruggri orku?</p>	<p>Heimsmarkmið 11.</p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfbærar borgir og samfélög. Gera borgir og íbúðarsvæði örugg, sjálfbær og öllum aðgengileg. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Jafnvægi í uppbyggingu húsnæðis og lífsgæði í byggðu umhverfi. Skipulag stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar með áherslu á eftirsóknarvert umhverfi og sjálfbæra nýtingu lands. Ráðstöfun lands til landbúnaðar og annarrar nýtingar byggist á flokkun landbúnaðarlands m.t.t. ræktunarskilyrða. Skipulag greiði fyrri skilvirkum samgöngum þar sem er jafnvægi milli ólíkra ferðamáta. Skipulag stuðli að jöfnu aðgengi að orku um land allt og traustum veitunniðum sem tryggja örugga afhendingu orku. Tryggja skal að veitulausnir uppfylli gæðakröfur og anni þörfum íbúa og atvinnulífs. <p>Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024</p> <ul style="list-style-type: none"> Efla atvinnulíf, auka nýsköpun, hækka menntunarstig, störf án staðsetningar. <p>Húsnæðisáætlun 2023, Borgarbyggð</p> <ul style="list-style-type: none"> Íbúðasvæði í dreifbýli — Í Borgarbyggð sé á hverjum tíma nægt framboð á áhugaverðum búsetukostum þar sem reynt verður að koma til móts við óskir samfélagsins á hverjum tíma. Aukin áhersla verði lögð á uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í uppsveitum Borgarfjarðar vegna þróunar í málefnum ferðaþjónustunnar.
Heilsa, vellíðan og öryggi	<p>Hefur stefnan áhrif á öryggi fólks vegna náttúruvár, umferðaröryggis eða annarra áhrifaþátta?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á lífsgæði, s.s. aðgengi fólks að grænum svæðum og náttúru?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á mengun eða hávaða ?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á náttúruvá í íbúðar- eða frístundabyggð og á megin samgönguæðum?</p>	<p>Heimsmarkmið 3.</p> <ul style="list-style-type: none"> Heilsa og vellíðan. Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Skipulag feli í sér stefnu um yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja, skapi aðlaðandi og öruggt umhverfi og veiti möguleika til hreyfingar, endurnæringar og samskipta í nærumhverfi. Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, fráveita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði. Við skipulagsgerð verði tekið tillit til áhrifa loftslagsbreytinga, svo sem vegna hækkunar sjávarborðs, og náttúruvár, t.d. snjóflóða, skriðufalla, vatnsflóða, eldgosa, jökulhlaupa og jarðskjálfta, með það að markmiði að varna slysum á fólki og tjóni á mannvirkjum. <p>Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024</p> <ul style="list-style-type: none"> Auka hamingju, félagslega virkni og vellíðan íbúa með fjölbreyttu framboði heilsueflandi afþreyingar.

		<ul style="list-style-type: none"> Bæta umferðaröryggi með fleiri vegum með bundnu slitlagi.
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?	<p>Heimsmarkmið 15.</p> <ul style="list-style-type: none"> Líf á landi. Vernda og endurheimta vistkerfi á landi og stuðla að sjálfbærri nýtingu þeirra, vinna að sjálfbærni skóga, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á að viðhalda líffræðilegum fjölbreytileika. Válistar og kortlagning mikilvægra búsvæða.
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?	<p>Vatnaáætlun Íslands 2022-2027.</p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Standa vörð um vistkerfi og ástand sjávar. Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu vatns og heilnæmi þess.
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Gætt að því að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt vegna náttúruverndar. <p>Friðlýst svæði, náttúruminjaskrá, lög um náttúruvernd nr. 60/2013.</p>
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Við skipulagsgerð verði lögð áhersla á að varðveita náttúru og menningarminjar sem hafa staðbundið eða víðtækara gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Skipulag mannvirkja, byggða og bæjarrýma efli þau gæði sem felast í menningarlandslagi.
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni?	<p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag miði að því að varðveita fjölbreytt og verðmætt landslag, svo sem óbyggð víðerni og landslagsheildir.
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis? Stuðlar stefnan að orkuskiptum í samgöngum?	<p>Loftslagsstefna Borgarbyggðar.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stefna á að vera til fyrirmyndar í loftslagsmálum með því að draga markvisst úr losun gróðurhúsalofttegunda. <p>Landsskipulagsstefna 2024-2038.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnit verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi. Orkuskipti í samgöngum og fjölbreyttur ferðamáti. <p>Heimsmarkmið 7 og 13.</p> <ul style="list-style-type: none"> Sjálfbær orka. Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði.



- Aðgerðir í loftslagsmálum. Grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra.

8.4 Viðfangsefni umhverfismats

Í endurskoðuðu aðalskipulagi Borgarbyggðar er sett fram framtíðarsýn og á henni byggð stefna sem er útfærð fyrir umfjöllunarefni aðalskipulagsins, sem eru byggð og samfélag, atvinnulíf, grunnkerfi og umhverfi. Í umhverfismatinu eru dregnir fram þeir þættir stefnunnar sem líklegastir eru til að valda umhverfisáhrifum, þ.e. helstu breytingar á stefnu og landnotkun sem aðalskipulagið felur í sér frá eldra skipulagi. Þær breytingar eru umfjöllunarefni umhverfisskýrslunnar. Þau atriði sem tekin eru til mats eru:

- **Loftslagsmál** – mat á stefnu aðalskipulagsins.
- **Landbúnaðarsvæði.** Mjög góðu ræktarlandi í flokki I verði haldið til haga fyrir matvælaframleiðslu og skal flokkun landbúnaðarlands ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.
- **Íbúðarbyggð í Borgarnesi.** Ný íbúðarbyggð vestan við Borgarvog.
- **Hverfisvernd** nær yfir þau svæði þar sem sveitarstjórn vill tryggja vernd, umfram þá vernd sem er skv. lögum eða öðrum verndarákvæðum. Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæða. Við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skal forðast að raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.
- **Skógrækt.** Ný skógræktaráform sem ná til 50 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað á aðalskipulagsuppdætti. Heimil eru mannvirki sem tengjast rekstri, viðhaldi, og vinnslu skógarsvæða, ásamt aðstöðu til útivistar. Skógrækt á allt að 50 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum. Skógrækt getur falist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta, fegrunar og skjóls auk landgræðslu. Á landbúnaðarlandi í flokki I er heimilt að vera með skjólbelti en ekki skógrækt. Skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja sbr. ákvæði laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar. Í náttúrulegum birkiskógum er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur.
- **Efnistaka.** Lögð er áhersla á nægt framboð jarðefna, efnistökusvæða og efnisvinnslusvæða og að þau séu eftir því sem hægt er nálægt notkunarstað efnis. Lágmarka skal áhrif efnistöku á landslag, lífríki, náttúru og minjar, forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Vegna áætlaðra endurbóta á Uxahryggjavegi eru sett inn nokkur ný efnistökusvæði til notkunar í vegagerðina og sömuleiðis er heimiluð meiri efnistaka í nokkrum námum í nágrenni vegarins.
- **Uxahryggjavegur** verður endurbættur frá Brautartungu austur að sveitarfélagamörkum og gerður þannig að hann verði fær allt árið. Vegurinn er færður til norðurs á kaflanum frá Hryggjasundi austur að sveitarfélagamörkum við Bláskógabyggð. Núverandi vegur verður fjarlægður þar sem nýr vegur vikir frá honum, og landið aðlagð að landi umhverfis.
- **Verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli.** Endurskoðuð stefna um verslunar og þjónustusvæði í dreifbýli og sett inn ný svæði tengd ferðapjónustu. Sveitarfélagið leggur áherslu á að á hverjum tíma sé í boði fjölbreytt verslun og þjónusta og nægt framboð svæða fyrir slíka starfsemi.
- **Íbúðarbyggð í dreifbýli.** Stefna um að búseta í dreifbýli, með eða án tengsla við landbúnað sé álitlegur kostur. Áform eru um ný svæði fyrir íbúðarbyggð á nokkrum stöðum í dreifbýli, auk þeirra svæða sem eru til staðar.
- **Frístundabyggð.** Stefna um hámarksstærð áfanga í uppbyggingu og áfangaskiptingu uppbyggingar. Þremur svæðum bætt við fyrir frístundabyggð.
- **Endurheimt farvegjar Hítarár** þar sem hann lá í gegnum skriðuna sem féll úr Fagradalsfjalli.
- **Kaldármelar, ferðapjónusta og frístundabyggð** þar sem eru áform um uppbyggingu hótels, útleiguinga, tjaldstæðis og frístundahúsa.



Jafnframt eru gerðar breytingar á landnotkun í samræmi við ný lög og reglugerðir og/eða breytingar sem fela í sér óverulega breytingu á stefnu og eru því ekki til umfjöllunar í umhverfisskýrslu. Að hluta til er verið að færa svæði á milli landnotkunarflokka m.v. ný lög og reglugerðir en stefna um svæðin er áfram sambærileg.

8.4.1 Stefna um loftslagsmál

Loftslagsmálin eru eitt mikilvægasta viðfangsefni stjórnvalda og almennings um þessar mundir og á komandi áratugum. Stjórnvöld hafa hrint af stað fjölda aðgerða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og efla kolefnisbindingu. Enn fremur hafa íslensk stjórnvöld sett markmið um að Ísland verði kolefnishlutlaust fyrir árið 2040. Í umhverfismatinu er horft til þess að meta hverjir eru helstu losunarþættir, hvaða mótvægisáðgerðum er verið að beita til að aðlaga sveitarfélagið að loftslagsbreytingum, hvernig er hægt að hamla losun kolefnis og hvar er hægt að binda kolefni. Við gerð skipulagsáætlana er hægt að hafa áhrif á nær alla flokka kolefnislosunar. Í skipulagsáætlunum er m.a. ákveðið hvernig fyrirkomulag samgangna, byggðar og landnotkunar er. Víða í stefnu endurskoðaðs aðalskipulags er að finna atriði sem bæði draga úr losun kolefnis og stuðla að bindingu þess í gróðri og jarðvegi.

Mat á áhrifum

Viðmið um loftslagsmál í landsskipulagsstefnu eru notuð sem umhverfisviðmið og gerð grein fyrir hvernig stefna í endurskoðuðu aðalskipulagi samræmist þeim og styður við þau.

TAFLA 5. Mat á stefnu aðalskipulags um loftslagsmál.

VIÐMIÐ ÚR LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	STEFNA Í AÐALSKIPULAGI
Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi.	+	Við skipulag landnotkunar skal leita leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, s.s. með fyrirkomulagi samgangna, aukinni skógrækt, endurheimt votlendis og góðum skilyrðum til flokkunar og endurvinnslu úrgangs til að bæta meðhöndlun hans.
Skipulag feli í sér stefnu og skipulagsákvæði um innviði fyrir loftslagsvænar samgöngur, með áherslu á vistvænan ferðamáta og orkuskipti í samgöngum.	+	Hvatt er til þess að gert sé ráð fyrir hleðslustöðvum. Sett er stefna fyrir alla ferðamáta og sett stefna fyrir grunnkerfi sem styðja við vistvæna ferðamáta, s.s. gangandi og hjólandi.
Skipulag miði að því að vernda kolefnisríkan jarðveg. Jafnframt stuðli skipulag að því að draga úr hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra, með það að markmiði að draga úr losun, auka bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri og vernda líffræðilega fjölbreytni.	+/-	Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Landgræðsla verði nýtt til að endurheimta gróður og landgæði og stöðva eða koma í veg fyrir rof, þar sem þess kann að vera þörf. Stefna um íbúðabyggð við Borgarvog og í dreifbýli á Ánastöðum hefur neikvæð áhrif á votlendi og áhrif á leirur í Borgarvoginum eru háð útfærslu. Stefna um færslu Uxahryggjavegar raskar votlendi.
Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftslagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma.	+	Taka skal tillit til þekkrar náttúruvár við skipulag og ákvarðanir um mannvirkjagerð. Uppbygging nýrra mannvirkja fari fram ofan 5 m hæðar yfir sjó vegna hættu á sjávarflóðum
Skipulag verði loftslagsmiðað og feli í sér samþætta stefnu um byggðapróun í þéttbýli og dreifbýli þar sem vexti verði beint að þeim byggðarkjörnum sem fyrir eru, með áherslu á búsetufrelsi og að draga úr ferðabörf.	+	Ávallt séu í boði ýmis konar búsetukostir og húsagerðir sem ýta undir fjölbreytta samfélagsgerð, henta mismunandi fjölskyldumynstri og aldurs skeiði, og valkostir séu um búsetu í dreifbýli og þéttbýli.



Skipulag leggi áherslu á að lágmarka kolefnis- spor húsnæðisuppbyggingar og mannvirkja- gerðar með betri endingu og bættri efnis- notkun.	+	Áhersla er lögð á loftslagsvæna mannvirkjagerð, s.s. fyrir efnisval við nýbyggingar eða viðhald eldri bygginga.
Skipulag feli í sér stefnu um bindingu kolefnis með kolefnishlutleysi að leiðarljósi.	+/-	Skipulag stuðli að sjálfbærri nýtingu lands, vernd líffræðilegrar fjölbreytni og varðveislu og bindingu kolefnis í jarðvegi og gróðri. Skógrækt og landgræðsla verði nýtt til bindingar kolefnis. Stefna um íbúðarbyggð vestan Borgarvogar og færslu Uxahryggjavegar raskar votlendi.
Skipulag stuðli að orkuskiptum og að orku- auðlindir verði nýttar með sjálfbærum hætti, með það að leiðarljósi að draga úr losun gróð- urhúsalofttegunda og tryggja orkuöryggi.	+	Stutt er við sjálfbæra orkuframtíð með orkuskiptum.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um loftslagsmál

Áhrif stefnunnar á loftslagamál eru á heildina lítið jákvæð og er víða að finna í stefnunni aðgerðir til að binda kolefni og draga úr losun þess. Stefna um verndun og endurheimt votlendis ásamt skógrækt, styður við bindingu kolefnis. Stefna um nýtt íbúðasvæði við Borgarvog og í dreifbýli á Ánastöðum mun skerða votlendi sem hefur neikvæð áhrif á bindingu koltvísýrings og getur haft áhrif á búsvæði lífvera, temprað vatnsflæði og skert miðlun næringarefna. Dregið er úr kolefnislosun með orkuskiptum í samgöngum og virkum ferðamáta.

8.4.2 Stefna um landbúnaðarsvæði

Öflugur landbúnaður er stundaður víða í Borgarbyggð. Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags var allt land sveitarfélagsins flokkað m.t.t. ræktunarhæfni þess til matvælaframleiðslu. Niðurstaða er sett fram í skýrslunni *Borgarbyggð. Flokkun landbúnaðarlands 2024*. Niðurstaða flokkunarinnar er nýtt til að draga mörk milli landbúnaðarsvæða og óbyggðra svæða ásamt því að horft var til kortlagningar landslagsgerða á landsvísu, landamerkja frá HMS og loftmynda. Settir eru strangari skilmálar til að besta ræktunarlandið verði áfram aðgengilegt til nýtingar fyrir matvælaframleiðslu en rýmri heimildir eru til að nýta lakara eða óræktanlegt land undir annað en landbúnaðarstarfsemi.

Víða í Borgarbyggð eru stór hraunasvæði, votlendi og birkikjarr sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd og henta ekki eða illa til ræktunar. Því er ógerlegt að afmarka stór einsleit landbúnaðarsvæði sem henta vel til ræktunar. Farin var sú leið að skipta landbúnaðarsvæðum í 13 svæði og marka stefnu fyrir hvert þeirra, bæði um heimildir til nýtingar, mannvirkjagerðar og verndar. Mörkuð er stefna um að góðu ræktarlandi verði haldið til haga fyrir matvælaframleiðslu og skal flokkun landbúnaðarlands ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti.

Innan hluta þeirra landbúnaðarsvæða sem afmörkuð eru á skipulagsuppdrætti eru svæði sem falla undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013 því þar er að finna vistgerðir eða jarðmyndanir sem falla undir 61. gr. laganna. Á þeim svæðum sem þannig háttar til er sett stefna um að taka skuli tillit til þessara atriða og forðast að raska þeim. Auk þess eru ákvæði í almennum skilmálum fyrir landbúnaðarsvæði sem segja að við staðsetningu mannvirkja og framkvæmda skuli m.a. líta til náttúrufars, verndarsvæða og fjarlægðar frá vegum.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í eldra aðalskipulagi var landbúnaðarsvæðum skipt í tvö svæði; gott ræktunarland og landbúnaðarland. Settir voru skilmálar fyrir hvort svæði fyrir sig varðandi nýtingu og byggingarheimildir. Í endurskoðuðu aðalskipulagi hefur landbúnaðarland verið flokkað með tilliti til ræktunarhæfni og er því skipt í 13 svæði og settir skilmálar fyrir hvert þeirra. Stefna og almennir skilmálar í endurskoðuðu aðalskipulagi eru svipaðir og í eldra skipulagi. Í eldra aðalskipulagi náði landbúnaðarsvæði yfir allt hálendi sveitarfélagsins. Þessu er breytt og afréttir og land ofan heimalanda er skilgreint sem óbyggð svæði.

Stefna sem tekin er til mats

Góðu ræktarlandi í flokki I verði haldið til haga fyrir matvælaframleiðslu og skal flokkun landbúnaðarlands ávallt lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum á landbúnaðarsvæðum. Landi sem hentar vel til ræktunar matvæla verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Settir eru strangari skilmálar til að besta ræktunarlandið í flokki I verði áfram nýtt til matvælaframleiðslu en rýmri heimildir eru til að nýta lakara land undir annað en landbúnaðarstarfsemi.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Mjög góðu landbúnaðarlandi er haldið til haga til matvælaframleiðslu og þar með er möguleiki á að tryggja fæðuöryggi þjóðarinnar, sem hefur góð áhrif á samfélag.

Áhrif á gróður og dýralíf eru jákvæð/neikvæð. Stefnan stuðlar að því að mjög góðu ræktunarlandi verði haldið til haga til matvælaframleiðslu og að tekið verði tillit til mikilvægra vistgerða og gróðurlenda skv. lögum um náttúruvernd. Hefur þetta jákvæð áhrif. Stefnan getur haft jákvæð áhrif á landgæði og vernd og viðhald jarðvegs. Við ræktun lands raskast búsvæði fugla og eru áhrif af því neikvæð.

Áhrif á vernd eru jákvæð. Skilmálar eru settir um að taka skuli tillit til umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæða. Einnig að forðast skuli að raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd.

Áhrif á land og landslag eru jákvæð. Mörkuð er stefna um að landnýting varðveiti og efli gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru á hverjum stað. Auk þess að taka skuli tillit til vistgerða og náttúruvinnu sem falla undir lög um náttúruvernd. Stefnan hefur jákvæð áhrif á varðveislu náttúrufars, vistgerða og jarðmyndana því þrátt fyrir nýtingu lands til landbúnaðar þá skal taka tillit þessara atriða.



Stefna um landbúnaðarsvæði hefur jákvæð áhrif á samfélag því besta landbúnaðarlandið verður nýtt til landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á vernd náttúruframs, vistgerða og jarðmyndana.

8.4.3 Ný íbúðarbyggð vestan Borgarvogar

Lögð er áhersla á að Borgarnes er og verður áfram aðal þéttbýliskjarni sveitarfélagsins og er áætlað að mesta fjölgun íbúa á skipulagstímanum verði þar. Í náninni framtíð verður þörf á meira byggingarlandi fyrir íbúðarbyggð í Borgarnesi. Við endurskoðun aðalskipulagsins var íbúðarbyggð í Borgarnesi yfirfarin m.t.t. þess hvar hægt væri að koma nýjum íbúum fyrir. Staðhættir í Borgarnesi eru þannig að þar skiptast á klapparholt með votlendisdokkum á milli. Hvorugt er gott byggingarland og setur þetta byggðinni skorður og erfiðara er að vera með samfellda og þetta byggð. Sveitarfélagið hefur lengi horft á svæðið vestan Borgarvogar sem framtíðar byggingarland fyrir íbúðarbyggð. Við vinnslu Aðalskipulags Borgarbyggðar 2010-2022 var til skoðunar að gera það að íbúðarbyggð en fallið frá því þar sem sýnt var að ekki væri þörf fyrir uppbyggingu á því svæði á skipulagstímanum, eins og komið hefur á daginn. Einnig var horft til framtíðar uppbyggingar á svæði umhverfis bæinn Bjarg en þar er óbyggt svæði á landi í einkaeigu innan þéttbýlisins. Með færslu hringvegarins austur fyrir þéttbýlið getur mögulega skapast svigrúm fyrir uppbyggingu milli núverandi byggðar og nýs vegar, en það þarf að skoða betur m.t.t. umhverfisáhrifa, því í fjörunni eru leirur sem hafa hátt verndargildi og er vilji sveitarfélagsins að halda í þær og að áfram gæti flóðs og fjöru eftir færslu hringvegarins. Í kafla 4.1 eru taldar upp helstu ástæður þess að sveitarfélagið velur að þróa íbúðarbyggð í Borgarnesi til vesturs:

Samkvæmt drögum að húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2024, íbúaspá og spá um þörf fyrir nýjar íbúðir þá anna svæði fyrir íbúðarbyggð skv. eldra aðalskipulagi áætlaðri þörf fyrir íbúðarbyggð á skipulagstímabilinu fyrir þéttbýlisstaði innan Borgarbyggðar og gott betur. Sveitarfélagið vill samt sem áður skilgreina svæðið vestan Borgarvogar sem íbúðarbyggð til framtíðar og er þéttbýlismörkum breytt samsvarandi. Þar sem ekki lítur út fyrir að þörf verði á svæðinu á skipulagstímanum þá eru skilmálar um að það fari ekki í uppbyggingu á skipulagstímabilinu, sem er 2025-2037.

Á nýju íbúðarsvæði vestan Borgarvogar er tekið frá 79 ha svæði fyrir íbúðarbyggð, skóla- og íþróttamannvirki og hverfisverslun. Reikna má með um 2750-3150 íbúðum miðað við að fjöldi íbúða á ha sé á bilinu 35-40. Viðmið um fjölda íbúða í skipulaginu er 3500 og er það haft rúmt þar sem ekki er búið að útfæra byggðina.

Hugmyndir hafa verið uppi um friðun Borgarvogar. Borgarvogur er á náttúruminjaskrá því þar er að finna grunnsvævi, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Sveitarfélagið er hlynnt því að svæðið verði friðlýst en um leið að tekið verði tillit til þess að uppbygging geti orðið vestan Borgarvogar. Afmörkun íbúðarbyggðar vestan Borgarvogar á aðalskipulagi tekur mið af afmörkun svæðis á náttúruminjaskrá og afmörkun flóðasvæðis við strönd Borgarvogar.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í eldra aðalskipulagi er svæðið vestan Borgarvogar skilgreint sem landbúnaðarsvæði en í skilmálum um landbúnaðarland tekið frá sem framtíðar byggingarland fyrir Borgarnes. Gert var ráð fyrir byggingu grunnskóla. Ekki var talin þörf á að nýta landið til byggingar á gildistíma eldra aðalskipulags. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er landnotkun breytt í íbúðarbyggð og áfram gert ráð fyrir grunnskóla, en einnig leikskóla, íþróttamannvirkjum, hverfisverslun og annarri nærþjónustu.

Stefna sem tekin er til mats

Þó verið sé að færa svæðið á milli landnotkunarflokka þá er ekki um eiginlega breytingu á stefnu að ræða því skv. stefnu eldra skipulags liggur fyrir að svæðið verði tekið undir íbúðarbyggð og skóla. Nú er svæðið hins vegar



afmarkað á skipulagsupprætti og þess vegna er gerð grein fyrir áhrifum af stefnu um það á umhverfið en ekki bornir saman valkostir.

Svæðið vestan Borgarvogar verður íbúðarbyggð til framtíðarnota með allt að 3500 íbúðum, gert er ráð fyrir byggingu leik- og grunnskóla, íþróttamannvirkjum, hverfisverslun og eftir atvikum ýmis konar atvinnusvæðum. Leiksvæði og grænt belti til útivistar/útiveru meðfram Borgarvogi.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Mætir stefnan áætluðum húsnaðisþörfum m.t.t blöndunar húsagerða, og staðsetningu íbúðasvæða? Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu? Styður stefnan við gott framboð þjónustu? Er landbúnaðarlandi í flokki 1 ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not? Stuðlar stefnan að góðum grunnkerfum, s.s. samgöngum og veitum ásamt öruggri orku?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi fólks vegna náttúruvárs, umferðaröryggis eða annarra áhrifaþátta? Hefur stefnan áhrif á lífsgæði, s.s. aðgengi fólks að grænum svæðum og náttúru? Hefur stefnan áhrif á mengun eða hávaða? Hefur stefnan áhrif á náttúruvá í íbúðar- eða frístundabyggð og á megin samgöngu-æðum?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?


Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð/neikvæð. Stefnan styður við fjölbreytt framboð íbúðarhúsnaðis og gerir meira en fullnægja þörf fyrir nýjar íbúðir á skipulagstímanum. Þess vegna eru settir skilmálar fyrir svæðið að það komi ekki til uppbyggingar fyrr en eftir að skipulagstímanum líkur. Heimild er fyrir leikskóla, skóla, íþróttamannvirki og verslun innan svæðis og stuðlar það að góðri þjónustu við íbúa og atvinnutækifærum. Hluti svæðis er landbúnaðarland í flokki II og er það tekið með óafturkræfum hætti undir aðra landnotkun, það hefur neikvæð áhrif. Með uppbyggingu vestan Borgarvogar er verið að dreifa meira úr byggðinni sem er ekki góð nýting á landi og uppbygging grunnkerfa er óhagkvæmari heldur en ef byggð væri þéttari.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru jákvæð. Íbúðarbyggðin er utan þekktra hættusvæða. Svæði meðfram Borgarvogi er tekið frá til útiveru og útivistar og er ekki hluti íbúðabyggðarinnar. Græn svæði og náttúra eru umhverfis byggðina.



Áhrif á gróður og dýralíf eru neikvæð. Á stærstum hluta svæðisins eru vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi skv. 61. gr. laga um náttúruminjar, þ.á.m. votlendisvistgerðir. Núverandi gróður og jarðvegur hverfur með uppbyggingu íbúðarbyggðar. Svæðið er mikilvægt fuglasvæði og verða fuglar í fjörunni og á leirum í Borgarvogi að öllum líkindum fyrir ónæði vegna byggðar og umferðar og lífríki í voginum getur orðið fyrir áhrifum vegna skertrar miðlunar næringarefna út í veginn. Búsvæðum lífvera á votlendissvæðinu verður raskað. Leitast er við að draga úr áhrifum á Borgarvog með því að skilgreina strandsvæði meðfram sjónum, þar sem skilmálar eru um að mannvirkjagerð skuli haldið í lágmarki.



MYND 21. Rauð lína er afmörkun íbúðarbyggðar vestan Borgarvogar. Appelsínugul svæði eru votlendi.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru neikvæð. Um helmingur svæðisins er votlendi og afrennsli af því út í Borgarvog. Uppbygging á þessu svæði getur haft þau áhrif að minna afrennsli af ferskvatni verður í veginn og skert miðlun næringarefna, en í Borgarvogi er að finna leirur sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Gæta þarf að því að haga frárennsli frá byggðinni þannig að áhrif á lífríki séu lágörkuð og eru settir skilmálar um það fyrir íbúðarbyggðina. Ef vel er að verki staðið mun það draga úr áhrifum á vistkerfi og ástand sjávar en íbúðarbyggð mun draga úr afrennsli svæðisins og alltaf hafa neikvæð áhrif. Áhrif á sjó eru óviss og háð útfærslu en áhrif á strönd eru óveruleg, því ekki er gert ráð fyrir að raska ströndinni.

Áhrif á vernd eru neikvæð. Borgarvogur er á náttúruminjasrá því þar er að finna grunnsævi, leirur, fitjar og mikið fuglalíf. Á svæðinu er lítt raskað votlendi en votlendi og leirur njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruminjar. Við uppbyggingu íbúðasvæðis mun votlendinu verða raskað en það er um 30 ha. Dregið er úr líkum á áhrifum á verndargildi svæðisins með skilmálum um að haga skuli frárennsli frá byggðinni þannig að áhrif á umhverfi séu lágörkuð og með því að draga byggðina frá ströndinni. Einnig er svæðið á B-hluta náttúruminjasrárá. Áhrif á verndargildi svæðis eru metin neikvæð.

Áhrif á menningarminjar eru óviss. Unnið er að skráningu minja.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Land er tekið undir byggð og hefur það alltaf neikvæð áhrif á náttúrulegt landslag og breytir ásýnd svæða. Ekki er vitað um jarðmyndanir sem njóta sérstakrar verndar.

Áhrif á loftslag eru jákvæð/neikvæð. Jákvæð áhrif verða því ný íbúðarbyggð er skammt frá núverandi byggð og atvinnu í Borgarnesi og því stutt fyrir íbúa að sækja vinnu, skóla og tólmstundir og nýta til þess vistvænan ferðamáta. Neikvæð áhrif verða því gróíð land og votlendi raskast og við það losna gróðurhúsalofttegundir og votlendið sem hverfur bindur ekki lengur kolefni.

Niðurstaða umhverfisáhrifa fyrir íbúðarbyggð vestan Borgarvogar

Neikvæð áhrif verða því landbúnaðarland í flokki II er tekið með óafturkræfum hætti úr landbúnaðarnotum, þó það sé ekki besta ræktunarlandið. Vistgerðir með hátt verndargildi hverfa, þar á meðal votlendi og votlendisvistgerðir. Jarðvegur verður fluttur annað. Fuglar verða fyrir ónæði vegna byggðar og umferðar og búsvæði þeirra verða ekki lengur til staðar. Áhrif á verndargildi Borgarvogar eru metin neikvæð og ásýnd svæðis og landslag breytist með tilkomu mannvirkja. Neikvæð áhrif á loftslag verða því votlendi verður ekki lengur til staðar sem bindur kolefni.



Til að minnka neikvæð áhrif þá er byggðin látin ná að svæði á náttúruminjasrá og það svæði sem er undir vernd í dag er ýmist opið svæði eða strandsvæði þar sem einungis er heimiluð takmörkuð mannvirkjagerð til útivistar, s.s. stígar. Erfitt er að draga úr áhrifum íbúðarbyggðar á náttúru en settir eru skilmálar um að við deiliskipulag svæðisins þá skuli leitast við að halda í græn svæði og votlendi innan um og saman við byggðina. Ef þarf má mögulega nýta blágrænar ofanvatnslausnir til að viðhalda votlendinu. Skilmálar eru settir um að byggð næst Borgarvogi skuli vera á eini hæð og að byggðin geti hækkað til vesturs. Með því að hafa byggð lágresta þá er svæðið opnara, íbúðir færri og þar með íbúar. Vonandi verður umferð þá minni og minna ónæði fyrir dýralíf. Auk þess er gert ráð fyrir svæði meðfram ströndinni þar sem mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Settir eru skilmálar um að frárennsli frá byggð valdi ekki mengun í Borgarvogi og að við gerð deiliskipulags skuli samhliða gerðar áætlanir um endurheimt votlendis til að koma til móts við þá röskun á votlendi sem þarna verður óhjákvæmilega.

Niðurstaða sveitarfélagsins er að setja nýja íbúðarbyggð vestan Borgarvogar inn í vinnslutillögu nýs aðalskipulags og setja skilmála um að uppbygging þar verði áfangaskipt og sú áfangaskipting verði útfærð í deiliskipulagi. Það kemur að því að þörf verður fyrir nýtt svæði fyrir íbúðir en út frá drögum að Húsnæðisáætlun 2024 þá er það mat sveitarfélagsins að það verði ekki fyrr en eftir gildistíma aðalskipulagsins sem er til 2037. Skilmálar miða við það.

TAFLA 6. Niðurstaða mats á umhverfisáhrifum fyrir íbúðarbyggð vestan Borgarvogar.

UMHVERFISÞÁTTUR	MAT Á ÁHRIFUM STEFNU		SKÝRING	SKILMÁLAR Í AÐALSKIPULAGI TIL AÐ DRAGA ÚR ÁHRIFUM
Samfélag	Jákvæð	Neikvæð	Fjölbreytt framboð íbúðarhúsnæðis. Gott landbúnaðarland er tekið undir aðra landnotkun. Dreifðari byggð, verri nýting lands og grunnkerfa.	Uppbygging verði eftir lok skipulagstímans, áfangaskipta uppbyggingu.
Heilsa, vellíðan og öryggi	Jákvæð		Græn svæði, náttúra, útivist.	
Gróður og dýralíf	Neikvæð		Votlendi, leirur, fuglar verða fyrir áhrifum.	Strandsvæði meðfram sjónum og lágmarks mannvirkjagerð þar. Lægri mannvirki næst Borgarvogi. Gæta að frárennsli valdi ekki mengun. Skilmálar um endurheimt votlendis.
Vatn, sjór og strönd	Neikvæð		Minna afrennsli ferskvatns í Borgarvog, skert miðlun næringar-efna.	Nýta ofanvatnslausnir til að viðhalda votlendi innan um byggðina og afrennsli ferskvatns í Borgarvog.
Vernd	Neikvæð		Svæði á náttúruminjasrá og vistgerðir sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.	Halda skal í græn svæði og votlendi eins og hægt er, útfært í deiliskipulagi. Endurheimta votlendi í stað þess sem tapast.
Menningarminjar	Óviss		Eftir að skrá minjar.	Í deiliskipulagi skal gera grein fyrir minjum.
Land og landslag	Neikvæð		Byggð breytir náttúrulegu landslagi og ásýnd.	Gert ráð fyrir grænum svæðum innan um byggðina og með Borgarvogi.
Loftslag	Jákvæð	Neikvæð	Stutt fyrir íbúa að sækja vinnu. Gróið land og votlendi raskast.	Halda skal í græn svæði og votlendi eins og hægt er, útfært í deiliskipulagi. Endurheimta votlendi í stað þess sem tapast.

8.4.4 Stefna um hverfisvernd

Við endurskoðun aðalskipulags var hverfisvernd yfirfarin og er hún látin ná yfir þau svæði þar sem sveitarstjórn vill tryggja vernd umfram þá vernd sem er skv. lögum eða öðrum verndarákvæðum. Óbreytt hverfisverndarsvæði eru á Grábrók og Grábrókarhrauni, Ferjukoti og nágrenni, Tvídæguru og Arnarvatnsheiði, Borg á Mýrum, Litlu Brákarey og Englendingavík, og Hallmundarhrauni. Á þessum svæðum er að finna stór samfelld hraun, fjörur, leirur, votlendi, hverasvæði, menningarminjar og svæði á B hluta náttúruminjasrá. Árhver er settur undir hverfisvernd, þar er um að ræða náttúrulegan hver og svæðið umhverfis hann.



Felld eru út hverfisverndarsvæði í gildandi skipulagi sem byggðu á vernd skv. lögum um náttúruvernd en ákvæði laganna ná að sjálfsgöðu áfram yfir þau svæði. Í gildandi skipulagi var ekki að finna skilmála fyrir svæðin, umfram það sem tilgreint er í lögnum. Þar sem við á eru settir sérskilmálar fyrir landnotkun um að taka skuli tillit til náttúruyfyrirbæra eða minja eftir því sem hægt er, í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í gildandi skipulagi var hverfisvernd sett yfir öll svæði sem þá höfðu verið kortlögð og falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd eða undir lög um menningarminjar. Hverfisverndin náði einkum yfir hraun, votlendi, birkikjarr, fossa, og aldursfriðuð hús. Hverfisvernd er felld niður á stærstum hluta þessara svæða því um þau gilda ákvæði skv. lögum og í gildandi aðalskipulagi voru engin ákvæði um hverfisverndarsvæðin sem voru umfram ákvæði laga. Þá er hverfisvernd felld niður á hluta af óbyggðu svæði vestur af Langjökli en verndarmarkmið felld inn í sérskilmála um óbyggða svæðið. Bæjartorfa Hvanneyrar er færð úr hverfisvernd og sett undir minjavernd.

Stefna sem tekin er til mats

Hverfisvernd nær yfir þau svæði þar sem sveitarstjórn vill tryggja vernd, umfram þá vernd sem er skv. lögum eða öðrum verndarákvæðum. Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæða. Við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skal forðast að raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Votlendi og náttúrulegt birki fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd en þar segir að forðast skuli að raska vistgerðum sem falla undir lögin. Auk þess er hluti svæða áfram undir annarri vernd, s.s. friðlýst eða á náttúruminjasrá og gilda þá skilmálar og ákvæði þeirrar verndar varðandi alla landnotkun. Um hverfisvernduð votlendissvæði og svæði með náttúrulegu birki giltu engir skilmálar í eldra skipulagi, umfram það sem segir í lögum. Líffræðilegum fjölbreytileika er viðhaldið, ásamt búsvæðum dýra og tegundum sem njóta sérstakrar verndar. Sett er stefna um að forðast skuli rask á votlendi og að það skuli endurheimt þar sem hægt er og ekki eru lengur áform um ræktun.

Áhrif á menningarminjar eru óveruleg. Að hluta til er hverfisvernd nýtt til að vernda minjar, s.s. elstu minjar þéttbýlis í Borgarfirði og á Borg á Mýrum og mannvirki sem tengjast verslunarsögu Borgarness í Englendingavík. Minjar falla undir lög um menningarminjar sem tryggir verndun þeirra.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Jarðmyndanir falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd og njóta verndar skv. þeim. Fyrir landbúnaðarsvæði og óbyggð svæði er eftir því sem við á sett stefna um að forðast skuli að raska jarðmyndunum sem falla undir lögin.



Áhrif á loftslag eru jákvæð. Stefnan stuðlar að bindingu kolefnis því stór votlendissvæði, s.s. á Arnarvatnsheiði og Tvídægru, eru áfram undir hverfisvernd, ásamt birkiskógum. Jafnframt er sett stefna um að votlendi skuli endurheimt þar sem hægt er og ekki eru lengur áform um ræktun.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um hverfisvernd

Þó hluti svæða sé leystur undan hverfisvernd þá hefur það hefur óveruleg áhrif á minjar, og svæði sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd s.s. votlendi, birkiskógar, hraun og minjar. Í eldra skipulagi giltu engir skilmálar um svæðin umfram ákvæði í lögum, og áfram njóta þau verndar/friðunar skv. lögum um náttúruvernd eða lögum um menningarminjar. Stefnan styður við líffræðilegan fjölbreytileika og búsvæði dýra, einkum votlendisfugla. Einnig ýtir stefnan undir vernd votlendis og endurheimt þess.

8.4.5 Stefna um skógrækt

Nokkur fjöldi skógræktarsvæða er víðs vegar í Borgarbyggð. Einnig er talsverður fjöldi jarða sem hefur gert samning við Land og skóg (áður Skógræktina) eða landshlutaverkefni í skógrækt um að rækta skóg á sínu landi. Stefnan gerir ráð fyrir að skógrækt sé nýtt til bindingar kolefnis, til nytja og til útivistar. Skipulagsreglugerð gerir ráð fyrir að skógrækt og landgræðsla sé sér landnotkunarflokkur og því eru þau svæði nú afmörkuð á uppdrætti og sett um þau skilmálar. Stefna aðalskipulags kveður á um að skógræktarsvæði sem eru 50 ha og stærri skuli afmarka í aðalskipulagi.

Skógrækt stuðlar að bindingu kolefnis en breytir einnig ásýnd og yfirbragði lands. Skógrækt á ekki heima hvar sem er og í því sambandi er t.d. mikilvægt að horfa á hvaða land er best fallið til matvælaframleiðslu og nýta það land sem hentar síður til þess til að rækta skóg. Stefnan gerir ráð fyrir því.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í eldra skipulagi eru fá afmörkuð skógræktarsvæði enda var gert ráð fyrir skógrækt á landbúnaðarsvæðum eða opnum svæðum til sérstakra nota skv. þágildandi skipulagsreglugerð. Skv. gildandi skipulagsreglugerð nr. 90/2013 skal afmarka sérstaklega svæði undir skógrækt. Stefna í endurskoðuðu aðalskipulagi kveður á um að skógræktarsvæði sem eru 50 ha eða stærri séu afmörkuð á skipulagsuppdrætti og settir skilmálar fyrir þau. Skógrækt á svæðum undir 50 ha er áfram heimil á landbúnaðarsvæðum, nema á landbúnaðarlandi í flokki I er aðeins heimilt að vera með skjólbelti. Í endurskoðuðu aðalskipulagi er aðeins heimil skjólbeltarækt á landbúnaðarlandi í flokki I, en í eldra skipulagi var mælt til þess að skógrækt væri stunduð utan góðs ræktanlegs lands. Flokkun landbúnaðarlands er sýnd á mynd 8.

Stefna sem tekin er til mats

Ný skógræktaráform sem ná til 50 ha eða stærra svæðis eru háð því að svæðið sé afmarkað á aðalskipulagsuppdrætti. Heimil eru mannvirki sem tengjast rekstri, viðhaldi, og vinnslu skógarsvæða, ásamt aðstöðu til útivistar.

Skógrækt á allt að 50 ha er heimil á landbúnaðarsvæðum. Skógrækt getur falist í skjólbeltum og annarri hagnýtingu trjágróðurs til landbóta, fegrunar og skjóls auk landgræðslu. Á landbúnaðarlandi í flokki I er heimilt að vera með skjólbelti en ekki skógrækt.

Skógrækt er ekki heimil á svæðum sem njóta verndar vegna jarðminja, vistkerfa eða menningarminja sbr. ákvæði laga um náttúruvernd og laga um menningarminjar. Í náttúrulegum birkiskógum er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar plöntur.



Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á lífsgæði, s.s. aðgengi fólks að grænum svæðum og náttúru?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð/neikvæð. Jákvæð áhrif eru því skógur og skjólbeltarækt skapar skjól og bætir gæði byggðar ásamt því að skógræktarsvæði eru áhugaverð til ýmis konar útiveru og útivistar. Skógræktarsvæði geta t.d. verið kjörin fyrir ýmis konar afþreyingarstarfsemi og ferðaþjónustu. Ekki er heimilt að taka besta ræktunarlandið undir samfellda skógrækt. Heimildir fyrir skógrækt á landbúnaðarlandi hafa óveruleg áhrif á nýtingu mjög góðs ræktunarlands í flokki I, en geta haft neikvæð áhrif á nýtingu lands í flokki II ef það er tekið undir samfellda skógrækt. Mögulegt er að fjarlægja skóg af landi en slík aðgerð er tímafrek og kostnaðarsöm og ekki líklegt að til þess komi.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru jákvæð. Stefnan heimilar að skógræktarsvæði séu nýtt til útivistar og útiveru, sem aftur stuðlar að betri heilsu þeirra sem það stunda. Tækifæri er fyrir íbúa og gesti að njóta skjólsælla náttúru-svæða.

Áhrif á gróður og dýralíf eru metin óviss/jákvæð og fer eftir aðstæðum á hverjum stað. Gróðurfar svæða breytist við skógrækt og er mikilvægt að taka tillit til vistgerða sem njóta sérstakrar verndar við val á svæðum til skógræktar. Einnig þarf að horfa á niðurstöðu á flokkun landbúnaðarlands og að land sem hentar vel til matvælaframleiðslu sé ekki tekið undir skógrækt. Sé þetta gert eru áhrif skógræktar jákvæð og stefna sveitarfélagsins gerir ráð fyrir því. Rætur trjáa binda jarðveg og minnka líkur á að hann rofni vegna vinds og vatns. Skógur veitir skjól fyrir vindrofi. Skógrækt getur þannig stuðlað að vernd jarðvegs. Dýralíf svæða breytist við umfangsmikla skógrækt, einkum á þetta við um fugla. Þær tegundir sem eru til staðar kunna að hverfa og aðrar koma í staðinn. Mikilvæg búsvæði fugla kunna að raskast.

Áhrif á menningarminjar eru óveruleg. Skógrækt skal taka tillit til búsetulandslags, náttúru- og menningarminja.

Áhrif á land og landslag eru jákvæð/neikvæð. Skógrækt breytir yfirbragði og ásýnd lands. Almennt er fallegur skógur til þýði og hefur jákvæð áhrif. Neikvæð áhrif verða ef skógur byrgir sýn til fjalla, fossa eða annarra náttúru-fyrirbæra.

Áhrif á loftslag eru jákvæð. Skógrækt stuðlar að bindingu kolefnis og minnkar gróðurhúsaáhrif. Sett er stefna um að forðast skuli að raska vistgerðum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd með skógrækt eða skjólbeltarækt. Þetta stuðlar m.a. verndun votlendis og að það nýtist áfram til bindingar kolefnis.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um skógrækt

Stefna um skógrækt hefur á heildina litið jákvæð áhrif. Skógur skapar skjól og er áhugaverður til útivistar og útiveru, ef um hann eru lagðir stígar/brautir. Þá bindur skógur kolefni og minnkar gróðurhúsaáhrif. Stefnan heimilur ekki að taka besta ræktunarlandið undir skógrækt og hefur það jákvæð áhrif á nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu. Skógrækt og skjólbeltarækt er ekki heimilur á votlendi eða öðrum svæðum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Þetta stuðlar að því að votlendi verði áfram til staðar og bindi kolefni.

Neikvæð áhrif skógræktar geta verið ef gott landbúnaðarland er tekið undir samfellda skógrækt. Skógrækt breytir ásýnd lands og getur byrgt sýn til áhugaverðra náttúrufyrirbæra. Hægt er að koma í veg fyrir neikvæð áhrif með því að vanda val á svæðum til skógræktar. Bæði með því að horfa á niðurstöðu á flokkun landbúnaðarlands og nýta það land sem síður hentar til ræktunar og matvælaframleiðslu fyrir skógrækt. Einnig að gæta þess að rækta ekki skóg sem byrgir sýn til náttúrufyrirbæra frá helstu ferðaleiðum.

8.4.6 Stefna um efnistöku

Í tengslum við endurskoðun aðalskipulags fór Vegagerðin yfir þau efnistökusvæði sem eru í Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022. Samráð var við Vegagerðina um staðsetningu svæða, stærð þeirra og efnismagn sem heimilt er að nýta á hverjum stað á skipulagstímanum.

Fjölmörg efnistökusvæði eru víðs vegar í sveitarfélaginu skv. eldra skipulagi en engin á hálendinu. Til viðhalds hálendisvega hefur efni verið tekið hér og þar í nágrenni veganna en ekki á skilgreindum efnistökusvæðum. Til að bæta úr því eru afmörkuð svæði meðfram Kaldadalsvegi og vegi um Arnarvatnsheiði og heimiluð lítil efnistaka úr hverju þeirra. Efnistökusvæðin eru utan verndarsvæða.

Vegagerðin óskaði eftir að sett yrði á aðalskipulag nýtt efnistökusvæði á Heggstöðum á Mýrum. Efni yrði einkum nýtt við endurbætur á vegum, s.s. Heydalsvegi, eins er þörf á efnistökusvæðum vegna breytinga á Uxahryggjavegi. Auk þess að efni úr efnistökusvæðum sé nýtt fyrir ýmis konar samgöngur þá er það jafnframt nýtt til byggingarframkvæmda. Ekki er gert ráð fyrir að efnistökusvæði stækki sem neinu nemur.

Breytingar frá gildandi stefnu

Eldra skipulag stefndi að því að fækka efnistökusvæðum úr 95 í 50 á skipulagstímatímanum, það varð ekki að veruleika og er fallið frá þeirri stefnu. Við endurskoðun er bætt við efnistökusvæðum með Kaldadalsvegi og vegi um Arnarvatnsheiði, en þar voru engin efnistökusvæði í gildandi skipulagi. Sömuleiðis er bætt við efnistökusvæði til vegagerðar á Heggstöðum á Mýrum og með Uxahryggjavegi. Engin efnistökusvæði eru tekin út.

Stefna sem tekin er til mats

Lögð er áhersla á nægt framboð jarðefna, efnistökusvæða og efnisvinnslusvæða og að þau séu eftir því sem hægt er nálægt notkunarstað efnis. Lágmarka skal áhrif efnistöku á landslag, lífríki, náttúru og minjar, forðast skal efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Styður stefnan við skilvirkar samgöngur og jafnvægi milli ferðamáta? Stuðlar stefnan að góðum grunnkerfum, s.s. samgöngum og veitum ásamt öruggri orku?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi fólks vegna náttúruvárs, umferðaröryggis eða annarra áhrifaþátta?



Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Efnistökusvæði eru ein af forsendum fyrir góðum samgöngum og að hægt sé að byggja upp stígakerfi fyrir gangandi og hjólandi. Að auki eru efnistökusvæði forsenda fyrir byggingarframkvæmdum og þar með þjónustu við íbúa og gesti og fjölgun þeirra.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru jákvæð. Góðar samgöngur efla umferðaröryggi. Efnistökusvæði eru ein forsenda þess að samgöngur geti verið góðar.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Sett er stefna um að lágmarka skuli áhrif efnistöku á lífríki og náttúru sem er sérstæð. Samt sem áður er rask á landi/gróðri og jafnvel búsvæðum í einhverjum tilfellum óhjákvæmilegt. Þó eru settir skilmálar um að lágmarka skuli áhrif efnistöku á landslag, lífríki, náttúru og minjar og forðast að taka efni á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Eftir því sem við á eru settir skilmálar fyrir námur um hvernig hægt er að lágmarka áhrif á gróður og dýralíf.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Efnistökusvæði eru ekki afmörkuð í ám, vötnum eða strönd.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Sett er stefna um að forðast skuli efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Í einhverjum tilfellum, eins og með Kaldadalsvegi, eru efnistökusvæði í nágrenni friðlands. Í því tilfalli er um að ræða þegar raskað svæði vegna vegarins og áhrifin því metin óveruleg þar sem um minniháttar efnistöku verður að ræða.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð/óveruleg. Efnistaka breytir landslagi og ásýnd svæða varanlega. Í stefnu um efnistökusvæði er gert ráð fyrir að þau séu þannig staðsett að þau hafi ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir eða víðerni.

Áhrif á loftslag eru jákvæð. Með því að efnistökusvæði séu í nágrenni við notkunarstað efnis þá dregur úr akstri með efni og þar með losun gróðurhúsalofttegunda.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um efnistöku

Sveitarfélagið er hlynnt því að þau svæði sem nýtt eru fyrir efnistöku séu á skipulagi, enda er þá hægt að veita framkvæmdaleyfi fyrir nýtingu þeirra. Áhrif efnistöku á land og landslag eru alltaf neikvæð vegna sýnileika og breytinga á landslagi. Til að draga úr áhrifunum er sett stefna um að lágmarka skuli áhrif efnistöku á landslag og að forðast skuli efnistöku á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Til að lágmarka áhrif efnistöku má áfangaskipta efnisvinnslu í stórum námum, vanda umgengni á vinnslutíma og loka námum milli þess sem þær eru nýttar.

8.4.7 Breytingar á Uxahryggjavegi

Í Samgönguáætlun er fjallað um endurbætur á Uxahryggjavegi á árabílinu 2025-2029. Vegagerðin hefur hafið undirbúning framkvæmda og sett fram hugmynd að breyttri legu vegarins á kafla. Send hefur verið fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun kvað upp úrskurð 1. júlí 2024 um að framkvæmdin væri líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif og skyldi háð mati á umhverfisáhrifum.

Alls er um að ræða 23 km kafla á Uxahryggjavegi, frá Brautartungu austur að sveitarfélagamörkum. Vegurinn verður að hluta til endurbýggður í núverandi vegstæði og að hluta til er veglína breytt á um 9 km kafla (mynd 22). Tilgangur framkvæmdarinnar er að bæta samgöngur milli Borgarfjarðar og Þingvalla/Suðurlands, einkum að vetrarlagi. Með endurbótum á veginum verður mögulegt að halda leiðinni opinni yfir veturinn. Efnistaka verður úr núverandi og nýjum námum í nágrenni vegarins og úr skeringum meðfram veginum. Núverandi vegur verður fjarlægður þar sem nýr vegur víkur frá honum, og landið aðlagð að landi umhverfis.

Borgarbyggð er hlynnt því að vegurinn verði lagfærður og fær allt árið.



MYND 22. Gul lína sýnir þann kafla á Uxahryggjavegi sem verður endurbættur og breytt. Rauð lína er núverandi vegur.

Breytingar frá gildandi stefnu

Stefna eldra skipulags var að gerðar yrðu endurbættur á Uxahryggjavegi og að hann yrði heilsársvegur, er það í samræmi við stefnu í endurskoðuðu aðalskipulagi. Vegurinn er færður til norðurs u.þ.b. á kaflanum frá Hryggjasundi austur að sveitarfélagamörkum við Bláskógabyggð.

Stefna sem tekin er til mats

Bornir eru saman tveir valkostir um veglínur frá Vegagerðinni. Annars vegar leið A sem er núverandi vegur, og hins vegar leið B sem er breytt veglína.

Leið A. Núverandi veglína. Þegar komið er upp fyrir byggðina er vegurinn niðurgrafinn og hlykkjóttur. Vegurinn lokast þegar snjóar og opnast aftur þegar hlánar. Vegurinn getur verið lokaður allan veturinn vegna snjóá eða aurbleytu.

Leið B. Uxahryggjavegur verður endurbættur frá Brautartungu austur að sveitarfélagamörkum og gerður þannig að hann verði fær allt árið. Vegurinn er færður til norðurs á kaflanum frá Hryggjasundi austur að sveitarfélagamörkum.



mörkum við Bláskógabyggð. Núverandi vegur verður fjarlægður þar sem nýr vegur víkur frá honum, og landið aðlagð að landi umhverfis.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Stuðlar stefnan að góðum grunnkerfum, s.s. samgöngum og veitum ásamt öruggri orku? Styður stefnan við gott framboð þjónustu?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi fólks vegna náttúruvár, umferðaröryggis eða annarra áhrifaþátta?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á víðerni?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti – leið A

Áhrif á samfélag eru neikvæð. Vegurinn er lokaður stóran hluta ársins og nýttist þá ekki sem hluti af grunnkerfinu fyrir íbúa og ferðamenn.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru óveruleg. Vegna þess hve hlykkjóttur og niðurgrafinn vegurinn er þá er umferðarhraði tiltölulega lágur sem bætir umferðaröryggi.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Vegurinn er til staðar. Gróður og dýralíf verður ekki fyrir áhrifum umfram það sem er í dag.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Engin áhrif umfram það sem er í dag.

Áhrif á menningarminjar eru óverulegar. Vegurinn er til staðar.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Vegurinn er til staðar.

Áhrif á umhverfisþætti – leið B

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Samgöngur batna við endurbætur á Uxahryggjavegi og við þetta opnast hringleið sem verður fær allt árið. Líklega skapast ný tækifæri í ferðaþjónustu og nýting núverandi áningarstaða gæti aukist. Vegabætur á Uxahryggjarvegi eru í samræmi við stefnu sveitarfélagsins um að efla Borgarfjörð sem áfangastað.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru jákvæð. Samgöngur verða öruggari og betri en er í dag svo umferðaröryggi batnar.

Áhrif á gróður og dýralíf eru neikvæð. Ný veglína fer yfir votlendi og vistgerðir sem hafa hátt eða mjög hátt verndargildi verða fyrir raski. Búsvæði votlendisfugla skerðast þar sem ný veglína fer yfir votlendi.



Áhrif á vatn eru óveruleg. Engar námur eru fyrirhugaðar á áreyrum. Ráðgert er að setja ræsi í ár og kann það að hafa áhrif á för seiða og fiska. Ekki er gert ráð fyrir að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á vatnshlot. Núverandi vegur er innan vatnsverndarsvæðis Þingvallavatns. Breytt veglína er færð til norðurs og út fyrir verndarsvæðið.

Áhrif á menningarminjar eru neikvæðar. Minjar hafa verið skráðar á framkvæmdasvæði og eru margar þeirra í hættu vegna framkvæmda. Mótvægisáðgerðir verða mótaðar í ferli umhverfismats framkvæmdarinnar.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð/óveruleg. Landi og landslagi er breytt með nýrri veglínu, fyllingum og skeringum. Ekki er talið að jarðmyndanir sem njóta verndar verði fyrir raski. Engin áhrif á víðerni því tvær háspennulínur liggja um svæðið ásamt núverandi Uxahryggjavegi.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af breytingum á Uxahryggjavegi

Núverandi vegur er ekki að nýtast sem hluti af grunnkerfinu nema lítinn hluta úr ári. Þörf er á betri vegi fyrir íbúa og atvinnulíf. Því eru áhrif af núverandi vegi metin neikvæð.

Ljóst er að endurbætur og breytt veglína fyrir hluta Uxahryggjavegar hafa bæði jákvæð og neikvæð áhrif. Jákvæð áhrif verða vegna bætts umferðaröryggis, möguleika á nýrri ferðaleið og að öllum líkindum nýrra tækifæra í ferðaþjónustu. Neikvæð áhrif verða vegna áhrifa á votlendi, búsvæði fugla, minja sem eru innan vegsvæðis og breyttrar ásýndar svæðis.

Til að draga úr neikvæðum áhrifum er fyrirhugað að endurheimta um 19 ha af votlendi, sem næst framkvæmdasvæði, í stað þess sem raskast. Við lokahönnun vegarins áformar Vegagerðin að skoða hvort hægt er að hnika veginum til og minnka rask á votlendi.

Mikilvægt er, eftir því sem hægt er, að tekið verði tillit til þekktra minja við lokahönnun vegarins, staðsetningu vinnubúða og athafnasvæða sem tengjast framkvæmdinni. Minjar verði merktar til að draga úr líkum á að þær verði fyrir raski. Hafa skal samráð við Minjastofnun varðandi minjavernd.

Framkvæmdir valda neikvæðum áhrifum á land og landslag. Hægt er að draga úr þeim áhrifum með því að láta vegfláa og skeringar falla sem best að landi umhverfis. T.d. með því að halda til haga svarðlagi og nýta í frágang.

8.4.8 Stefna um verslunar- og þjónustusvæði í dreifbýli

Ferðaþjónusta er stunduð víða í dreifbýli, ýmist nokkuð umfangsmikil á stærri verslunar- og þjónustusvæðum eða á minni svæðum þar sem umfang er minna. Ýmis konar þjónusta er í boði s.s. gisting, veitingar og afþreying.

Breytingar frá gildandi stefnu

Eldra aðalskipulag heimilaði svæði fyrir ýmis konar þjónustu, einkum gistingu og veitingar.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er sett stefna um að á hverjum tíma sé í boði fjölbreytt verslun- og þjónusta og nægt framboð svæða/lóða fyrir slíka starfsemi. Vilji er til þess að Borgarfjörður sé öflugur áfangastaður allt árið og að ferðaþjónusta nýtist bæði íbúum og ferðamönnum. Í endurskoðuðu aðalskipulagi fjölgar þeim stöðum í dreifbýli þar sem fyrirhugað er að reka ferðaþjónustu

Í samræmi við stefnuna eru sett inn ný og aukin verslunar- og þjónustusvæði í Eskiholti og á Snorrastöðum.

- Í Eskiholti er rekin gisting í litlum gestahúsum en fyrirhugað er að stækka starfsemina. Svæðið var frístunda- byggð í eldra skipulagi.



- Á Snorrastöðum er rekin ferðapjónusta með veitingasölu, gistingu og tjaldsvæði. Fyrirhugað er að stækka starfsemina verulega. Svæðið sem um ræðir er landbúnaðarland í flokki I og II. Verslunar- og þjónustusvæðið hefur verið minnkað um ca 12 ha frá fyrstu hugmyndum um afmörkun þess og settir eru skilmálar um að á þeim hluta landsins sem er landbúnaðarland í flokki I skuli starfsemi og framkvæmdir vera afturkræfar. Skoða þarf hvort áform um gistingu fyrir 255 gesti falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Stefna sem tekin er til mats

Á hverjum tíma sé í boði fjölbreytt verslun- og þjónusta og nægt framboð svæða/lóða fyrir slíka starfsemi. Borgar-fjörður sé öflugur áfangastaður allt árið og ferðapjónusta nýtist bæði íbúum og ferðamönnum. Taka skal tillit til umhverfis- og náttúruverndar við skipulag og þróun svæða. Við byggingu mannvirkja og aðrar framkvæmdir skal forðast að raska verndarsvæðum, vistgerðum og jarðmyndunum sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í dreifbýli skal ekki taka mjög gott landbúnaðarland í flokki I til annarra nota nema rökstyðja slíka breytingu m.t.t. viðmiða í 5. gr. jarðalaga.

Ný svæði fyrir verslun- og þjónustu eru í Eskiholti (VP15, gisting fyrir 24 gesti) og á Snorrastöðum (VP16, gisting fyrir 255 gesti).

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi? Styður stefnan við gott framboð þjónustu? Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis? Stuðlar stefnan að orkuskiptum í samgöngum?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Möguleikar eru á svæðum fyrir fjölbreytta verslun- og þjónustu, ný störf verða til og starfsemi styður við búsetu í dreifbýli.

Hugmyndir um ferðapjónustustarfsemi á Snorrastöðum miða að hluta við uppbyggingu á landbúnaðarlandi í flokki I en til að minnka áhrif á landbúnaðarland hefur svæðið verið minnkað og settir skilmálar um að á landbúnaðarlandi í flokki I skuli aðeins vera starfsemi og framkvæmdir sem eru afturkræfar. Að teknu tilliti til þeirra skilmála eru áhrif á samfélag jákvæð.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Ef tekið er tillit til þeirrar stefnu að skipulag stuðli að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, varðveislu jarðvegs og gróðurs og að leitast verði við að vernda jarðveg og endurheimta vistkerfi þá eru áhrif á gróður og dýralíf óveruleg. Stefnit er að vönduðum frágangi mannvirkja og að raskað svæði verði fellt að aðliggjandi landi, s.s. með endurheimt staðargróðurs. Á svæði fyrir fyrirhugaða uppbyggingu í Eskiholti II er

birkiskógur sem nýtur sérstakrar verndar skv. ákvæði náttúruverndarlaga. Í skilmálum fyrir svæðið eru settir ákvæði um að fella byggðina að skóginum.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Reiknað er með að gengið verði frá mannvirkjum, einkum fráveitu, á fullnægjandi hátt svo ekki sé hætt á mengun.

Áhrif á vernd eru óveruleg. Með því að taka tillit til verndarsvæða, vistkerfa og jarðminja sem njóta verndar þá eru áhrifin óveruleg. Ný svæði fyrir verslun og þjónustu eru ekki á slíkum svæðum.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Það er sett stefna um að uppbygging og landnýting varðveiti og efla gæði sem felast í landslagi og sérkennum náttúru og byggðar á hverjum stað og að leitast skuli við að fella mannvirki vel að landi. Stefna um uppbyggingu á Snorrastöðum er í framhaldi af þeirri uppbyggingu og þjónustu sem þar er í dag. Í Eskiholti eru heimildir fyrir útleigu gistingar í deiliskipulagi en fyrir henni skorti heimild í aðalskipulagi sem nú er leiðrétt. Uppbygging þar fellur inn í frístundabyggð innan birkiskógar sem fyrir er og áhrif á land og landslag eru því óveruleg.

Áhrif á loftslag eru óveruleg. Land verður fyrir raski við mannvirkjagerð, þ.m.t. gróður. Til að stuðla að áframhaldandi kolefnisbindingu er sett stefna um að í deiliskipulagi skuli grænir innviðir, s.s. tré og annar gróður ásamt útivistarsvæðum vera hluti af skipulagi svæða. Við frágang umhverfis mannvirki verði staðargróður endurheimtur, ef við á og komið upp rafhleðslustöðvum við nýjar byggingar.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um verslunar- og þjónustusvæði

Stefna um fjölbreytta verslunar- og þjónustustarfsemi í dreifbýli Borgarbyggðar styður við sjálfbæra byggðapróun, atvinnusköpun og bætt aðgengi að þjónustu fyrir bæði íbúa og ferðamenn. Neikvæð áhrif voru greind á gott landbúnaðarland vegna fyrirhugaðrar starfsemi á Snorrastöðum. Til að draga úr neikvæðum áhrifum var svæðið minnkað og settir skilmálar um að á landbúnaðarlandi í flokki I skuli aðeins vera afturkræfar framkvæmdir og starfsemi.

Áhrif á umhverfisþætti eru að mestu leyti metin óveruleg, að því gefnu að fylgt verði stefnu um náttúruvernd, vandaðan frágang mannvirkja og að mannvirki séu aðlöguð að landi og staðháttum. Með áherslu á græna innviði, endurheimt staðargróðurs og rafvæðingu samgangna eru jafnframt tekin skref til að draga úr áhrifum á loftslag og styðja við kolefnisbindingu.

Heildstæð nálgun skipulagsins sem felur í sér jafnvægi á milli samfélagslegra þarfa, náttúruverndar og atvinnu-uppbyggingar er í samræmi við markmið landsskipulagsstefnu og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Stefna sveitarfélagsins um að Borgarfjörður verði öflugur heilsársáfangastaður með fjölbreytta þjónustu og tillit til náttúru er þannig bæði raunhæf og ábyrg.

8.4.9 Stefna um íbúðarbyggð í dreifbýli

Í endurskoðuðu aðalskipulagi er stefna um íbúðabyggð í dreifbýli þessi:

- Ávallt séu í boði ýmis konar búsetukostir og húsagerðir sem ýta undir fjölbreytta samfélagsgerð, henta mismunandi fjölskyldumynstri og aldursskeiði, og valkostir séu um búsetu í dreifbýli og þéttbýli.
- Skipulag í dreifbýli efla sveitina sem góðan búsetukost með fjölbreyttum atvinnumöguleikum, góðum samgöngum, fjarskiptum og almennri þjónustu.
- Búseta í dreifbýli, með eða án tengsla við landbúnað, verði álitlegur kostur. Leggja skal áherslu á að beina uppbyggingu að þegar byggðum svæðum og að ný byggð taki mið af fyrirliiggjandi byggðamynstri. Hugað verði að þéttleika nýrra svæða, land sé vel nýtt en í góðu samræmi við þegar byggð svæði þar sem tekið er tillit til byggðamynsturs.



Stefna um búsetu á landbúnaðarlandi er þessi:

- Borgarfjörður er sterkt landbúnaðarhérað þar sem byggt er á hefðbundnum landbúnaði og sköpuð skilyrði fyrir aðra starfsemi sem fellur vel að búskap eða búsetu í dreifbýli.
- Innan landbúnaðarlands haldist dreifbýlisyfirbragð, þ.e. þar verði ekki samfelld byggð eða götummynd. Búseta í dreifbýli án beinna tengsla við landbúnað er álitlegur kostur en beina skal uppbyggingu á þegar byggð svæði nálægt bæjartorfum og þeim innviðum sem þegar eru, vegum og veitum.

Stefnunni er fylgt eftir með almennum skilmálum um landbúnaðarsvæði sem heimila 3 byggingarlóðir samtals fyrir íbúðarhús og/eða frístundahús á bújörðum og heimild til að byggja upp til fastrar búsetu á landi sem er að jafnaði 3 ha eða stærra. Beina skal uppbyggingu á bæjartorfur en einnig er gert ráð fyrir nokkrum skilgreindum íbúðasvæðum í dreifbýli.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í gildandi stefnu um íbúðabyggð í dreifbýli eru áherslur mjög áþekkar og í endurskoðuðu aðalskipulagi. Þar var áhersla á að á hverjum tíma væri nægt framboð af áhugaverðum búsetukostum þar sem reynt væri að koma til móts við óskir samfélagsins á hverjum tíma. Eins voru í gildi heimildir fyrir uppbyggingu íbúðarhúsa á landbúnaðarsvæðum, sem tengjast stærð lands og almennt horft til þess að innan landbúnaðarlands haldist dreifbýlisyfirbragð og að ekki verði samfelld byggð eða götummynd.

Breytingin á almennri stefnu um íbúðabyggð í dreifbýli snýr að sterkari áherslu á að búseta í dreifbýli án tengsla við landbúnað sé álitlegur kostur, sveitin sé góður búsetukostur og valkostir séu um búsetu í dreifbýli eða þéttbýli. Borgarbyggð vill gjarnan fjölga íbúum í dreifbýli.

Nokkur skilgreind íbúðarsvæði eru í dreifbýli í gildandi skipulagi en til viðbótar er í endurskoðuðu skipulagi bætt við þessum íbúðarsvæðunum; Ánastaðir (ÍB15) og Brekkukot (ÍB14).

Stefna sem tekin er til mats

Ávallt séu í boði ýmis konar búsetukostir og húsagerðir sem ýta undir fjölbreytta samfélagsgerð, henta mismunandi fjölskyldumynstri og aldurs skeiði, og valkostir séu um búsetu í dreifbýli og þéttbýli.

Búseta í dreifbýli, með eða án tengsla við landbúnað, verði álitlegur kostur og almennt horft til þess að innan landbúnaðarlands haldist dreifbýlisyfirbragð og að ekki verði samfelld byggð eða götummynd.

Ný svæði fyrir íbúðabyggð í dreifbýli eru Ánastaðir (ÍB15 allt að 60 íbúðir) og Brekkukot (ÍB14 allt 7 íbúðir til viðbótar við þær þrjár sem fyrir eru). Engin íbúðarhús eru í dag á svæðinu á Ánastöðum, svæðið er á landbúnaðarlandi og þar er töluvert votlendi. Til að takmarka röskun á votlendi eru settir skilmálar um að staðsetning lóða og byggingarreita skuli vera þannig að sem minnst röskun verði á votlendi. Í Brekkukoti eru í dag 3 lóðir fyrir íbúðarhús á landbúnaðarlandi, en gerð er tillaga að því bæta þar við 7 lóðum og afmarka svæði fyrir íbúðarbyggð í dreifbýli.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Mætir stefnan áætluðum húsnaðisþörfum m.t.t blöndunar húsagerða, og staðsetningu íbúðasvæða? Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?



Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Stefna aðalskipulagsins er í samræmi við húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2024 um að á hverjum tíma sé nægt framboð af áhugaverðum búsetukostum í dreifbýli. Ný íbúðarsvæði í dreifbýli styrkja búsetu í dreifbýli og styðja við ferðapjónustu, með valkosti fyrir starfsfólk um búsetu í dreifbýli. Stefnan stuðlar að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu og að mjög góðu landbúnaðarlandi sé ekki ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not.

Áformuð íbúðarbyggð í Brekkukoti er á sæmilegu landbúnaðarlandi en íbúðabyggð á Ánastöðum er áformuð á landbúnaðarlandi í flokki II sem er gott ræktunarland. Á því landi er engin ræktun, þar hafa ekki verið gerð tún eða landið unnið til að af því sem hægt að hafa uppskeru. Landið virðist þokkalegt beitoland. Ekki er hægt að sjá að breyting á skipulagi hafi áhrif á nærliggjandi ræktunarland eða aðrar jarðir, né að þær muni hefta aðgengi að nærliggjandi landbúnaðarlandi.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg og neikvæð. Áhrif almennrar stefnu um íbúðabyggð í dreifbýli eru óveruleg. Á nýju íbúðarsvæði á Ánastöðum er lítt raskað votlendi auk þess að vera á svæði sem er metið sem mikilvægt fuglasvæði skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar á 121 svæði á Íslandi sem telst alþjóðlega mikilvægt fyrir fugla. Til að koma í veg fyrir röskun á votlendi eru settir skilmálar um að fella skuli „byggðina vel að landi og gróðri til að vernda náttúrulegt yfirbragð svæðisins. Staðsetning lóða og byggingareita skal vera þannig að sem minnst röskun verði á votlendi og halda skal jarðraski í lágmarki.“ Miðað við útbreiðslu lítt raskaðs votlendis innan svæðisins er líklegt að uppbygging þess muni raska votlendi, þó svo að jarðraski yrði haldið í lágmarki, og hafa neikvæð áhrif á búsvæði fugla á þessu 112 ha svæði.

Væntanleg íbúðarbyggð á landnotkunarreit ÍB14 Brekkukot er á svæði þar sem einhver skógrækt hefur verið stunduð. Ekki er um að ræða sérstæðan eða vistfræðilega mikilvægan birkiskóg sem nýtur verndar.

Áhrif á vernduð svæði eru óveruleg og neikvæð. Áhrif almennrar stefnu um íbúðabyggð í dreifbýli eru óveruleg. Uppbygging á nýju íbúðarsvæði á Ánastöðum er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á lítt raskað votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Samkvæmt [vistgerða kortlagningu](#) Náttúrufræðistofnunar Íslands er meirihluti þess svæðis á Ánastöðum sem er áætlað fyrir íbúðarsvæði votlendi.





MYND 23. ÍB15 Ánastaðir til vinstri (fjólublár fláki), og til hægri skjáskot af votlendi stærra en 20.000 m² (ljóst svæði) skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar af lítt röskuðu votlendi sem nýtur verndar skv. lögum nr. 60/2013, 61. gr. Kort eru ekki í kvarða.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg og neikvæð. Áhrif almennrar stefnu um íbúðabyggð í dreifbýli eru óveruleg. Öll uppbygging íbúðabyggðar í dreifbýli getur haft neikvæð áhrif á land og landslag og almennt er dregið úr áhrifum stefnu aðalskipulagsins, með því að beina uppbyggingu á bæjartorfur, í nálægð við vegi, tilmælum um að halda í dreifbýlisyfirbragð og að ekki verði samfelld byggð eða götummynd. Svæðið á Ánastöðum er viðkvæmt fyrir áhrifum uppbyggingar íbúðabyggðar á landslag en það svæði er í landi sem einkennist af graslendum sléttum auk þess sem þar er víðsýnt. Á heildina eru áhrif stefnu um byggð í dreifbýli á land og landslag neikvæð en dregið er úr áhrifunum að einhverju leiti.

Áhrif á loftslag eru neikvæð. Líkur eru á neikvæðum áhrifum þegar gróið land og votlendi raskast og við það losna gróðurhúsalofttegundir og votlendið sem hverfur bindur ekki lengur kolefni.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um íbúðarbyggð í dreifbýli

Áhrif af stefnu um íbúðarbyggð í dreifbýli er líkleg til að vera jákvæð á samfélag með því að gefa kost á búsetu í dreifbýli í byggð sem er í samræmi við dreifbýlisyfirbragð. Stefna um ný íbúðarsvæði í dreifbýli getur einnig styrkt byggð, en neikvæð áhrif eru greind af nýju íbúðarsvæði á Ánastöðum á votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, möguleg neikvæð áhrif eru á dýralíf á svæði sem er mikilvægt fuglasvæði og neikvæð áhrif á landslag sem einkennist af graslendum sléttum þar sem er víðsýnt. Áhrif á loftslag eru neikvæð vegna mögulegra áhrifa vegna skerðingar á votlendi.

8.4.10 Stefna um frístundabyggð

Í Borgarbyggð eru nokkur svæði skilgreind fyrir frístundabyggð, sum með talsverðri uppbyggingu en önnur enn óbyggð og án deiliskipulags. Öll frístundabyggð er í einkaeigu og er sett á aðalskipulag samkvæmt óskum landeigenda.

Sveitarfélagið styður við frístundabyggð, þar sem hún skapar atvinnu, eykur eftirspurn eftir þjónustu í nærumhverfinu og er hluti af því að veita gestum góða þjónustu. Hins vegar vill sveitarfélagið forðast að mjög stór svæði séu tekin frá í aðalskipulagi án þess að raunveruleg uppbygging eigi sér stað. Því er mótuð stefna um hámarksstærð einstakra áfanga og að uppbygging fari fram í áföngum. Á hluta svæða fyrir frístundabyggð sem eru í aðalskipulagi eru jarðmyndanir eða vistgerðir sem falla undir 61. gr. laga um náttúruvernd. Á þeim svæðum sem eru lítt byggð eða óbyggð eru sett ákvæði um að taka skuli tillit til þessa og forðast að raska landi.

Breytingar frá gildandi stefnu

Stefna um frístundabyggð í eldra skipulagi er að hún skuli falla vel að umhverfi og ekki skerða vistkerfi eða landform, það verði ekki byggt á verndarsvæðum, flóðasvæðum eða óbyggðum svæðum. Tilttekinn hluti svæðis skal vera óbyggður og t.d. nýttur til útivistar.

Í endurskoðuðu skipulagi er mótuð ítarleg stefna sem leggur áherslu á að frístundabyggð verði skipulögð á samfelldum svæðum þar sem vegir, veitur og aðrir innviðir nýtast sem best. Frístundabyggð skal, eftir því sem unnt er, staðsett utan verndarsvæða, góðs ræktanlegs lands og svæða undir náttúruvá, svo sem vegna ofanflóða, sjávarflóða og gróðurelda. Byggðin skal falla vel að landi, landslagi og gróðri, og taka þarf sérstakt tillit til náttúru- og menningarminja við skipulagningu. Ný frístundasvæði skulu ekki vera stærrí en 25 ha innan hverrar jarðar og uppbygging vera áfangaskipt. Ekki skal hefja skipulagsvinnu við nýjan áfanga fyrr en lóðum á a.m.k. 2/3 hluta fyrri áfanga hefur verið úthlutað.

Áætlaður er hámarksfjöldi lóða fyrir alla frístundabyggð og fer fjöldi lóða m.a. eftir stærð lands og aðstæðum á hverjum stað. Þannig eru færri lóðir á þeim svæðum þar sem er hraun, votlendi, birkikjarr og annað sem nýtur einhvers konar verndar, ásamt því að fyrir þessi svæði eru sett sérákvæði til verndar náttúruvæðingum.

Bætt er við tveimur nýjum svæðum; Reyðarfellsskógi (F125) og Seleyrarlandi (F126) og frístundabyggð í Árdal (F41) og á Grímsstöðum (F12) er stækkuð. Auk þess er afmörkun margra svæða aðlöguð að landa- og lóðamörkum, ám og vötnum, ýmist til stækkunar eða minnkunar. Umfjöllun um nýtt svæði fyrir frístundabyggð á Kaldármelum (F127) er með umfjöllun um önnur uppbyggingaráform þar í sér kafla. Að öðru leyti eru svæði fyrir frístundabyggð þau sömu og eru í eldra aðalskipulagi.

Í Árdal er frístundabyggð í gildandi skipulagi og er hún stækkuð yfir svæði sem hefur verið nýtt til skógræktar. Seleyrarland er á landbúnaðarlandi í flokki III og IV og er heppilegt fyrir frístundabyggð hvað það varðar, auk þess að vera í framhaldi af svæði þar sem er seld gisting m.a. í frístundahúsum. Reyðarfellsskógur er á landbúnaðarlandi í flokki IV og í náttúrulegu skóglendi. Grímsstaðir eru í framhaldi af núverandi frístundabyggð og að mestu á landbúnaðarlandi í flokki III.

Stefna sem tekin er til mats

Frístundabyggð skal vera sem mest á samfelldum svæðum þannig að vegir, veitur og aðrir innviðir nýtist sem best. Ný svæði verði ekki stærrí en 25 ha innan hverrar jarðar, uppbygging verði áfangaskipt. Nýir áfangar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en lóðum á minnst 2/3 hluta fyrri áfanga hefur verið úthlutað.

Við skipulagningu frístundabyggðar skal vernda sérstæða náttúru- og menningarminjar og taka mið af náttúruvá s.s. hættu vegna flóða og gróðurelda. Frístundabyggð skal, eftir því sem hægt er, vera utan verndarsvæða og góðs ræktanlegs lands. Frístundabyggð skal falla vel að landslagi, landi og gróðri.

Frístundabyggð F41 í Árdal er stækkuð í 16,3 ha og á Grímsstöðum er F12 stækkuð í 75 ha. Sett er inn ný frístundabyggð F125 í Reyðarfellsskógi 25,9 ha og F126 á Seleyrarlandi 11,1 ha.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Styður stefnan við gott framboð þjónustu? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á mengun eða hávaða ? Hefur stefnan áhrif á náttúruvá í íbúðar- eða frístundabyggð og á megin samgöngu-æðum?



Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Menningarminjar	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar, búsetu- eða menningarlandslag?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?
Loftslag	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda og bindingu kolefnis?

Áhrif á umhverfisþætti:

Áhrif á samfélag eru jákvæð með stefnu um fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð. Settir eru skilmálar um að frístundabyggð sé ekki á mjög góðu landbúnaðarlandi.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru óveruleg. Dvöl í frístundahúsum í náttúruríku umhverfi Borgarfjarðar hefur jákvæð áhrif á heilsu og vellíðan. Við skipulag frístundabyggðar skal taka tillit til mögulegrar mengunar og hávaða og ganga skal frá fráveitu með fullnægjandi hætti. Við útfærslu frístundasvæða skal taka tillit til mögulegrar náttúruvár. Vegna nálægðar við þjóðveg 1 eru settir skilmálar fyrir frístundabyggð í Seleyrarlandi um að þar þurfi að gæta sértaklega að hljóðvist í deiliskipulagi.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Settir eru skilmálar um vernd sérstæðra vistgerða og jarðmyndana, friðlýstra tegunda, búsvæða sem njóta verndar og aðlögun frístundasvæða að náttúrunni. Fyrir frístundabyggð í Reyðarfells-skógi eru settir skilmálar um að forðast skuli rask á birki.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Reiknað er með að gengið verði frá mannvirkjum, einkum fráveitu, á fullnægjandi hátt svo ekki sé hætt á mengun.

Áhrif á vernd eru óveruleg en í stefnu um frístundasvæði er tekið tillit til verndarsvæða, vistkerfa og jarðminja sem njóta verndar. Fyrir frístundabyggð í Reyðarfellsskógi eru settir skilmálar um að forðast skuli rask á birki sem er verndað skv. 61. gr. náttúruverndarlaga.

Áhrif á menningarminjar eru óveruleg. Sett er stefna um að tekið skuli tillit til minja og helst skráning minja í hendur við deiliskipulagsgerð.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Byggð á að falla vel að landi skv. stefnunni og forðast skal rask á þekktum jarðmyndunum.

Áhrif á loftslag eru óveruleg. Stefnan miðar við að nýting lands sé skynsamleg og að forðast skuli að raska gróðri.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um frístundabyggð

Stefna sveitarfélagsins um frístundabyggð felur í sér varfærna og markvissa nálgun við uppbyggingu og nýtingu lands. Lögð er áhersla á að frístundabyggð sé afmörkuð, skipulögð í áföngum, staðsett utan viðkvæmra svæða og að hún falli vel að landi og umhverfi. Sérákvæði tryggja vernd náttúruvirkibæra, vistkerfa og menningarminja, og stuðla að hagkvæmri nýtingu innviða. Áhrif stefnunnar á umhverfisþætti eru að mestu leyti óveruleg.



8.4.11 Endurheimt farvegar Hítarár

Stórt berghlaup féll úr Fagraskógarfjalli vestan Hítarár í júlí 2018. Við það fylltist farvegur Hítarár á um 1,5 km kafla og um 7 km langur farvegur árinna er þurr neðan skriðunnar. Fyrir ofan skriðuna myndaðist lón þar til Hítará fann sér nýjan farveg framhá skriðunni og í hliðarána Tálma. Hítará er fengsæl laxveiðilá og í kjölfar berghlaupsins eru mikilvæg hrygningarsvæði nú þurr eða undir skriðunni. Verði ekkert að gert hefur göngufiskur ekki lengur aðgengi að um 20 km kafla í Hítará, eða svæðinu frá Tálma að Hítarvatni. Veiðifélag Hítarár hefur skoðað og sett fram hugmyndir um endurheimt farvegar Hítarár á þeim kafla sem fór undir skriðuna.

Tveir kostir eru taldir koma til greina til að endurheimta góð veiðisvæði og mikilvæg hrygningarsvæði í Hítará:

- Annars vegar að laga nýjan farveg Hítarár þar sem hún rennur í Tálma. Til þess þarf að grafa skurð meðfram skriðunni, leggja vegslóða meðfram lóninu og Tálma og koma fyrir laxastigum. Þessi kostur er dýr og felur í sér rask, t.d. vegna gerðar laxastiga.
- Hins vegar eru þær framkvæmdir sem veiðifélaginu hugnast betur, sem eru að opna fyrri farveg Hítarár með því að grafa um 1,9 km langan skurð í gegnum skriðuna og leggja vegslóða meðfram skurðinum. Áætlað efnismagn sem þarf að grafa er um 350.000 m³. Efni sem til fellur verður komið fyrir á bökkum árinna sitt hvoru megin. Mól verður sett í botn skurðarins til að þar geti orðið búsvæði fiska og lagðir verða vegslóðar sitt hvoru megin við nýja farveginn. Mögulegt magn framburðar er talið lítið og áhrifin tímabundin. Áhrif verða einkum þegar hleypt verður vatni á farveginn, en ráðgert er að opna hann í sumarlok þegar veiði er lokið og vaxtartími seiða liðinn.

Skipulagsstofnun úrskurðaði um framkvæmdina í desember 2019. Framkvæmdin er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er hún ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun setti fram skilmála sem skal uppfylla í framkvæmdaleyfi, og er minnst á þá helstu í niðurstöðu stofnunarinnar.

Breytingar frá gildandi stefnu

Í eldra skipulagi er umrætt svæði landbúnaðarsvæði og farvegur Hítarár sýndur eins og hann var fyrir berghlaupið.

Í endurskoðuðu skipulagi er mótuð stefna sem heimilar að farvegur Hítarár verði opnaður með því að grafa skurð í gegnum skriðuna. Landnotkun fyrir Hítará er sýnd sem vötn, ár og sjór, V201.

Stefna sem tekin er til mats

Bornir eru saman þrjár valkostir:

Valkostur A. Heimilt er að endurheimta árfarveg Hítarár þar sem hann lá í gegn um þá skriðu sem féll úr Fagradsfjalli. Heimilt er að grafa skurð í gegnum berghlaupið og endurheimta þannig rúmlega 7 km langan farveg árinna í gegnum berghlaupið og neðan þess. Áætlað efnismagn sem grafa þarf upp er allt að 350.000 m³ og verður því komið fyrir á bakka árinna.

Valkostur B. Nýr farvegur Hítarár þar sem hún rennur í ána Tálma verði lagaður. Grafinn verði skurður meðfram skriðunni, lagður vegslóði meðfram lóninu sem myndaðist og Tálma, og komið fyrir laxastigum.

Valkostur C. Hítará rennur áfram í Tálma og þaðan í sinn gamla farveg neðan skriðunnar. Áin er ekki fiskgeng á um 20 km kafla milli Tálma og Hítarvatns.



Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi?
Heilsa, vellíðan og öryggi	Hefur stefnan áhrif á öryggi fólks vegna náttúruvár, umferðaröryggis eða annarra áhrifaþátta? Hefur stefnan áhrif á mengun eða hávaða ?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?

Áhrif á umhverfisþætti - valkostur A, endurheimt farvegur Hítará

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Miklir veiðihagsmunir eru í húfi og þar með atvinnustarfsemi tengd laxveiði.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru óviss. Mögulega er hættu á olíumengun frá vinnuvélum á framkvæmdatíma. Óvíst er hversu stöðugt berghlaupið og hlíðin ofan þess er og hvort breytingar verða þar á eftir að grafið verður í gegnum það, eða hvort búast megi við að stöðugt hrynji úr bökkum þess.

Áhrif á gróður og dýralíf eru jákvæð/óviss. Áhrif á fiska og búsvæði þeirra eru jákvæð. Bæði opnast gönguleið fiska upp á efri svæði auk þess sem farvegur Hítará fær til baka fyrri búsvæði fyrir göngufiska. Framkvæmdir hafa minnst áhrif frá því hrygningu lýkur að hausti og fram til vors.

Óviss áhrif eru varðandi framburð fínna efnis í þeim hluta farvegarins sem verður grafinn upp og neðan hans. Ef tekst að halda fínefnum í lágmarki er ólíklegt að framkvæmdir hafi varanleg áhrif á lífríki árinna neðan framkvæmdasvæðis.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óviss. Áhrif framkvæmdar á vatnshlot og ástand vatns eru óviss, en ættu að vera til nánari skoðunar við veitingu framkvæmdaleyfis.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð því rask verður á landi við framkvæmdir. Berghlaupið telst til virkra ferla í landmótun og telst með merkjum jarðminjum landsins og hefur hátt verndar- og fræðslugildi. Áhrifin verða óafturkræf á þann hluta skriðunnar sem raskast við framkvæmdir.

Áhrif á ásýnd eru sömuleiðis neikvæð því skurður í gegnum skriðuna, vegslóðar meðfram ánni og frágangur efnis verður allt sýnilegt. Áhrifin eru þó aðallega staðbundin.

Áhrif á umhverfisþætti - valkostur B, núverandi farvegur lagaður

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Veiðihagsmunir og atvinnustarfsemi tengd veiði er til staðar þrátt fyrir breytingar á ánni.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru óviss. Mögulega er hættu á olíumengun frá vinnuvélum á framkvæmdatíma.

Áhrif á gróður og dýralíf eru jákvæð/neikvæð. Jákvæð áhrif verða af gerð laxastiga sem opnar leið fyrir fiska upp í Hítarvatn. Betri fiskganga getur bætt næringarkeðjuna í ánni og aukið líffræðilega virkni. Neikvæð áhrif eru því farvegur Tálma, þar sem Hítará rennur nú, er ekki líklegur til þess að verða gott búsvæði fyrir fiska vegna botngerðar, hitastigs vatnsins og uppruna vatnsins.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óviss. Áhrif framkvæmdar á vatnshlot og ástand vatns eru óviss, en ættu að vera til nánari skoðunar við veitingu framkvæmdaleyfis.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð/óviss því rask verður á landi við gerð vegslóða, laxastiga o.fl. Áhrifin eru einkum staðbundin. Óvíst er hvort hraun verði fyrir raski við framkvæmdir.

Áhrif á umhverfisþætti - valkostur C, ekkert gert

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Veiði er í Hítará og atvinnustarfsemi tengd veiði sem hefur aðlagð sig að náttúrulegri framvindu.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi er óveruleg.

Áhrif á gróður og dýralíf eru neikvæð. Fiskur gengur upp Hítará en neikvæð áhrif eru því hann gengur ekki jafn langt upp ána og hann gerði áður, búsvæði hafa tapast. Farvegur Tálma er ekki líklegur til að verða gott búsvæði fyrir fiska vegna botngerðar, hitastigs vatnsins og uppruna þess.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Engar framkvæmdir og því ekki áhrif á vatn.

Áhrif á land og landslag eru óveruleg. Náttúrulegir ferlar fá að þróast á eigin forsendum án aðkomu mannsins.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um endurheimt farveg Hítará

Valið er að setja valkost A fram í aðalskipulagstillögu með heimild til að endurheimta árfarveg Hítará þar sem hann lá í gegn um þá skriðu sem féll úr Fagradalsfjalli.

Um er að ræða umfangsmikla framkvæmd sem er án fordæma á Íslandi. Skipulagsstofnun úrskurðaði að vinna þurfi deiliskipulag vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Þá er framkvæmdin háð framkvæmdaleyfi. Í deiliskipulagi þarf skv. úrskurði Skipulagsstofnunar að útfæra skurð, vegslóða og landmótun ásamt því að tilgreina mótvægisaðgerðir. Í deiliskipulagi skal taka tillit til niðurstaðna á kornastærðarkúrfu skriðunnar. Samráð skal haft við Hafrannsóknastofnun um tímasetningu og tilhögun framkvæmda.

Áhrif á heilsu, vellíðan og öryggi eru óviss. Til að draga úr líkum á olíumengun skal skv. úrskurði Skipulagsstofnunar vinna aðgerðaáætlun vegna hættu á olíumengun og þarf hún að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi verður veitt.

Óviss áhrif eru varðandi framburð fínna efnis neðan skriðunnar. Fyrirhugað er að rannsaka nánar kornastærðarkúrfu skriðunnar áður en framkvæmdir hefjast. Út frá niðurstöðum verði hönnun skurðarins á þann veg að settar verða upp lygnur til að fella svifaur til botns.

Búast má við grjóthruni í brattari hluta skriðunnar en fyrirhugaður skurður er staðsettur neðarlega í skriðunni og nokkuð frá þar sem hún er bröttust. Úttekt á öryggi vettvangs ætti að liggja fyrir áður en framkvæmdir hefjast.

Áhrif framkvæmdarinnar á vatn og vatnshlot eru óviss, en ættu að vera til nánari skoðunar við veitingu framkvæmdaleyfis. Í almennum skilmálum aðalskipulags fyrir vatn (kafli 7.19 í greinargerð) segir að ef líkur eru á að framkvæmd hafi áhrif á vatn eða vatnshlot skuli í tengslum við hönnun/útfærslu framkvæmdarinnar vinna áhrifa-mat, í samræmi við lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011.

Töluvert rask verður á landi við framkvæmdir og hefur það neikvæð áhrif, þó áhrifin verði einkum staðbundin. Til að minnka neikvæð áhrif verður gengið frá efni og uppgreftri í samræmi við núverandi yfirborð berghlaupsins og á sem náttúrulegastan hátt.



Þrátt fyrir að framkvæmdir feli í sér varanlegt rask á skriðinni þá muni fræðslu- og verndargildi hennar ekki alfarið glatast þar sem rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda nær til um 5% af heildarflatarmáli skriðunnar. Tækifæri til að fylgjast með náttúrulegri framvindu í kjölfar þess að skriða féll og áin breytti um farveg glatast aftur á móti og munu fyrirhugaðar framkvæmdir að því leyti til hafa óafturkræf áhrif á fræðslugildi svæðisins með tilliti til möguleika á því að fylgjast með náttúrulegri framvindu vatnafars og lífríkis í kjölfar jarðfræðilegra atburða. Þau áhrif teljast þó ekki veruleg að mati Skipulagsstofnunar.

Áhrif valkostar B. Endurbætur á núverandi farvegi Hítárar eru dýr framkvæmd og valda nokkru raski á landi, bæði vegna lagningar vega og gerðar laxastiga. Þó þessi kostur yrði fyrir valinu þá er hann ekki metinn góður fyrir lífríki í ánni því aðstæður í Tálma bjóða ekki upp á það.

Áhrif valkostar C. Ef ekkert verður að gert og Hítará rennur áfram í Tálma þá er það ekki talinn jafn góður kostur og að endurheimta farveg Hítárar því aðstæður í Tálma eru ekki góðar fyrir lífríki og sem búsvæði fiska.

8.4.12 Vatnsaflsvirkjanir í Geitá og Hvítá

Hugmyndir eru um tvær nýjar vatnsaflsvirkjanir, aðra í Geitá og hina í Hvítá, en báðar hugmyndirnar ná að hluta til inn í friðland Geitlands. Sveitarfélagið var með til skoðunar að heimila virkjanirnar og voru þær hluti af vinnslutillögu og settar þar fram til að fá fram sjónarmið um þessar framkvæmdir. Auk þess var í vinnslutillögu umfjöllun um eldri virkjanahugmynd í Hvítá við Kljáfoss.

Við kynningu vinnslutillögunnar komu fram ábendingar um að virkjun Hvítár við Kljáfoss hefði verulega neikvæð áhrif fyrir bújörðina Þorgautsstaði 2. Með því að eiga við vatnshæð Hvítár þá yrðu fljótt verulega neikvæð áhrif á búskaparaðstæður á Hvítársíðu, þó áhrifin væru misjöfn milli jarða.

Umhverfisstofnun beindi því til sveitarfélagsins að setja ekki fram skipulagsáætlun sem rýri verndargildi friðlýstra svæða og hvatti sveitarfélagið til að skoða aðra kosti, ef ætlunin væri að vinna að markmiðum um jafnara aðgengi að orku umhverfis landið. Þar að auki myndi stofnunin ekki veita leyfi til framkvæmda sem rýri verndargildi friðlýstra svæða. Náttúrufræðistofnun benti á mikilvægi þess að meta umhverfisáhrif þessara virkjana því þær væru innan eða í jaðri friðlandsins Geitlands.

Eftir kynningu vinnslutillögu yfirfór Borgarbyggð innkomnar athugasemdir og aflaði frekari upplýsinga frá framkvæmdaaðila. Niðurstaða þeirrar yfirferðar er að ekki liggi fyrir nægilegar upplýsingar um virkjanirnar, tilhögun þeirra og möguleg umhverfisáhrif til að setja þær inn á aðalskipulag að sinni, og ef af því verður, þá verður gerð sérstök aðalskipulagsbreyting, sem byggir á fyllri upplýsingum.

8.4.13 Kaldármelar, ferðapjónusta og frístundabyggð

Í aðalskipulagstillögu eru sett fram áform um uppbyggingu ferðapjónustu á Kaldármelum. Stefnt er að byggingu hótels við hraunkant Barnaborgarhrauns ásamt útleiguhúsum (VÞ19). Þar sunnan við verði tjaldsvæði (AF6) og syðst í hraunkantinum og á svæði vestan Snæfellsnesvegur er gert ráð fyrir frístundabyggð (F127). Við aðkomuveg að hótelinu er gert ráð fyrir starfsmannaaðstöðu og verslun (VÞ18). Fyrirhugað er að byggja hótél fyrir 400 gesti í gistingu, vera með allt að 12 íbúðir fyrir starfsfólk og byggingarmagn allt að 9000 m². Í frístundabyggðinni (F127) þá er heimild fyrir 80 frístundalóðir miðað við að 25% svæðisins séu óbyggð og ekki fleiri en 3 lóðir á ha eins og segir í almennum skilmálum.

Sveitarfélagið styður við frístundabyggð, þar sem hún skapar atvinnu, eykur eftirspurn eftir þjónustu í nærumhverfinu og er hluti af því að veita gestum góða þjónustu. Hins vegar vill sveitarfélagið forðast að mjög stór svæði séu tekin frá í aðalskipulagi án þess að raunveruleg uppbygging eigi sér stað. Því er mótuð stefna um hámarksstærð einstakra áfanga og að uppbygging fari fram í áföngum. Þessi áfangaskipting liggur ekki fyrir vegna Kaldármela en



fyrir liggur að svæðið er yfir 50 ha sem er í ósamræmi við stefnu aðalskipulagsins um að ný frístundasvæði skuli ekki vera stærri en 25 ha innan hvernjar jarðar og uppbygging vera áfangaskipt. Fyrir liggur að í aðalskipulagi eru svæði fyrir rúmlega 6300 frístundahús en byggð hús eru í dag rúmlega 1500.

Á hluta svæða fyrir ferðapjónustu á Kaldármelum er að finna votlendi, hraun og birkikjarr sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd og skal forðast að raska því. Hluti svæðisins er við Barnaborgarhraun og taka skal tillit til þess. Í skilmálum fyrir svæðin er þessa getið. Votlendi er við tjörn við tjaldsvæðið og nyrst á svæði sem er ætlað fyrir hótél er votlendi. Birkikjarrið er mest í og við hraunbrún Barnaborgarhrauns. Vestan Snæfellsnesvegur er svæðið flokkað sem mikilvægt fuglasvæði skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar vegna votlendis og annarra svæða inn til landsins.

Meiri hluti þess svæðis sem breytingin nær til er samkvæmt kortlagningu á landbúnaðarlandi í flokki 1 Mjög gott ræktunarland. Það sjónarmið hefur komið fram frá landeiganda að jarðvegisdýpt sé lítil á ræktuðu landi á þessu svæði og þörf sé á stöðugri áburðargjöf til að því sé viðhaldið.

Breytingar frá gildandi stefnu

Bætt er við tveimur nýjum svæðum fyrir verslun og þjónustu (VP18 og VP19), tjaldsvæði (AF6) og þremur svæðum fyrir frístundabyggð (F127).

Stefna sem tekin er til mats

Ný svæði fyrir verslun og þjónustu á Kaldármelum, samtals 28,2 ha, tjaldsvæði 9,1 ha og svæði fyrir frístundabyggð 51.2 ha. Gisting fyrir 400 gesti á hóteli og í gestahúsum.

Bornir eru saman tveir valkostir um umfang frístundabyggðar en að öðru leyti eru valkostirnir eins og ná til allrar fyrirhugaðrar uppbyggingar og starfsemi.

Valkostur A. Frístundabyggð vestan Snæfellsnesvegur er samfelld.

Valkostur B. Við afmörkun frístundabyggðar vestan Snæfellsnesvegur er það svæði sem er flokkað sem gott ræktarland í flokki I ekki hluti frístundabyggðarinnar.

Matsspurningar og umhverfisþættir sem stefnan er líkleg til að hafa áhrif á:

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING
Samfélag	Veitir stefnan möguleika á svæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi? Styður stefnan við gott framboð þjónustu? Stuðlar stefnan að því að gott landbúnaðarland sé nýtt til matvælaframleiðslu? Er landbúnaðarlandi í flokki I ráðstafað með óafturkræfum hætti í önnur not?
Gróður og dýralíf	Hefur stefnan áhrif á vistgerðir, friðlýstar tegundir eða búsvæði sem njóta verndar eða eru mikilvæg? Stuðlar stefnan að endurheimt landgæða, aukningu þeirra og vernd jarðvegs?
Vatn, sjór og strönd	Hefur stefnan áhrif á ástand vatns, vistkerfi vatns og sjávar eða vatnsverndarsvæði?
Vernd	Hefur stefnan áhrif á vernduð svæði?
Land og landslag	Hefur stefnan áhrif á náttúrulegt landslag, menningarlandslag og ásýnd svæða? Hefur stefnan áhrif á þekktar jarðmyndanir?



Áhrif á umhverfisþætti

Áhrif á samfélag eru jákvæð og neikvæð með stefnu um nýja valkosti fyrir frístundabyggð og uppbyggingu ferðapjónustu. Neikvæð áhrif eru þar sem gott ræktarland í flokki 1 er tekið undir svæði fyrir verslun og þjónustu og frístundahús við hraunjaðar Barnaborgarhrauns. Mikið framboð er af svæðum fyrir frístundabyggð í Borgarbyggð sem ekki hafa verið byggð upp en þéttleiki frístundasvæða í nágrenni Kaldármela er þó ekki mikill.

Valkostur A gerir ráð fyrir frístundabyggð á mjög góðu ræktarlandi í flokki 1 sem hefur neikvæð áhrif.

Valkostur B tekur betur tillit til góðs ræktarlands í flokki 1 við afmörkun frístundabyggðar vestan Snæfellsnesvegjar.

Áhrif á gróður og dýralíf eru óveruleg. Settir eru skilmálar um að forðast skuli að raska birkikjarri og votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Áhrif á vatn, sjó og strönd eru óveruleg. Reiknað er með að gengið verði frá mannvirkjum, einkum fráveitu, á fullnægjandi hátt svo ekki sé hætt á mengun.

Áhrif á vernd eru óveruleg en í stefnu um frístundasvæði er tekið tillit til verndarsvæða, vistkerfa og jarðminja sem njóta verndar. Settir eru skilmálar um að forðast skuli að raska birkikjarri og votlendi sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd.

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Áformuð uppbygging er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á land og landslag þar sem yfirbragði og ásýnd svæðis sem í dag er með ræktuðum túnum og lítt snortnum hraunjaðri með birkikjarri verður raskað og verður gjörbreytt.

Niðurstaða umhverfisáhrifa af stefnu um Kaldármela

Áform um uppbyggingu ferðapjónustu og frístundabyggðar á Kaldármelum vekur upp spurningar um hvort eftirspurn er eftir nýju svæði af þessari stærð. Umfang uppbyggingar er umtalsvert. Neikvæð áhrif eru þar sem ræktarland í flokki 1 er tekið undir uppbyggingu. Valið er að setja valkost B fram í tillögunni sem dregur úr áhrifum á ræktarland í flokki 1. Áhrif á land og landslag eru metin neikvæð þar sem yfirbragð og ásýnd svæðis sem í dag er með ræktuðum túnum og lítt snortnum hraunjaðri með birkikjarri verður raskað og verður gjörbreytt.

Fyrir staðfestingu benti Skipulagsstofnun á að umfang uppbyggingar sem sett var inn eftir auglýsta tillögu væri það mikið að skoða þyrfti hvort bæri að endurauglýsa tillöguna áður en hún yrði tekin til endanlegrar afgreiðslu. Niðurstaða sveitarfélagsins, eftir samtal við Skipulagsstofnun var að minnka umfang heimilaðrar uppbyggingar þannig að heimild yrði fyrir 150 gistirúm og 3000m² heildarbyggingarmagn á VP19. Breytingin hefur ekki áhrif á niðurstöðu umhverfismats stefnu um Kaldármela.

9 SAMANTEKT OG NIÐURSTÖÐUR

9.1 Forsendur

Borgarbyggð ákvað að endurskoða aðalskipulag þar sem gildistími þess var liðinn og ýmsar breytingar hafa orðið á forsendum og nýjar áskoranir komið fram. Nýtt aðalskipulag hefur gildistímann 2025-2037.

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins var farið yfir stefnu í öllum landnotkunarflokkum með vinnuhópi sveitarfélagsins. Endurskoðuð stefna er sett fram í greinargerð og á skipulagsupprætti en mat á umhverfisáhrifum stefnunnar er sett fram í umhverfismatskýrslu sem fylgir skipulaginu. Lagt hefur verið mat á umhverfisáhrif af helstu



breytingum sem gerðar eru frá gildandi skipulagi og þar sem líkleg umhverfisáhrif eru metin neikvæð eru settar fram mótvægisáðgerðir og leitast við að draga úr neikvæðum áhrifum.

Í endurskoðuðu aðalskipulagi eru nokkrar breytingar á efnistöfum og framsetningu til samræmis við nýja laga-umgjörð og reglugerð. Um það leyti sem eldra skipulag tók gildi voru samþykkt ný skipulagslög nr.123/2010 og í kjölfarið gefin út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 m.s.br. Einnig eru komin ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Aðlögun stefnunnar að nýjum lögum og reglugerðum kallar á óverulega breytingu á stefnu og eru því ekki til umfjöllunar í umhverfismatsskýrslu. Dæmi um slíka breytingu er að tjaldsvæði voru áður opin svæði en eru nú afþreyingar- og ferðamannasvæði.

9.2 Nálgun og tengsl við aðrar áætlanir

Skilgreindir eru átta flokkar umhverfispáttá sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af breytingu á stefnu aðalskipulagsins, eða framkvæmdum sem stefnan heimilar. Áhrif á þá eru metin út frá viðmiðum sem meðal annars eru sótt í Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, viðmið sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiðum í annarri opinberri stefnu, lögum, reglugerðum eða alþjóðlegum skuldbindingum.

Almennt er stefna aðalskipulagsins í samræmi við þær stefnur, áætlanir, lög og reglugerðir sem taka þarf tillit til. Þó er ljóst að íbúðarbyggð vestan Borgarvogar, íbúðabyggð í dreifbýli á Ánastöðum og breyting á legu Uxahryggj-avegar raskar votlendi.

9.3 Niðurstaða matsvinnu

Metin eru heildaráhrif af stefnu aðalskipulagsins m.t.t. markmiða í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 (tafla 7). Sveitarfélagið metur að áhrif af stefnu aðalskipulagsins séu í heildina jákvæð og til þess fallin að styðja við einkunnarorð Borgarbyggðar sem eru „Lífið bíður þín í Borgarbyggð“.

TAFLA 7. Mat á heildaráhrifum stefnu aðalskipulagsins á umhverfisþætti.

MARKMIÐ LANDSSKIPULAGSSTEFNU	ÁHRIF	STEFNA Í AÐALSKIPULAGI
Vernd umhverfis og náttúru		
Heilnæmi umhverfis, verndun víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Áhersla á kolefnishlutleysi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.	+/-	Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um græn svæði, útivist, endurvinnslu og endurnýtingu í samræmi við hringrásarhagkerfið. Áhersla er á að við skipulag landnýtingar sé tekið tillit til landslags, að viðhalda víðernum og líffræðilegri fjölbreytni, nýting auðlinda sé sjálfbær. Stefna er sett um orkuskipti í samgöngum og bindingu kolefnis. Neikvæð áhrif verða vegna skerðingar á votlendi vestan Borgarvogar og í dreifbýli á Ánastöðum, með stefnu um íbúðarbyggð þar.
Velsæld samfélags		
Almenn velsæld í samfélagi og gæði í byggðu umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Áhersla á loftslagsaðlögun og seiglu samfélaga gagnvart loftslagsbreytingum.	+/-	Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um fjölbreyttar stærðir og gerðir íbúða fyrir alla, græn svæði og útivist. Áhersla er á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og að auka bindingu, orkuskipti í samgöngum, fjölbreytta ferðamáta og rafhleðslustöðvar. Aukin byggð í dreifbýli, bæði frístundabyggð og íbúðarbyggð getur gengið á náttúrulegt umhverfi, en stefna og skilmálar eru settir til að draga úr líkum á því.
Samkeppnishæft atvinnulíf		
Samkeppnishæfni samfélags, efling atvinnulífs, hagkvæm uppbygging innviða, sjálfbær nýting auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði.	+/-	Víða í stefnu skipulagsins er komið inn á þessa þætti. M.a. stefna um nýtingu landbúnaðarlands til matvælaframleiðslu, fjölbreytt og öflugt atvinnulíf, öflug innviði sem anni þörf og að nýting



Áhersla á kolefnishlutleysi með meiri bindingu gróðurhúsalofttegunda.		auðlinda sé í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun. Stuðlað er að verndun votlendis til áframhaldandi bindingar kolefnis ásamt stefnu um skógrækt sem einnig stuðlar að bindingu. Neikvæð áhrif verða vegna skerðingar votlendis vegna nýrrar íbúðarbyggðar vestan Borgarvogar og í dreifbýli á Ánastöðum.
---	--	---

Í töflu 8 er samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu sem var tekin til mats. Í töflunni sýnir grænn litur jákvæð áhrif, rauður neikvæð áhrif, hvítur óveruleg áhrif og blár óviss áhrif.

TAFLA 8. Samantekt á umhverfisáhrifum þeirrar stefnu aðalskipulags sem er tekin til mats.

SAMANTEKT MATS	SAM-FÉLAG	HEILSA, VELLÍÐA N OG ÖRYGGI	GRÓÐUR OG DÝRALÍF	VATN, SJÓR OG STRÖND	VERND	MENN-INGAR-MINJAR	LAND OG LANDS-LAG	LOFTS-LAG
Stefna um loftslagsmál								
Stefna um landbúnaðarsvæði								
Ný íbúðarbyggð vestan Borgarvogar								
Stefna um hverfisvernd								
Stefna um skógrækt								
Stefna um efnistöku								
Breytingar á Uxahryggjavegi								
Stefna um verslunar- og þjónustusvæði								
Stefna um íbúðarbyggð í dreifbýli								
Stefna um frístundabyggð								
Endurheimt farvegar Hítarár								
Vatnsaflsvirkjanir í Geitá og Hvítá	Breyting felld út úr tillögu							
Kaldármelar, ferðaþjónusta og frístundabyggð								

Þó heildaráhrif af stefnu aðalskipulagsins séu metin jákvæð þá eru áhrifin engu að síður líka neikvæð í einhverjum tilfellum.

Áhrif af stefnu um loftslagsmál og nýja íbúðabyggð í Borgarvogi og í dreifbýli á Ánastöðum geta orðið neikvæð vegna mögulegra áhrifa á votlendi og leirur. Til að minnka líkur á neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar um að við deiliskipulag svæðisins í Borgarvogi skuli leitast við að halda í græn svæði og votlendi innan um og saman við byggðina. Ef þarf má mögulega nýta blágrænar ofanvatnslausnir til að viðhalda votlendinu. Byggð næst Borgarvogi skal vera á eini hæð og getur byggðin hækkað til vesturs. Frárennsli frá byggð valdi ekki mengun í Borgarvogi og að við gerð deiliskipulags skuli samhliða gerðar áætlanir um endurheimt votlendis til að koma til móts við þá röskun á votlendi sem þarna verður. Fyrir íbúðabyggð í dreifbýli á Ánastöðum eru settir skilmálar um að staðsetning lóða og byggingarreita skuli vera þannig að sem minnst röskun verði á votlendi og að jarðraski skuli haldið í lágmarki.



Áhrif af stefnu um skógrækt geta orðið neikvæð því landbúnaðarland getur verið tekið undir skógrækt og skógur getur byrgt sýn til fjalla, fossa eða annarra náttúrufyrirbæra. Til að sporna gegn þessu þá heimilar stefnan ekki að besta ræktunarlandið sé tekið undir skógrækt og skilmálar eru um að skógrækt byrgi ekki sýn frá ferðaleiðum til fossa, fjalla eða annarra áhugaverðra náttúrufyrirbæra.

Áhrif af stefnu um efnistöku geta orðið neikvæð á gróður og búsvæði. Til að minnka líkurnar eru settir skilmálar um að lágmarka skuli áhrif efnistöku á landslag, lífríki, náttúru og minjar og forðast að taka efni á svæðum sem hafa sérstakt verndargildi. Efnistaka breytir landi og ásýnd svæða varanlega og hefur það neikvæð áhrif. Sett er stefna um að efnistökusvæði séu þannig staðsett að þau hafi ekki áhrif á sérstæðar jarðmyndanir eða víðerni.

Áhrif af stefnu um breytta legu Uxahryggjavegar eru neikvæð að því leiti að vegurinn skerðir votlendi og búsvæði fugla ásamt minjum. Til að draga úr neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar um að endurheimta skuli jafn stórt votlendi og raskast og að við endanlega hönnun vegarins skuli eftir því sem hægt er tekið tillit til þekktra minja.

Áhrif af stefnu um verslunar- og þjónustusvæði eru óveruleg eða jákvæð.

Áhrif af stefnu um íbúðarbyggð í dreifbýli er líkleg til að vera jákvæð á samfélag með því að gefa kost á búsetu í dreifbýli í byggð sem er í samræmi við dreifbýlisyfirbragð. Stefna um ný íbúðarsvæði í dreifbýli getur einnig styrkt byggð, en neikvæð áhrif eru greind af nýju íbúðarsvæði á Ánastöðum á votlendi sem fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, möguleg neikvæð áhrif eru á dýralíf á svæði sem er mikilvægt fuglasvæði og neikvæð áhrif á landslag sem einkennist af graslendum sléttum þar sem er víðsýnt.

Áhrif af stefnu um frístundabyggð eru metin jákvæð á samfélag. Með stefnu og skilmálum um að uppbygging frístundabyggðar taki til til umhverfisins þá eru áhrif á aðra umhverfisþætti metin óveruleg.


Talið er að með því að endurheimta fyrri farveg Hítarár, þar sem hann liggur undir framhlaupi úr Fagradalsfjalli, þá sé hægt að endurheimta veiðistaði og hrygningarsvæði fiska í ánni. Áhrif af því eru metin jákvæð en hins vegar þá verður mikið rask á landi við framkvæmdina og hefur það neikvæð áhrif.

Áhrif af uppbyggingu á Kaldármelum eru neikvæð á ásýnd og á þá þætti sem njóta verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Til að draga úr neikvæðum áhrifum eru settir skilmálar um að í deiliskipulagi skuli útfæra mannvirki þannig að þau falli vel að landi og taki tillit til votlendis, hrauns og góðs ræktunarlands. Ekki skal raska stærra svæði en nauðsyn krefur.



Borgarbyggð

Takmarkanir vegna vindorku I



- Skýringar
- | | | |
|----------------------------|----------------------------------|--------------------------------|
| --- Sveitarfélagamörk | Landhalli yfir 30% | Vatnsból og grannsvæði |
| — 300 m h.y.s. | Friðlýst svæði | Mýrar-Löngufjörur |
| Jöklar | Óbyggð víðerni ofan 300 m h.y.s. | Strandsvæði |
| — 250 m fjarlægð frá vegum | Stofnvegur/stofnbraut | 100 m fjarlægð frá loftlínunum |
| — 1 km fjarlægð frá byggð | Tengivegur/tengibraut | |




Borgarbyggð
Takmarkanir vegna Vindorku I

Verk: 102399 Blaðstærð: A3 Unnið: GAL
Rýnt: HB

Mælikvarði: Dags: Breytt dags:
1:330.000 06.06.2025

Borgarbyggð

Takmarkanir vegna vindorku II



Skýringar
■ Svæði með takmörkunum
- - - Sveitarfélagamörk



Borgarbyggð
Takmarkanir vegna Vindorku II

Verk: 102399 Blaðstærð: A3 Unnið: GAL
Rýnt: HB

Mælikvarði: 1 Dags: Breytt dags:
1:330.000 06.06.2025